ÞORLEIFUR EINARSSON

Heldur upp á lopapeysu frá ömmu sinni

tíska heimili

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

BÍLAR

Tengist Mustangnum tilfinningaböndum

sérblað um bíla

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

SJÓNLIST 2008

Íslensku sjónlistarverðlaunin í þriðja sinn

sérblað um listahátíðina Sjónlist á Akureyri

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. september 2008 — 254. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

Fjárfestar forðast krónuna

Gengi krónunnar hefur fallið um 32 prósent frá áramótum, þar af 4,3 prósent í vikunni. Forsætisráðherra segir krónuna styrkjast þegar um hægist. Teikn um verulegan samdrátt í einkaneyslu landsmanna.

EFNAHAGSMÁL Fjárfestar halda sig nú frá áhættusamri mynt eins og íslensku krónunni. Gengi krónunnar féll um tæp fjögur prósent þegar verst lét í gær, en fallið gekk að hluta til baka þegar leið á daginn.

Krónan hefur nú fallið um 32 prósent frá áramótum, þar af um 4,3 prósent í vikunni. Sérfræðingar sem rætt var við í gær segja þróunina ráðast af ytri aðstæðum fremur en innlendum. Því muni gengi krónunnar ekki jafna sig fyrr en skilyrði á erlendum mörkuðum batni, og aðgengi að erlendu lánsfé ekki aukast fyrr en á næsta ári.

„Þær hamfarir sem nú skekja efnahagskerfi heimsins og alþjóðlega fjármálamarkaði hafa valdið miklum sveiflum á gjaldeyrismörkuðum og gengi hlutabréfa um allan heim," segir Geir H. Haarde forsætisráðherra.

„Íslenska krónan er ekki ónæm fyrir þessum hræringum frekar en aðrar hávaxtamyntir. Áhrifin af falli þriggja stærstu fjárfestingabanka heims að undanförnu segja hvarvetna til sín og hafa víða haft meiri afleiðingar í för með sér en hér á landi," segir Geir. „Ég tel hins vegar að jafnvægisgengi krónunnar til lengri tíma sé mun sterkara en gengi dagsins gefur til kynna og að krónan muni styrkjast þegar um hægist."

Skýrar vísbendingar eru um verulegan samdrátt í einkaneyslu landsmanna. Samkvæmt útreikningum greiningardeildar Landsbankans var heildarvelta íslenskra greiðslukorta í ágúst 61,8 milljarðar króna. Það er nítján prósenta samdráttur frá ágúst í fyrra, sé verðbólgan tekin með í reikninginn.

„Við túlkum þetta þannig að það séu allar líkur á því að einkaneysla dragist áfram saman á þriðja ársfjórðungi," segir Kristrún Tinna Gunnarsdóttir, hagfræðingur á greiningardeild Landsbankans.

Vanskil einstaklinga hafa einnig aukist. Það sem af er árinu hafa vanskil verið jafn mikil og allt árið í fyrra. Um 16.400 einstaklingar voru á vanskilaskrá í lok ágúst, sem er aukning um 615 frá áramótum. Fólki á vanskilaskrá hafði fækkað jafnt og þétt þar til í ár.

- bih, bj, ghs, jab / sjá síður 6 og 8

Konur eru konum bestar

Fyrsti hópur kvenna úr Brautargengi útskrifaðist fyrir tíu árum.

TÍMAMÓT 28

Sjón leikur engil

Skáldið Sjón fer með hlutverk engils í jólaleikriti Útvarpsleikhússins.

FÓLK 50

Rótari heldur starfinu

Rótarar lögðu Bufffeðga í úrslitaleik Popppunkts. Hótanir um brottvísun úr starfi reyndust innihaldslausar.

FÓLK 50

Keflvíkingar óstöðvandi

Guðmundur Steinarsson skoraði í sínum áttunda deildarleik í röð þegar Keflavík vann Breiðablik.

ÍÞRÓTTIR 46

VEÐRIÐ Í DAG



BJART EYSTRA Í dag verða suðvestanáttir, 10-18 m/s. Bjart veður austan til en skúrir norðvestan til, annars yfirleitt skýjað og úrkomulítið. Hiti 10-18 stig.

VEÐUR 4

Á BESSASTÖÐUM Forseti Úganda, Yoweri Kaguta Museveni, átti fund með Ólafi Ragnari Grímssyni forseta á Bessastöðum í gær. Úgandaforseti er hingað kominn til þess að kynna sér jarðhita, upplýsingatækni og fiskvinnslu. Sjá síðu 6 FRÉTTABLAÐIÐ ANTON

Framámenn í Framsókn:

Kosið um ESB í síðasta lagi í vor

EVRÓPUMÁL Efna verður til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður að Evrópusambandinu í síðasta lagi í maí 2009. Þetta kemur fram í grein í Fréttablaðinu í dag eftir þrjá framámenn í Framsóknarflokknum, þau Birki Jón Jónsson alþingismann, Sæunni Stefánsdóttur, ritara flokksins, og Pál Magnússon, fyrrverandi varaþingmann.

Greinarhöfundar segja að í því efnahagsástandi og alþjóðlega viðskiptaumhverfi sem Ísland býr nú við sé nauðsynlegt að fá skorið úr því sem fyrst hvort þjóðin sé reiðubúin að láta hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið.

Aðeins þannig verði fenginn sá lýðræðislegi grundvöllur sem íslenskt samfélag þarf að byggja á til framtíðar. Ef aðildarviðræður yrðu samþykktar fengist úr því skorið hvaða markmiðum og ávinningi Ísland gæti náð með aðild að Evrópusambandinu. Ef aðildarviðræður yrðu felldar væri hægt að einhenda sér í þróa íslenskt samfélag út frá þeirri stöðu sem þá við blasir.

- bs / sjá síðu 26

Opið til 21 Kringlan

Tilboð starfsmanna Enex til Geysis Green Energy rennur út á morgun:

Forstjóra Enex vísað á dyr fyrir viku

VIÐSKIPTI „Það kom ósk frá stjórninni um að ég kæmi ekki á skrifstofuna. Geysir Green er þarna í meirihluta," segir Lárus Elíasson, forstjóri jarðhitafyrirtækisins Enex.

Þetta var fyrir rúmri viku, þegar starfsmenn Enex gerðu Geysi Green Energy (GGE) tilboð í 73 prósenta hlut þess í fyrirtækinu. Tilboðið gildir til morguns.

Ásgeir Margeirsson, stjórnarformaður Enex og framkvæmdastjóri GGE, segir efni tilboðsins vera trúnaðarmál.

Eigendur og starfsmenn munu hafa rætt um að Enex verði skipt upp og starfsemi félagsins í Kína og Bandaríkjunum fylgi GGE í skiptum fyrir hlutinn.

„Það er ekki eins og við höfum leitað til fjárfesta um að bola eiganda út. Þetta er tilraun starfsmanna til að leysa ágreining eigenda," segir Lárus. Lausnir séu í samræmi við tillögur sem áður hafi komið fram.

Starfsmenn Enex hafa verið mjög óánægðir með samskipti eigendanna, REI og GGE. Þeir hótuðu í lok ágúst að ganga út, leystu eigendur ekki úr sínum málum.

- ikh



MYLLAN
HEIMILIS BRAUÐ
Veldu ekta Myllu Heimilisbrauð
- brauðið sem allir á heimilinu velja

SPURNING DAGSINS

Halldór, á að fara að lyfta sér upp?

„Já, það verður þarna fullt af fólki til að tjakka mig upp."

Halldór Jónsson vörubílstjóri er nefndur Dóri tjakkur meðal kollega sinna. Sérstakt Trukkakvöld Dóra tjakks verður haldið á Players á laugardaginn.

BJARNI SÆMUNDSSON Leiðangurinn tók fimmtán daga. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hafrannsóknastofnunin:

Lífríki Dreka-svæðis skoðað

VÍSINDI **Hafrannsóknastofnunin hefur lokið rannsóknarleiðangri á norðurhluta Drekasvæðisins svokallaða þar sem olíuleit er áætluð á næstunni. Var lífríkið á hafsbotni svæðisins rannsakað. Sýnataka gekk vel og voru engar frátafir vegna veðurs.**

Safnað var upplýsingum um botndýralíf á áttatíu stöðvum og áhersla lögð á að safna sýnum í sem fjölbreyttustu landslagi og á mismunandi dýpi. Sýnum var safnað þar sem grunur lék á að gæti verið um hugsanlegt gasútstreymi að ræða. Með þessum hætti var vonast til að fá eins heildstæðar upplýsingar um lífríki botnsins og mögulegt var.

Á næstu mánuðum verður unnið úr sýnum í rannsóknastöð Hafrannsóknastofnunar í Sandgerði. Fyrstu niðurstaðna er ekki að vænta fyrr en á næsta ári. - shá

ÞÝSKALAND

Merkel enn vinsælust

Angela Merkel, kanslari Þýskalands og leiðtogi kristilegra demókrata, hefur enn mikla forystu í skoðanakönnunum. Um 47 prósent segjast myndu kjósa hana, en aðeins 28 prósent myndu kjósa Frank-Walter Steinmeier, leiðtoga sósíaldemókrata og kanslaraefni þeirra í næstu kosningum, sem haldnar verða á næsta ári.

Átök milli Vítisengla og annarrar kynslóðar innflytjendaklíkna í Danmörku:

Kúlunum rigndi á Norðurbrú

DANMÖRK Átök milli Vítisengla og annarar kynslóðar innflytjendaklíkna í Danmörku héldu áfram á þriðjudagsnótt. Byssukúlum rigndi á Jægersborggade á Norðurbrú, götu sem margir meðlimir Vítisengla búa við. Enginn slasaðist í átökunum, en fyrir höfðu tugir manna særst og í hið minnsta einn látist af sárum sínum í deilunum.

Þær hafa staðið síðan um miðjan ágúst. Hafa gengin meðal annars notast við vélbyssur og handsprengjur til að útkljá deiluefni sín, sem eru talin snúast að töluverðu leyti um yfirráð í fíkniefnaheimi landsins.

MYRTUR Átökin hófust þegar hinn nítján ára gamli Osman Nuri Dogan var skotinn niður í Tingbjerg, úthverfi Kaupmannahafnar. MYND/TEITUR

Politiken sagði frá því í gær að yfirmenn leikskóla á Norðurbrú, þar sem mestu átökin hafa orðið, væru hættir að fara í venjubundna göngutúra um hverfið með börnin.

Ove Dahl, yfirmaður í morðdeild dönsku ríkislögreglunnar, segir í viðtali við sama dagblað að Vítisenglarnir séu greinilega rólegri aðilinn í átökunum sem stendur. „Orðatiltækið segir að tvo þurfi til að dansa tangó. Í augnablikinu eru það eingöngu innflytjendaklíkurnar sem sjá um dansinn," segir Ove Dahl. „Ég vona að friður sé kominn á núna, en ég vonaði það líka í síðustu viku. Það rættist ekki," bætir hann við. - kg

Fjármálakreppan vestanhafs:

Markaðshrun

VIÐSKIPTI **Dow Jones hlutabréfavísitalan hélt áfram að falla í gær, en hún hefur nú fallið um sex prósent frá því á mánudag. Vísitalan hefur ekki verið lægri í tvö ár.**

Mest lækkuðu hlutabréf fjármálafyrirtækja og banka, en bréf í Morgan Stanley og Goldman Sachs, einu stóru fjárfestingarbankanna sem enn eru starfandi sem sjálfstæð fyrirtæki, féllu sýnu mest. Morgan Stanley féllu um 39 prósent og Goldman Sachs um 25 prósent. Þessar lækkanir eru taldar til marks um að markaðir telji ákvörðun Seðlabanka Bandaríkjanna um að bjarga tryggingarisanum AIG hafi ekki dugað til að endurreisa tiltrú og traust á mörkuðum. - msh

Flæktist í bauju og hefur ekki sést síðan

Enginn veit hvað orðið hefur af einni andarnefjunni af þeim fjórum sem haldið hafa til á Pollinum. Síðast sást hún í fyrradag en þá var hún flækt í bauju. Hvort tveggja var horfið þegar rannsóknarmenn komu að í gær.

DÝRALÍF „Enn vitum við ekkert um afdrif fjórðu andarnefjunnar," sagði Patrick Miller, doktor við Saint Andrews-háskóla, en Fréttablaðið hafði samband við hann þar sem hann var í rannsóknarleiðangri á Pollinum í gær til að rannsaka andarnefjurnar sem þar halda til.

Í fyrradag sást til einnar þeirra þar sem hún var flækt í bauju en þegar Patrick heyrði af því var orðið dimmt og hvasst. „Veðrið hafði ekki lægt í morgun svo við komumst ekki út fyrr en eftir hádegi en þá var bæði baujan og andarnefjan horfin. En við erum búin að sjá hinar andarnefjurnar þrjár." Áfram verður haldið að svipast um eftir þeirri fjórðu.

Patrick er annar umsjónarmaður námskeiðs í sjávarspendýrafræði sem kennt er við fræða- og rannsóknasetur Háskóla Íslands (HÍ) á Húsavík. Námskeiðið er haldið í samvinnu HÍ og Saint Andrews-háskóla í Skotlandi.

„Ég hef aldrei séð andarnefjur halda til á svona miklu grunnsævi," segir Patrick. „Hugsanlega eru þær að elta æti inn á svæðið en vitað er til þess að andarnefjur hafi nærst á síld og öðrum slíkum fisktegundum þó venjulega nærist þær á smokkfisk. Það er því hugsanlegt að þær hafi elt fisk hingað inn. Eins er mögulegt að þær séu hér í vari vegna háhyrninga sem eru jú allt í kringum landið. Það er ekki langt síðan það sást til þeirra hér á nálægum slóðum. En af hegðun þeirra að dæma virðast þær vera við góða heilsu svo það lítur ekki út fyrir að þær séu í vanda staddar."

PATRICK OG RANNSÓKNARHÓPURINN Hópurinn var við rannsóknir á Pollinum í gær. Patrick stendur hér fremstur í stafni. MYND/HEIDA.IS

JÓHANN HEIÐAR SIGTRYGGSSON

POLLURINN Fjórar andarnefjur hafa að undanförnu gert sig heimakomnar á Pollinum. Óttast er um eina þeirra.

Eins og venjulega fylgdist fjöldi fólks með andarnefjunum á Pollinum í gær. Þeirra á meðal var Jóhann Heiðar Sigtryggsson. „Þetta er afar tilkomumikið að sjá þær enda eru hérna um þrjátíu bílar með fólki sem er að fylgjast með," sagði hann.

„Ég er nú alinn hér upp og var oft að leik við fjöruna og man vel eftir því að hvalir hafi komið hér inn en að þeir hafi staldrað svona lengi við og brugðið svona á leik, það er algjör nýlunda." Aðspurður hvort hvarf fjórðu andarnefjunnar fengi á Akureyringa sagði hann: „nei, nei, svona er nú lífríkið."

jse@frettabladid.is

LJÓNIÐ Í KIRKJUNNI Beið hið rólegasta meðan fellibylurinn Ike gekk yfir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hrakningar í fárviðri:

Leitaði skjóls í kirkju með ljón

BANDARÍKIN, AP Hópur íbúa á Bolivar-skaga í Bandaríkjunum lét sér ekki bregða þegar fullvaxta ljón kom ásamt eiganda sínum í kirkju, þar sem fólkið hafði leitað skjóls undan fellibylnum Ike um síðustu helgi.

Vel var tekið á móti þessum hröktu félögum, fólkið hjálpaði ljóninu að vaða inn í kirkjuna og lokaði það afsíðis meðan stormurinn reið yfir. Vatnið reis alveg upp að mitti en ljónið hélt ró sinni allan tímann.

„Þegar maður þarf að synda, þá missir ljónið allan áhuga á að éta menn," sagði eigandinn, Michael Ray Kujawa. - gb

Lést í bílslysi

Maðurinn sem lést eftir að hafa ekið fram af klettabrún við Siglufjarðarveg í fyrradag hét Junya Nakano. Hann var 39 ára gamall búsettur í Amsturdam 8 í Mosfellsbæ. - kdk

Hrottalegt ofbeldi foreldris á þremur börnum sínum til rannsóknar:

Kastaði hnífum í barn sitt

BARNAVERNDARMÁL Rannsókn stendur yfir á máli þriggja barna á grunnskólaaldri á höfuðborgarsvæðinu sem sætt hafa alvarlegu ofbeldi af öðru foreldri sínu. Meðal annars gerði foreldrið sér að leik að kasta hnífum að einu barnanna og voru áverkar á líkama þess. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 og Vísis í gær.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, staðfesti við Fréttablaðið í gær að málið væri til meðferðar og rannsóknar í því sveitarfélagi sem börnin eru búsett. Enn væri það ekki komið á borð Barnaverndarstofu.

Samkvæmt heimildum fréttastofu Stöðvar 2 er þetta eitt alvarlegasta mál sem hefur komið upp í bæjarfélaginu. Af tillitssemi við börnin sem hlut eiga að máli og í ljósi þess hve alvarlegt og viðkvæmt málið er verður sveitarfélagið sem þau búa í ekki nafngreint en það er á höfuðborgarsvæðinu. Börnin hafa öll verið fjarlægð af heimili sínu.

Í fréttatímanum kom einnig fram að mál barna sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi koma til kasta Barnahúss en úrræði skortir fyrir börn sem verða fyrir ofbeldi af öðrum toga. - kdk

BARNAHÚS Eftir því sem fram kom í fréttum Stöðvar 2 koma mál barna sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi til kasta Barnahúss en úrræði skortir fyrir börn sem verða fyrir ofbeldi af öðrum toga. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Opið til 21

Mán til mið 10–18.30, **fim** 10–21, **fös** 10–19, **lau** 10–18, **sun** 13–18 Sími 517 9000 www.kringlan.is

Kringlan

GENGIÐ 17.09.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	92,34	92,78
Sterlingspund	164,81	165,61
Evra	131,13	131,87
Dönsk króna	17,571	17,673
Norsk króna	15,85	15,944
Sænsk króna	13,66	13,74
Japanskt jen	0,8725	0,8777
SDR	143	143,86

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
172,7131
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Gengi hlutabréfa í DeCode lekur í lægsta gildi nær hvern einasta dag:

Fallið um 87 prósent á árinu

VIÐSKIPTI Gengi hlutabréfa í deCode, móðurfélagi Íslenskrar erfðagreiningar féll um sextán prósent í gær og endaði í lægsta gildi frá upphafi, 42 sentum á hlut. Það hefur fallið um 87 prósent á árinu, þar af um heil fimmtíu prósent í þessari viku einni.

Gengi bréfa í líftæknifyrirtækinu fór á átján dali á hlut í frumútboði fyrir skráningu þess á Nasdaq-markaðinn í júlí fyrir átta árum. Á fyrsta viðskiptadegi fór það í rúman 31 dal á hlut áður en það tók að gefa eftir. Dæmi eru um að gengi bréfa í félaginu hafi farið á rúma 60 dali á hlut á gráa markaðnum svokallaða áður en blásið var til frumútboðsins.

Gengið hefur sveiflast talsvert síðan þá, fór allt niður í rúma 1,6 dali á hlut árið 2002 áður en það reis á ný og fór hæst í tæpa þrettán dali tveimur árum síðar.

Síðastliðin tvö ár hefur verulega hallað á bátinn og fór það lægst í 42 sent á hlut eins og fyrr sagði í gær. Innan þess tíma hefur það sveiflast verulega, um rúm 100 prósent, líkt og tilhneiging er hjá félögum sem flokkast undir aurabréf á bandarískum hlutabréfamarkaði. Miðað við gengi deCode í gær nam markaðsverðmæti félagsins 25,6 milljónum dala, jafnvirði rúmra 2,4 milljarða íslenskra króna. - jab

KÁRI STEFÁNSSON Markaðsverðmæti DeCode nam um 2,8 milljörðum íslenskra króna um kvöldmatarleytið í gær. Það hefur fallið um 87 prósent á rúmum níu mánuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Launagreiðslur bankanna:

Voru 112 milljarðar árið 2007

VINNUMARKAÐUR Heildarlaunagreiðslur stóru viðskiptabankanna þriggja, Glitnis, Kaupþings og Landsbankans, námu samtals 112 milljörðum króna á síðasta ári. Tæplega helmingur fjárhæðarinnar, 54 milljarðar króna, fóru til starfsfólks bankanna á Íslandi.

Þetta kemur fram í skýrslu gjaldmiðilsnefndar Framsóknarflokksins.

Jafnframt segir að á árunum 1998-2005 hækkuðu meðal atvinnutekjur í fjármálageiranum um tæp 65 prósent að raungildi. Er það rúmlega tvöfalt það sem atvinnutekjur almennt hækkuðu að meðaltali. - bþs

Stjórnarslit í Úkraínu:

Samstarfið entist í níu mánuði

ÚKRAÍNA, AP Stjórnarslit urðu í Úkraínu í gær og er reiknað með erfiðum stjórnarmyndunarviðræðum eða jafnvel nýjum kosningum.

JÚLÍA TÍMOSJENKO

Stjórnarsamstarf flokkanna tveggja, sem báðir vilja að Úkraína tengist Vesturlöndum nánari böndum frekar en að falla í faðm Rússa, entist ekki nema í níu mánuði.

Innbyrðis átök og allt að því persónuleg óvild flokksleiðtoganna, þeirra Viktors Jústsjenko forseta og Júlíu Tímosjenko forsætisráðherra, urðu stjórninni að falli. - gb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Vatnstjón á Suðurnesjum

Nokkurt vatnstjón varð í geymslu í húsi við Smáratún í Reykjanesbæ þar sem niðurföll höfðu ekki undan rigningarvatni sem flæddi inn í húsið. Slökkvilið Brunavarna Suðurnesja aðstoðaði við að losa frá niðurföllum og dæla vatni úr geymslunni.

Vöruflutningabifreið valt

Vöruflutningabifreið fór út af og valt í Fossfirði skammt frá Bíldudal í gærmorgun. Ökumanninn sakaði ekki.

Þakplötur fjúka á Suðureyri

Lögreglan á Vestfjörðum fékk tilkynningu í fyrrinótt um að járnplötur væru að fjúka af þaki íbúðarhúss á Suðureyri. Björgunarsveitarmenn festu plöturnar.

LEIÐRÉTTING

Mynd sem birtist í gær af mislægum gatnamótum var gerð af Hönnun og er í eigu Vegagerðarinnar.

Hagnaður að engu þrátt fyrir hækkanir

Hagnaður Íslandspósts af einkaleyfisrekstri hefur nánast orðið að engu á þremur árum þrátt fyrir hækkanir upp á tugi prósenta á sama tímabili. Forstjóri vill ekki svara því hverju þetta sætir og hafnar því að ræða rekstur fyrirtækisins.

SAMGÖNGUMÁL Hagnaður Íslandspósts af bréfapósti sem varinn er einkarétti hefur lækkað úr tæpum 300 milljónum árið 2004 niður í ellefu milljónir í fyrra, þrátt fyrir að gjaldskrár hafi verið hækkaðar umfram kostnað á tímabilinu. Gjaldskrá fjölpósts, þar sem fyrirtækið er í harðri samkeppni við einkaaðila, hefur ekki hækkað neitt þrátt fyrir að dreifing bréfa og fjölpósts byggi á sama dreifikerfi. Forstjóri vill ekki ræða rekstur fyrirtækisins eða skýra einstaka þætti hans.

Íslandspóstur, sem er hlutafélag í ríkiseigu, hefur hækkað gjaldskrá á bréfum í einkarétti um 56 prósent síðan í apríl 2005. Einkarétturinn hefur hækkað töluvert umfram allar kostnaðarhækkanir á tímabilinu en hagnaðurinn af þessum hluta rekstursins hefur samt minnkað, farið úr tæpum 300 milljónum króna árið 2004 niður í ellefu milljónir í fyrra. Tekjur Íslandspósts af einkarétti árið 2004 var um 2,1 milljarður króna en voru 2,6 milljarðar í fyrra. Tekjurnar hafa því hækkað um 577 milljónir á tímabilinu en gjöld um 850 milljónir króna. Sem hlutfall af tekjum hefur hagnaður fyrirtækis lækkað úr 13,3 prósentum árið 2004 í 0,4 prósent í fyrra.

Aðspurður vill Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandspósts, ekki skýra ástæður þess að hagnaðurinn af einkarétti hefur minnkað eins mikið og raun ber vitni þrátt fyrir hækkanir til að mæta kostnaði. Hann segir allar hækkanir á gjaldskrá bréfa í einkarétti hafa verið samþykktar af Póst- og fjarskiptastofnun, eins og lög gera ráð fyrir, eftir ítarlegan rökstuðning fyrirtækisins.

PÓSTBURÐUR Tekjur Íslandspósts af einkaleyfisrekstri hafa verið 2,2 til 2,6 milljarðar á ári frá 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

INGIMUNDUR SIGURPÁLSSON

Rökstuðningur fyrirtækisins, sem birtist í erindum til Póst- og fjarskiptastofnunar, er ólga á vinnumarkaði, almennar kostnaðarhækkanir og fjármögnun framkvæmda við ný pósthús á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu.

Hvað gjaldskrár fyrirtækisins af fjölpósti varðar segist hann ekki geta rætt við blaðamann Fréttablaðsins. „Ég svara ekki samkeppnisaðilum um hvernig við rökstyðjum okkar samkeppnisgjaldskrár. [Pósthúsið sem sér um dreifingu á Fréttablaðinu er í eigu 365 miðla. innsk. blaðamanns].“

Ingimundur segist þó efast um að verð á fjölpósti sé óbreytt frá árinu 2004; um sé að ræða grunngjaldskrá yfir fjölpóst sem segi ekki nema hálfa söguna. Verð byggi á samningum við einstaka viðskiptavini að hluta.

svavar@frettabladid.is

Útbreiðsla íshafsíssins:

Ekki nýtt met bráðnunar í ár

UMHVERFISMÁL Ísbreiðan á Norður-Íshafi hefur nú náð hámarks-sumarsamdrætti sínum í ár án þess að slá það met hámarkssamdráttar sem sett var í fyrra. Þetta kemur fram í gögnum bandarísku Ís- og snjógagnastofnunarinnar (NSIDC) í Colorado, sem fylgst hefur með útbreiðslu íssins á norðurskauti með hjálp gervihnatta allt frá árinu 1972.

Þann 12. september 2007 mældist flatarmál ísbreiðunnar 4,1 milljón ferkílómetrar, en í ár fór hún niður í 4,5 milljón ferkílómetra áður en hún fór að stækka á ný samfara kólnun haustsins. Fréttavefur BBC hefur eftir Walt Meier hjá NSIDC að þessar niðurstöður sýni samt að ísbreiðan haldi áfram að minnka. - aa

Miðstjórn Frjálslynda flokksins:

Vilja Kristin úr embætti

STJÓRNMÁL Miðstjórn Frjálslynda flokksins hefur skorað á þingflokk flokksins að gera Jón Magnússon þingmann að þingflokksformanni í stað Kristins H. Gunnarssonar, núverandi þingflokksformanns.

KRISTINN H. GUNNARSSON

„Verkaskiptingin er mál þingflokksins, ekki miðstjórnarinnar,“ sagði Kristinn í gær. Hann segir vegið að Guðjóni Arnari Kristjánssyni, formanni flokksins, með áskoruninni. Um sé að ræða hluta af tilraun til að grafa skipulega undan formanninum.

Ekki náðist í Guðjón Arnar við vinnslu fréttarinnar í gær. - bj

TILBOÐ DAGSINS
Ýsa í raspi
890kr/kg
Hafið Fiskiprinsinn
hefur einnig opnað að
Reykjarvíkurvegi 68, Hafnarfirði
HAFIÐ FISKIPRINSINN
Þú getur alltaf treyst á prinsinn
Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi • s: 554 7200
Reykjavíkurvegi 68 • 220 Hafnarfirði • s: 5557220
www.hafid.is

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson Veðurfræðingur

HORFUR UM HELGINA
Í grófum dráttum má segja að fremur stífar suðvestlægar áttir verði um helgina. Mikil rigning sunnan til og vestan á laugardag en úrkomulítið austast. Á sunnudag verða víða skúrir, síst þó norðaustan og austan til. Þannig að Austurlandið verður í besta veðrinu þessa helgina.



HEIMURINN

Kaupmannahöfn	15°
Billund	16°
Ósló	12°
Stokkhólmur	10°
Gautaborg	14°
London	19°
París	16°
Frankfurt	16°
Friedrichshafen	19°
Berlín	15°
Alicante	29°
Mallorca	30°
Basel	20°
Eindhoven	17°
Las Palmas	27°
New York	23°
Orlando	29°
San Francisco	16°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

SÍÐASTI DAGURINN

OPIÐ FRÁ KL. 14 TIL 23 Í KVÖLD!

80% AF ÖLLU!

80% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HÚSGÖGNUM

80% AFSLÁTTUR AF LJÓSUM

80% AFSLÁTTUR AF GJAFAVÖRUM

80% AFSLÁTTUR AF BÚSÁHÖLDUM

OPIÐ TIL 23:00 Í KVÖLD

EGG FLYTUR
OPNUM Á NÝJUM STAÐ INNAN TÍÐAR

SMÁRATORGI

EGG Smáratorgi Sími 525 3400

KJÖRKASSINN

Óttast þú að einn eða fleiri íslenskur banki verði gjaldþrota í efnahagskreppunni sem nú stendur yfir?

Já	47,8%
Nei	52,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ert þú sátt(ur) við sameiningu fréttastofa Ríkisútvarpsins?

Segðu þína skoðun á visir.is

Forseti Úganda í opinberri heimsókn á Íslandi:

Kynnir sér nýtingu jarðhita

ALÞJÓÐASAMSKIPTI Fyrir tveimur árum ræddu þeir saman í síma um nýtingu jarðhita, forsetarnir Yoweri Kaguta Musaveni í Úganda og Ólafur Ragnar Grímsson á Íslandi. Nú er Musaveni kominn hingað til lands til að kynna sér möguleikana á þessu sviði og hvernig Íslendingar hafa nýtt sér þá.

Þeir hittust á Bessastöðum í gærmorgun og að því búnu héldu þeir til Nesjavalla, þar sem Museveni var leiddur í allan sannleikann um nýtingu jarðhita hér á landi.

Á blaðamannafundi á Bessastöðum sagði Museveni að jarðhitinn verði einkum notaður til orkuframleiðslu í Úganda en síður til að hita

FORSETI ÚGANDA Yoweri Kaguta Museveni hitti forseta Íslands í gær og fóru þeir saman til Nesjavalla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

hús eins og gert er hér á landi, þótt kuldinn í fjallahéruðum landsins geti reyndar orðið töluverður.

„Við eigum okkar Ísland þar uppi líka," sagði hann.

Hann sagði það reyndar hafa komið sér skemmtilega á óvart, þegar Ólafur Ragnar sagði honum að Íslendingar hafi getað notfært sér hveravatnið í lækningaskyni, en ekki aðeins til að hita hús eða framleiða rafmagn: „Um þetta höfðu menn talað lengi í Úganda, en við nútímafólk höfum afgreitt þetta sem hindurvitni."

Í dag hittir Museveni Geir H. Haarde forsætisráðherra og kynnir sér einnig bæði upplýsingatækni og fiskvinnslu. Museveni heldur af landi brott í fyrramálið. - gb

Mesta hrun frá 1988:

Mörkuðum lokað í Rússlandi

VIÐSKIPTI Hlutabréfamörkuðum var lokað á hádegi í Rússlandi í gær, miðvikudag. Stjórnvöld hafa ekki gefið upp hvenær þeir opni aftur. Á mánudag var mörkuðum einnig lokað klukkutíma fyrr, eftir hrun.

Ákvörðunin kemur í kjölfar mesta hruns á rússneskum hlutabréfamarkaði síðan rúblan hrundi 1998. Stjórnvöld segja ástæðu hrunsins vera ókyrrð á alþjóðlegum mörkuðum, en alþjóðlegir fjárfestar tóku þó að flytja peninga frá Rússlandi í ágúst í kjölfar innrásar Rússa í Georgíu og vaxandi óvissu um öryggi erlendra fjárfestinga í landinu. - msh

Kauphöllin sektar Nýsi:

Erfiðleikar ræddir í fjölmiðlum

VIÐSKIPTI „Umræðan um þetta mál hófst í fjölmiðlum, en samkvæmt okkar reglum á að tilkynna þetta hjá okkur," segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar.

Ákveðið hefur verið að sekta Nýsi um eina og hálfa milljón króna. Málið tengist upplýsingum um að Nýsir hefði ekki greitt af bréfum sem skráð eru í Kauphöllina. Þær komu fram í fréttum um miðjan júní, en tilkynning barst Kauphöll 18. sama mánaðar.

Markaðurinn, viðskiptablað Fréttablaðsins, greindi frá greiðslufresti Nýsis á afborgunum og fjárhagslegri endurskiplagningu viku áður en tilkynning barst Kauphöllinni. - ikh

SHAUL MOFAZ OG TZIPI LIVNI Samkvæmt útgönguspám hafði Livni betur. NORDICPHOTOS/AFP

Kadimaflokkurinn í Ísrael:

Livni lýsti yfir sigri í gærkvöld

ÍSRAEL, AP **Tzipi Livni, utanríkisráðherra Ísrael, lýsti yfir sigri í gærkvöld eftir leiðtogakosningu í Kadima, stjórnarflokki Ísrael. Hún keppti við Shaul Mofaz varnarmálaráðherra en Ehud Olmert forsætisráðherra neyðist til að segja af sér vegna spillingarmála.**

Ekki var búist við úrslitum fyrr en eftir miðnætti en samkvæmt útgönguspám í ísraelskum fjölmiðlum sigraði Livni með nokkrum yfirburðum. - gb

Íslensk heimili eyða fimmtungi minna

Kortavelta Íslendinga í ágúst dróst saman um nítján prósent á föstu verðlagi samanborið við ágúst í fyrra. Skýrt merki um samdrátt í eyðslu íslenskra heimila. Vanskil hafa aukist, og eru svipuð það sem af er ári og allt árið í fyrra.

EFNAHAGSMÁL Heildarvelta íslenskra kredit- og debetkorta í ágúst nam um 61,8 milljörðum króna, sem er nítján prósenta samdráttur frá ágústmánuði í fyrra, þegar verðbólgan er tekin með í reikninginn.

Þetta kemur fram í útreikningum greiningardeildar Landsbankans, sem byggja á upplýsingum frá Seðlabanka Íslands.

„Þetta er fyrsta vísbendingin sem við fáum um einkaneysluna í ágúst, og er í takt við það sem við sáum í tölunum fyrir júlí," segir Kristrún Tinna Gunnarsdóttir, hagfræðingur á greiningardeild Landsbankans.

„Við túlkum þetta þannig að það séu allar líkur á því að einkaneysla sé áfram að dragast saman á þriðja ársfjórðungi," segir Kristrún.

Athygli vekur að samdráttur á debetkortaveltu frá ágúst í fyrra til ágúst í ár er 28,8 prósent, á föstu verðlagi. Samdráttur á kreditkortaveltu á sama tíma er hins vegar aðeins 3,3 prósent. Landsmenn virðast því halda áfram að snúa sér í auknum mæli að kreditkortum á kostnað debetkortanna.

Í ágúst var veltan á íslenskum kreditkortum um 28,6 milljarðar króna, samanborið við 27,2 milljarða í júlí. Aukningin er um 5,3 prósent, en þar er ekki tekið tillit til verðbólgu.

Í ágúst var veltan á debetkortum landsmanna hins vegar 33,2 milljarðar, samanborið við 34,4 milljarða í júlí. Dregið hefur úr veltu á debetkortum um 3,3 prósent milli mánaða.

„Þetta gæti gerist annars vegar vegna þess að fólk hefur minni fjárráð, en hins vegar vegna þess að vextir eru svo háir að það borgar sig að gera þetta svona," segir Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans. Þar vísar hún til þess að það geti borgað sig að leggja launin inn á reikning í mánuð og borga svo kortareikninginn, eða að nota kreditkort frekar en yfirdráttarheimild.

Kristrún bendir þó á að þetta sé áframhald á þeirri þróun sem verið hafi undanfarin ár, landsmenn hafi stöðugt verið að auka notkun á kreditkortum á kostnað debetkortanna. brjann@frettabladid.is ghs@frettabladid.is

KEYPT Í MATINN Samdráttur á kortaveltu er góður mælikvarði á eyðslu heimilanna, að mati greiningardeildar Landsbankans, enda hlutfallslega lítið reiðufé notað í verslunum hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

VANSKIL EINSTAKLINGA FARA VAXANDI

Einstaklingum á vanskilaskrá hefur fjölgað nokkuð hratt á þessu ári, eða um samtals 615 frá áramótum, miðað við fjölda á skrá í lok ágúst, þegar um 16.400 voru á vanskilaskrá.

Vanskil það sem af er ári eru svipuð og allt árið í fyrra, þó eftir séu fjórir mánuðir af árinu. Ómar Berg Torfason, sérfræðingur hjá Creditinfo, segir að fólki á vanskilaskrá hafi fækkað jafnt og þétt undanfarin ár, þar til nú.

„Við finnum fyrir því að róðurinn er að þyngjast hjá fólki. Það er ekkert óeðlilegt miðað við stöðuna í dag. Það er alltaf erfiðara og erfiðara að ná endum saman og fólk hefur skuldsett sig mikið," segir Ásta S. Helgadóttir, forstöðumaður Ráðgjafastofu, um fjármál heimilanna.

Ráðgjafastofan finnur fyrir aukinni aðsókn og hefur mætt eftirspurninni með því að ráða fimmta ráðgjafann til starfa.

HARÐVIÐARVAL
- þegar þú kaupir parket!
Eikarparket
Kr. 4.990,- m²
FRÍTT! undirlag og gólflistar
Krókhálsi 4 • Sími 567 1010 • wwwparket.is

SIEMENS
Tæki færi
í september
Tækifærisbæklingurinn kominn út. Skoðið tilboðin á heimasíðu Smith & Norland: www.sminor.is
ATARNA
SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Gjafmildur japanskur skólabróðir Geirs Haarde:

Háskóli Íslands fær 278 milljóna sjóð

STYRKUR Stofnaður verður nýr styrktarjóður við Háskóla Íslands í dag. Stofnframlag sjóðsins er þrjár milljónir Bandaríkjadala eða um 278 milljónir íslenskra króna. Féð gefur Toshizo Watanabe, fyrrverandi skólabróðir Geirs H. Haarde forsætisráðherra.

Sjóðnum er ætlað að styrkja nema til skiptináms í Japan og á Íslandi og stuðla að skiptum á vísindamönnum og aukinni velvild milli landanna.

Watanabe nam við Brandeis-háskólann í Massachusetts í Bandaríkjunum sem skiptinemi. Síðar varð hann stjórnarformaður, forstjóri og eigandi Nikken-fyrirtækisins sem hefur höfuðstöðvar í Bandaríkjunum. Watanabe kynntist Íslandi á námsárum sínum í Bandaríkjunum í gegnum Geir. - kdk

SKIPTINÁM MILLI JAPANS OG ÍSLANDS Watanabe-sjóðnum er ætlað að auka velvild milli Japans og Íslands. Geir Haarde verður viðstaddur athöfnina í dag. FRÉTTALBLAÐIÐ/VILHELM

BRIMNES Öflugasta skipið í flota Brims hf. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Brimnes kemur úr mettúr:

Aflaverðmæti 185 milljónir

SJÁVARÚTVEGUR **Flaggskip Brims hf., Brimnes RE 27, kom til hafnar í Reykjavík í gær með metafla. Aflaverðmæti túrsins er 185 milljónir króna. Alls var aflinn upp úr sjó 1225 tonn og stóð veiðiferðin yfir í 37 daga. Það jafngildir 30 tonna veiði á sólarhring án þess að tekið sé tillit til siglinga á miðin og heim.**

Af þessu tilefni var áhöfn skipsins færð málverk, blómvöndur og terta. Skipstjóri í veiðiferðinni var Páll Rúnarsson. - shá

SNYRTIDAGAR

SNYRTIVÖRUR Á TILBOÐSVERÐI Í VERSLUNUM SMÁRALINDAR 18.-21. SEPT.

Bodyshop – Kynning á Mineral Make-up, nýjum farða sem er eingöngu unninn úr náttúruefnum. Ný haustfarðalína og ókeypis kynningarförðun, fim-lau.

Byggt og búið – Fríar snoðklippingar, góð tilboð á hártækjum.

Debenhams – Clinique ráðgjafar kynna nýjustu straumana. Veglegur kaupauki. Spennandi kynning á Sensai farðanum frá Kanebo. Fagleg ráðgjöf og kaupaukar.

Hagkaup – Kynning á Trend naglalínu, létt handsnyrting, fim. Kynning á Artdeco naglalakki, létt handsnyrting, lau.

Hygea – Gréta Boða býður upp á förðun með nýju haustlitunum frá Chanel. Aðstoð við val á farða og maskara frá Helena Rubinstein. Kynning á gæðavörum frá La prairie ásamt haustlitum og nýju undrakremi undir farða frá YSL.

Lyfja – Kynning á John Frieda hárvörum, fim16-18. Kynning á Levante sokkabuxum, fös 16-18. John Frieda hárvörukynning og sýnikennsla, lau 13-16. Make Up artistar frá Emm School of make up veita fría ráðgjöf og Maybelline förðun, lau 13-16.

Make up store – Kynningarafsláttur af spa- og hárlínu. Gjöf fylgir ef verslað er fyrir 5.000 kr. Heppnir viðskiptavinir geta unnið hóp- og einkakennslu.

Supernova – Sýnikennsla í Airbrush-tækni, tilboð á Bed Head, hár- og snyrtivörum. Ráðgjöf um hárumhirðu, lau 13-18.

Snyrtiakademían í Vetrargarðinum
Nemendur Snyrtiakademíunnar kynna skólana og bjóða gestum og gangandi upp á stuttar meðferðir, lau-sun 13-18.

Verslanir opnar:
mán-mið 11-19, **fim 11-21**
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

ENNEMM / SÍA / NM35483

VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvað heitir fréttastjóri sameinaðra fréttastofa visir.is og Stöðvar 2?*
2. *Hvað heitir rúmenska liðið sem sigraði Roma í Meistaradeildinni í fyrrakvöld?*
3. *Af hvaða ljóðskáldi hefur borgarstjórn Reykjavíkur ákveðið að láta gera styttu?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

Rafvæðing ökutækja í brennidepli alþjóðlegu ráðstefnunnar Driving Sustainability:

Ofur-rafmótorhjól til Íslands

TÆKNI Heimsins kraftmesta rafmagnsmótorhjól, Killacycle frá Colorado í Bandaríkjunum, verður til sýnis á ráðstefnunni Driving Sustainability ´08 sem fram fer á Hótel Nordica í dag og á morgun.

Hönnuður Killacycle-hjólsins og eigandi, Bill Dubé verður með kynningu á tækninni að baki þessu einstaka farartæki, sem sett hefur hvert hraða- og spyrnumetið á fætur öðru á síðustu árum. Í desember síðastliðnum fór það kvartmíluna í fyrsta sinn á undir átta sekúndum, en það er langbesti spyrnutími sem rafdrifið farartæki hefur nokkru sinni náð.

Auk þessa ofurmótorhjóls verða

RAFKRAFTUR Killacycle í „burnout" fyrir spyrnu í Woodburn í Oregon í lok ágúst. LJÓSMYND/KILLACYCLE.COM

öllu hversdagslegri en þó nýstárleg farartæki til sýnis og til umfjöllunar á ráðstefnunni, svo sem rafmagnsvespur og rafreiðhjól. Sú þróun sem orðið hefur í rafhlöðutækni á síðustu árum hefur nú gert rafdrif í svo léttum farartækjum að mjög hagnýtum og hagkvæmum kosti til að komast mengunar- en þó áreynslulaust milli staða innanbæjar.

Þetta er í annað sinn sem alþjóðlega ráðstefnan Driving Sustainability er haldin, en rafvæðing ökutækja, stórra sem smárra, er í brennidepli dagskrár hennar í ár.

Meðal annarra dagskrárliða má nefna kynningu á „i MiEV"-rafbílnum frá Mitsubishi og á tilraun til að fljúga umhverfis hnöttinn á sólarrafdrifinni flugvél. **- aa**

Átta frá Alþingi í Rússlandi:

Ræða við rússneska pólitíkusa

ALÞINGI Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis, og Hallgerður Gunnarsdóttir, eiginkona hans, héldu í gær í opinbera heimsókn til Rússlands í boði forseta Dúmunnar.

Með í för eru þingmennirnir Ásta R. Jóhannesdóttir, Bjarni Benediktsson, Katrín Jakobsdóttir, Guðni Ágústsson og Guðjón Arnar Kristjánsson auk Helga Bernódussonar, skrifstofustjóra Alþingis, og Jörundar Kristjánssonar starfsmanns þess. Í heimsókninni verður rætt við forseta rússneska þingsins, aðstoðarutanríkisráðherra og formenn þingnefnda, sem og fulltrúa íslenskra fyrirtækja sem hafa starfsemi í Rússlandi. **- bþs**

Gat kom á spanofn:

Sprenging á Grundartanga

LÖGREGLUMÁL Engan sakaði þegar sprenging varð í Járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga um klukkan hálf tíu í gærmorgun. Gat kom á spanofn í verksmiðjunni svo fljótandi málmur slettist á kælileiðslur við ofninn. Við það varð sprenging og kviknaði eldur í kjölfar hennar.

Að sögn lögreglunnar gekk mjög vel að rýma verksmiðjuna en slökkvilið, sjúkraflutningamenn og lögreglumenn frá Borgarnesi og Akranesi voru strax sendir á staðinn.

Greiðlega gekk að slökkva eldinn og var slökkvistörfum lokið skömmu upp úr klukkan tíu. Töluverðar skemmdir urðu á ofninum og þar í kring. Rannsókn stendur yfir. - ovd

LÖGREGLUFRÉTTIR

Þak á útihúsi að fjúka

Björgunarsveitarmenn frá Dalvík voru í gærmorgun kallaðir að Litlu-Hámundarstöðum þar sem þak og þakplötur voru tekin að losna í veðurhamnum. Mönnunum tóks að festa þakið og koma í veg fyrir að það fyki.

Járnplötur á loft

Björgunarsveitarmenn frá Árskógsströnd fóru snemma í gærmorgun í útkall á Hauganes þar sem járnplötur í stafla voru farnar að fjúka um. Mönnunum tókst að fergja plöturnar.

Bátur losnar á Skagaströnd

Lögreglan á Blönduósi fékk tilkynningu um klukkan hálf fjögur í fyrrinótt að bátur væri að losna í höfninni á Skagaströnd. Starfsmönnum hafnarinnar var gert viðvart og tókst þeim að festa bátinn aftur.

Krónan aldrei lægri

Fjárfestar sjá lítinn hag í kaupum á krónum og snúa við henni baki. Krónan fellur fram af hengiflugi við erfiðar aðstæður á alþjóðlegum lánsfjármörkuðum.

EFNAHAGSMÁL „Fjárfestar halda sig nú frá áhættusömum myntum. Íslenska krónan er í þeim flokki," segir Þorbjörn Atli Sveinsson, sérfræðingur hjá greiningardeild Kaupþings.

Gengi íslensku krónunnar féll um tæp fjögur prósent þegar verst lét í gær. Fallið gekk lítillega til baka og stóð gengisvísitalan í 176 stigum í dagslok. Krónan hefur nú fallið um 32 prósent frá áramótum, þar af um 4,3 prósent í vikunni. Fallið er þyngra í krónu en á öðrum hávaxtamyntum.

Þorbjörn segir við þetta bætast að eftir litlu sé að slægjast með kaupum á íslenskum krónum. Vaxtamunurinn á gjaldmiðlaskiptamarkaði, sem haldið hafi uppi genginu framan af árinu, sé nú orðinn lítill, í kringum tvö prósent þrátt fyrir háa stýrivexti og sjái fjárfestar sér því eflaust minni hag en áður í kaupum á krónum. „Því virðist stöðunni nú svipa til þess sem var í lok mars," segir hann.

Á þeim tíma stóð gengisvísitalan fast við 160 stigin og brást Seðlabanki Íslands við með hækkun stýrivaxta upp á 1,25 prósent á aukaákvörðunardegi auk annarra aðgerða. Hálfum mánuði síðar hækkaði bankinn vextina á ný um 50 punkta og fóru þeir við það í 15,5 prósent.

Líkt og í gær hefur gengi krónu sveiflast mikið innan dags og þykir ólíklegt að Seðlabankinn grundvalli ákvörðun stýrivaxta við slíkar skammtímasveiflur. Fremur megi reikna með að Seðlabankinn horfi til gengisþróunar til lengri tíma líkt og í vor.

Samhliða mikilli veikingu krónunnar nú hafa erlendir gjaldmiðlar, svo sem evra og norrænu myntirnar, aldrei verið dýrari í krónum talið. Evran stóð í 133,7 krónum í lok gærdagsins og danska krónan í tæpum átján krónum. Bandaríkjadalur, sem kostaði 94,6 krónur í gær, hefur ekki verið dýrari síðan í apríl fyrir sex árum en eftirspurn eftir Bandaríkjadölum á alþjóðlegum lánsfjármörkuðum upp á síðkastið hefur ýtt mjög undir hækkun hans síðustu vikur.

Viðmælendur Markaðarins segja þróun krónunnar ráðast af ytri aðstæðum fremur en innlendum. Krónan muni ekki jafna sig að ráði fyrr en skilyrði á erlendum mörkuðum batni og því megi reikna með að aðgengi að erlendu lánsfé aukist ekki fyrr en á næsta ári.

Til marks um stöðuna er að svo mikill skortur varð á erlendum gjaldeyri í Noregi að lokað var fyrir gjaldeyrisviðskipti á millibankamarkaði þar í fyrradag. Norski seðlabankinn greip strax til aðgerða og jók aðgengi að Bandaríkjadölum til þess að gera bönkum kleift að stunda hefðbundin viðskipti. **jonab@markadurinn.is**

Erum komin að sársaukamörkum

EDDA RÓS

„Þetta er orðið verulega óþægilegt. Við erum komin að sársaukamörkum," segir Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans.

Hún bendir á að gengi krónu sé mjög veikt í sögulegu samhengi. Það muni hins vegar leiðrétta sig til lengri tíma litið, en ekki endilega í gegnum nafngengið.

Mikilvægt sé að gengisþróun síðustu daga leiði ekki til hærra verðlags, því að það dragi úr líkunum á því að veiking krónunnar gangi til baka. „Því meiri verðbólga, því minni líkur á að krónan gangi til baka. Auðvitað vonar maður að gengið rétti sig af, fremur en að verðbólgan æði áfram," segir hún.

GENGISÞRÓUN FRÁ ÁRAMÓTUM



KRÓNAN OG AÐRAR MYNTIR

Gjaldmiðill	Síðast í sama gildi
Bandaríkjadalur	Í apríl 2002
Evra*	aldrei dýrari
Dönsk króna	aldrei dýrari
Norsk króna	aldrei dýrari
Sænsk króna	aldrei dýrari
Japanskt jen	aldrei dýrara

* Evran var innleidd 1. janúar 1999

Ameríska dagar

Nauta prime rib
úr kjötborði
TILBOÐ **2.498**kr/kg
Verð áður 3.198

Nauta entrecote
Nautasteikur í úrvali á ameríska dögum.
TILBOÐ **1.998**kr/kg
Verð áður 3.498



Nauta ribeye
úr kjötborði
TILBOÐ **2.398**kr/kg
Verð áður 3.398

Nauta porterhouse steik
úr kjötborði
TILBOÐ **2.598**kr/kg
Verð áður 3.475

Ozzo Bucco
úr kjötborði
TILBOÐ **799**kr/kg
Verð áður 968

Nauta t-bone steik
úr kjötborði
TILBOÐ **2.498**kr/kg
Verð áður 3.298

Snyder´s snakk
Amerískt snakk sem er nú loksins fáanlegt á Íslandi.

Ben & Jerry's
- ekta amerísk ísblanda

TILBOÐ **359**kr/kg.
Verð áður 579.-

Vínber
– ný uppskera frá Ameríku

Pringles
– með beikonbragði

Chicago Town pönnu pizzur
– 2 tegundir

TILBOÐ **599**kr/pk.
Verð áður 820.-

Coke 4 í pk.
– Coke 2 L 4 flöskur saman

TILBOÐ **99**kr
Verð áður 159

Skreyttir kleinuhringir
– nýbakað

Gildir til 21. september eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

netto

...gaman saman!

ALLT Í EINUM PAKKA!

DÓRU MÖFFINS-MIX
359 kr/pk.

34% afsláttur

ÓTRÚLEGA SVALANDI

TRÖNUBERJASAFI 1l
OCEAN SPRAY
197 kr/stk.
~~298~~ kr/stk.

FRUIT PASSION ÁVAXTASAFI
APPELSÍNU OG TROPICAL
199 kr/stk.

TILBOÐIN GILDA 18. - 21. SEPTEMBER

Verið velkomin í Nettó
Mjódd - Salavegi - Akureyri - Höfn - Grindavík

www.markhonnun.is

Sextán manns lágu í valnum eftir sprengjuárásir á sendiráð í Jemen:

Vandlega skipulagðar árásir

JEMEN, AP Sprengjuárásir voru gerðar á bandaríska sendiráðið í Jemen í gær. Árásirnar virðast hafa verið vandlega skipulagðar. Fimm sprengjur voru sprengdar og síðan sátu leyniskyttur fyrir jemenskum hjálparstarfsmönnum sem fyrstir komu á vettvang eftir að sprengjurnar sprungu.

Enginn bandarískur starfsmaður sendiráðsins slasaðist, en einn jemenskur öryggisvörður við sendiráðið lést, auk þess sem fjórir jemenskir hermenn og fimm aðrir vegfarendur létu lífið.

Einnig létust árásarmennirnir, sem voru sex talsins. Sumir þeirra voru klæddir í jemenska hermannabúninga.

FYRIR UTAN SENDIRÁÐIÐ Árásin er sögð bera öll merki þess að Al-Kaída hafi verið að verki. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Þessi árás minnir okkur á þá viðvarandi ógn sem okkur stafar af öfgasinnuðum ofbeldismönnum bæði heima og erlendis," sagði Gordon Johndroe, talsmaður Bush Bandaríkjaforseta.

Sean McCormack, talsmaður bandarískra utanríkisráðuneytisins, sagði árásina bera öll merki þess, að Al Kaída hafi verið að verki. Hann sagði árásarmönnunum þó ekki hafa tekist að rjúfa veggi sendiráðsins.

Á síðustu árum hefur fjórum sinnum verið gerð árás á þetta sendiráð, en mannfall hefur aldrei verið jafn mikið og í þetta skiptið.

- gb

Skýrsla Framsóknar sögð gott framtak

Þingmenn úr öllum flokkum segja gjaldmiðilsskýrslu Framsóknarflokksins gott innlegg í umræðuna. Niðurstöðurnar koma ekki á óvart. Viðskiptaráðherra vonar að hún vísi framsóknarmönnum veginn í átt að umsókn að ESB.

STJÓRNMÁL „Þetta er ágætis innlegg í umræðuna og fínt hjá Framsóknarflokknum að leggja í þessa vinnu," segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra um gjaldeyrisskýrslu Framsóknarflokksins. „Niðurstöðurnar undirstrika þá skoðun okkar Samfylkingarmanna að í raun eru aðeins tvær leiðir færar; styrkt króna eða evra með aðild að Evrópusambandinu." Björgvin kveðst vona að í framhaldi skýrslunnar móti Framsóknarflokkurinn sér skarpa stefnu í Evrópumálunum því ekki sæki Samfylkingin ein um Evrópusambandsaðild. Til þess þurfi breiða pólitíska samstöðu. „Ef þetta verður Framsókn vegvísir að þeirri stefnu að sækja um aðild þá er það gott," segir hann.

Illugi Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir skýrsluna jákvæða en sjálfar niðurstöðurnar koma honum ekki á óvart. Hann segist sammála því að samhæfa þurfi betur ríkisfjármál og stefnu Seðlabankans, slíkt hljóti að verða skoðað í þeirri fræðilegu úttekt á peningamálastefnunni sem forsætisráðherra hafi boðað. Þá komi til dæmis fram hve stór gjaldeyrisvaraforðinn þurfi að vera. „Seðlabankinn og peningamálastjórnin eru grundvallaratriði í hagstjórn en í þessu er ekki einhver einn stór sannleikur eða endanleg lausn."

Jón Bjarnason, þingmaður VG, segir jákvætt að Framsóknarflokkurinn skuli fjalla um málin og telur heiðarlegt af honum að viðurkenna hlut sinn „í þeim gríðarlegu hagstjórnarmistökum sem gerð voru í ríkisstjórnarsamstarfinu langa við Sjálfstæðisflokkinn" eins og hann orðar það. Jón segir á hinn bóginn alvarlegt – og undirstriki ábyrgðarleysi Framsóknarflokksins – að hann skuli tala krónuna niður og daðra við Evrópusambandið. „Við búum við krónuna og þetta botnlausa evrutal dregur athyglina frá raunveruleikanum sem við er að fást," segir Jón.

Kristinn H. Gunnarsson, þingflokksformaður Frjálslynda flokksins, segir gott hjá Framsóknarflokknum að gera skýrsluna. „Svona eiga stjórnmálaflokkar að vinna," segir hann og kveðst sammála þeirri niðurstöðu að kostirnir séu tveir; króna eða evra. Sjálfur sé hann þeirrar skoðunar að halda beri krónunni, Íslendingar þurfi hvort eð er að vinna sig sjálfir út úr vandanum og áframhaldandi forræði yfir peningamálunum sé mikilvægt. Fórnarkostnaðurinn við evru sé meiri en ávinningurinn.

bjorn@frettabladid.is

SEÐLABANKI ÍSLANDS Skýrsla gjaldmiðilsnefndar Framsóknarflokksins beinir á ný kastljósinu að stjórn peningamála. Þingmenn allra flokka fagna skýrslunni og telja hana ágætt innlegg í umræður um efnahagsmál. FRÉTTABLAÐ/HEIÐA

BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

ILLUGI GUNNARSSON

JÓN BJARNASON

KRISTINN H. GUNNARSSON

Skemmdir á höfuðborgarsvæðinu af völdum óveðurs sem gekk yfir í fyrrinótt:

Trén rifnuðu upp með rótum

VEÐUR „Við sáum þetta ekki fyrr en í morgun," segir Sandra Sveinsdóttir Nielsen, íbúi í Furugerði í Reykjavík, um tvö reynitré sem féllu í garðinum við hús hennar í óveðrinu sem gekk yfir landið í fyrrinótt.

Hún segir mikið áfall að sjá stór og falleg tré fara með þessum hætti. Það sé þó mikil mildi að trén féllu inn í garðinn en ekki út á götu eða á bíla nágranna þeirra.

Hún segir tryggingar ekki bæta tjónið. „Þannig að þessi fallegu tré eru ekki metin til fjár en við eigum þá allavega nóg í arininn í vetur," segir Sandra.

Nokkuð sá á gróðri á höfuðborgarsvæðinu eftir veðrið í fyrrinótt. Mest var um að greinar brotnuðu af trjám en eitthvað var um að tré rifnuðu upp með rótum.

Í tilkynningu frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg segir að um 70 björgunarsveitarmenn af höfuðborgarsvæðinu hafi verið við vinnu á meðan óveðrið gekk yfir. Þeir hafi sinnt á fimmta tug aðstoðarbeiðna af ýmsum toga en sem fyrr hafi verið mest um fok á lausum munum, þakplötum og vinnupöllum.

Þá sinnti lögreglan á höfuðborgarsvæðinu 21 útkalli vegna óveðursins og slökkvilið höfuðborgarsvæðisins sinnti 16 útköllum vegna vatnsleka í húsum í fyrrinótt og gærmorgun. Í flestum tilfellum höfðu niðurföll eða holræsi stíflast eða vatn fundið sér leið inn í húsin. Eitthvað var um skemmdir af völdum þessa en engar þeirra eru taldar mjög alvarlegar.

- ovd

RIFNUÐU UPP MEÐ RÓTUM Reynitrén tvö við Furugerði rifnuðu upp með rótum í óveðrinu sem gekk yfir landið í fyrrinótt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hugaðu að heilsunni með Lyfju

30% afsláttur
af Vega vítamínum

ACIDOPHILUS BIFIDUS + FOS
Mjólkursýrugerlar, góðir fyrir meltinguna.

CHAMPIGNON DETOX + FOS OG SPIRULINA
Hreinsaðu líkamann – eyðir óæskilegri lykt.

MILK THISTLE DETOX
Hreinsaðu líkamann að innan.

PSYLLIUM HUSK FIBRE
Rúmmálsaukandi, gott fyrir meltinguna.

KARBOBLOKKER
Kolvetnabani **120 töflur**
Minnkar hungurtilfinningu, eykur brennslu og hindrar upptöku kolvetna í líkamanum.

15% afsláttur

TURBO GREENS
Turbo Greens er frábært í baráttunni við sykurlöngun.

Kaupauki

DEEP FREEZE
Deep Freeze snöggkælir sársauka!
Ef keypt eru tvö kælisprey fylgir túpa af kæligeli með.

COMODYNES HREINSIKLÚTAR
Hreinsimjólk, andlitsvatn og augnfarðahreinsir í einum klút.
Unnið úr 100% náttúrulegum trefjum.
20 stk. í pakka.

EFALEX
VERTU SKARPARI! Efalex eflir einbeitingu og sjón og stuðlar þannig að betri námsárangri.

+ Heilsufarsmælingar í Lágmúla og Smáratorgi

BLÓÐSYKURSMÆLING · BLÓÐFITUMÆLING
- nauðsynlegt að vera fastandi.

BLÓÐÞRÝSTINGSMÆLING · BEINÞÉTTNIMÆLING
ÖNDUNARMÆLING

Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur
Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker
Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil

LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 43584 09.2008

SMURT SKORIÐ

KINDAKÆFA TEKIN Í KEFLAVÍK!

Suðurnesjamenn smurðu grimmt í sjötugsafmæli um helgina.

SS ÁLEGG - GERIR ÞAÐ GOTT

Kynbundinn launamunur hjá Reykjavík jókst um þrjú prósent á einu ári:

Launamunur kannaður

REYKJAVÍK Borgarstjórn samþykkti á fundi sínum á þriðjudag að láta gera óháða úttekt á kynbundnum launamun hjá Reykjavíkurborg. Borgarfulltrúar Vinstri grænna lögðu tillöguna fram.

Í greinargerð sem fylgir henni segir að tilefnið sé ný könnun SFR sem sýnir að kynbundinn launamunur hefur aukist um þrjú prósent hjá Reykjavíkurborg á einu ári, úr 14 prósentum í 17. Launamunur kynjanna hefur aukist meira hjá opinberum aðilum en á almennum vinnumarkaði.

Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, segir mikilvægt að borgarstjórn bregðist hratt við vísbendingum um aukinn launamun kynjanna. „Það eru blikur á lofti um að staða kvenna sé síst að skána á vinnumarkaðnum og við þurfum að halda vöku okkar, sérstaklega þegar harðnar á dalnum. Svo virðist sem það séu frekar konur en karlar sem missi störfin þá," segir Svandís.

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR Borgarstjórn samþykkti tillögu Vinstri grænna um óháða úttekt á kynbundnum launamun hjá borginni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hún segist mjög ánægð með stuðning Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra við tillöguna, en hún var samþykkt samhljóða. Þá segir hún mikilvægt að fá utanaðkomandi aðila til að kanna málin. „Ætlunin er að bera niðurstöðurnar saman við kannanir verkalýðshreyfingarinnar. Þá er það heilbrigðismerki að fá reglulega skoðun utan frá. Við höfum ekkert að fela hjá Reykjavíkurborg." - kóp

Vilja breytingar á septemberþinginu

Þingmenn í stjórnarandstöðunni eru ekki að fullu sáttir við framkvæmd þinghaldsins í septembermánuði. Vilja þeir ýmist meiri vinnu í nefndum, rýmri tíma til umræðna eða færi á að flytja mál sín. Stjórnarliðar eru ánægðir.

ALÞINGI Þingmenn stjórnarandstöðuflokkanna eru missáttir við framkvæmd þinghaldsins í septembermánuði og vilja gera á því breytingar.

Níu mál urðu að lögum á framhaldsfundunum og voru sjúkratryggingar og þróunarsamvinna þeirra umfangsmest. Um sum málanna var varla rætt í þingsalnum. Á hinn bóginn voru viðamikil mál, sem ágreiningur ríkir um, tekin út úr þinginu til frekari meðferðar í ráðuneytum. Á það við um innleiðingu matvælalöggjafar ESB og skipulagslög.

Katrín Jakosdóttir, varaformaður VG, segir að þingnefndir hefðu mátt vinna betur í málum í sumar enda þurfi mál að komast á rekspöl eigi þinghald í september að virka sem skyldi. „En að sumu leyti fannst mér þetta ekki takast illa," segir Katrín. „Til dæmis var gott að fá tækifæri til að taka upp umræður um efnahagsmálin og stóriðju sem brunnu á mönnum."

Birkir Jón Jónsson, Framsóknarflokki, segir þinghaldið hafa verið fullstutt og því hafi umræður um til dæmis efnahagsmál og umhverfismál orðið styttri en efni stóðu til. Hann segir að margt megi bæta í septemberþinghaldi framtíðarinnar og nefnir fyrirspurnir í því sambandi. „Við vörpuðum fram mörgum spurningum til ráðherra en margir þeirra voru ekki viðstaddir þegar fyrirspurnirnar voru á dagskrá. Þetta þarf að endurskoða."

Grétar Mar Jónsson, Frjálslynda flokknum, kveðst hreinlega hafa orðið fyrir vonbrigðum. „Ég flutti tvö frumvörp í vetur, þau voru lögð fram í mars, en mér gafst ekki færi á að mæla fyrir þeim í vor. Ég hélt því að ég fengi að tala fyrir þeim núna en það var ekki. Þetta var klæðskerasniðið fyrir ríkisstjórnina að koma sínum málum í gegn," segir Grétar. „Kannski hugmyndin hafi verið að þetta yrði eitthvert afgreiðsluþing en eiga þá ekki allir að vera jafnir? Á ekki minnihlutinn að fá að koma einhverju að?" spyr Grétar Mar.

FRÁ ALÞINGI Ögmundur Jónasson tók virkan þátt í umræðum um sjúkratryggingaframvarpið á þinginu sem lauk í síðustu viku. Hér hripar hann niður minnispunkta. Lúðvík Bergvinsson situr íhugull að baki honum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Einar Már Sigurðarson, Samfylkingunni, er þeirrar skoðunar að septemberþingið hafi tekist vel. Það létti á lokum vorþings og hugsanlega einnig á almennri pólitískri umræðu á komandi haustþingi. Kjartan Ólafsson, Sjálfstæðisflokki, er sama sinnis. „Þetta tókst ágætlega og það var heimikið gert þótt ekki hafi allt klárast," segir hann.

bjorn@frettabladid.is

Það er eitthvað einstaklega jákvætt og hlýlegt við haustið hjá A4 Skólavörubúðinni...

... og aldrei of snemmt að byrja að hlúa að samverustundum fjölskyldunnar.
Skapaðu fallegar gjafir með vönduðum föndurvörum.

Smiðjuvegi 5
Kópavogi
Sími: 585 0500

A4 Skólavörubúðin

Hausttilboð

7.890

Iceland Express býður fjölda flugsæta á einstöku hausttilboðsverði til og frá London og Kaupmannahöfn.

Einnig flugsæti á tilboðsverði til og frá Berlín, Alicante, Friedrichshafen og Varsjá

Sölutímabil: Frá kl. 12.00 á hádegi í dag til miðnættis á morgun, 19. september

Ferðatímabil: 20. september-31. mars 2009

Bókaðu flugsæti á betra verði á **www.icelandexpress.is**

Fíton/SÍA

» Verð frá:

7.890 kr.*

Iceland Express

með ánægju

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Takmarkað sætaframboð, valdar dagsetningar og valin flug. Athugið að flugvallarskattur getur verið mismunandi á milli áfangastaða.

www.icelandexpress.is

199
479

599
1.149

Slönguhengi
Blome, tekur 25 m af 1/2" slöngu
5081500

Uðarabyssa
Claber
5081620

Hleðslusett
Power Workshop, 18V, margir möguleikar, borvél, standborvél, hjólsög, borðsög, stingsög, tifsög, ljós o.fl.
5245016

22.999
29.955

1.699
2.629

Verkfærapanell
Stanley, 20 upphengjur
5024774

17.999
27.639

Borhamar
Worx, SDS WU330.2, 710W, 2,7 Joule, borar og meitlar, venjuleg patróna fylgir, taska
5244827

10 ltr

3.999
8.995

Inni- og útimálning
719963-7/7207040-6

32.999
45.995

Sláttuvél
Mega, 5Hp, 50 sm sláttubreidd, grassafnari, hæðarstilling
5085243

2.999
5.929

Smáhlutataska
Keter Cantilever
5024639

70%
AFSLÁTTUR

999
3.349

Hitakanna
2 ltr.
2000300

STÓRLÆKKAÐ
VERÐ
Á ÖLLUM
SKJÓLVEGGJUM

3.900

Skjólveggur
Skandik, 180 X 110/90 SM
603175

Góð tilboð í timbursölum Húsasmiðjunnar um land allt

Á meðan birgðir endast

50%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
ÚTILEGUBÚNAÐI

Gildir 17. - 30. september

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana

Haust-markaður

Mesta úrvalið í:

Skútuvogi, Grafarholti, Selfossi,
Reykjanesbæ, Egilsstöðum og Akureyri

Rýmum fyrir nýjum vörum

ALLT Á AÐ SELJAST

Takmarkað magn

Flíspeysur
Herra
5860337-41

Úlpur
Dömu og herra
5869425-31/5869237-42

Verð gildir í öllum verslunum

Gasgrill
Outback, Hunter
3000237

Gasgrill
Outback, Trooper
3000236

Lekur hjá þér?

Vatnsþétt skyndiviðgerðarefni

Til nota á:
Þök, rennur, rennustein, rör, strompa, þakglugga ofl.

Loðir við:
Þakefni, filt, skífur, bárujárn, tjöru, malbik, hart PVC, pólýester, sink, ál, gler, flísar ofl.

-Til notkunar í hvaða veðri sem er
-Sprungulokun (2mm hámark)
-Mjög sveigjanlegur
-Þekur: 1,5 l/m^2
-Styrkt með þráðum
-Hægt að bera á blautt yfirborð

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

Útgjöldin

> Verð á herra- og dömuklippingu í ágústmánuði hvers árs. Miðað við verðlag á landinu öllu.



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

neytendur

hagur heimilanna

GÓÐ HÚSRÁÐ

MJÁLM TRUFLAR SKÁLD

■ *Símon Birgisson leikskáld situr við skriftir í Berlín þessa dagana. Hann segir nauðsynlegt að koma í veg fyrir að amstur hversdagsins og mjálmandi kettir trufli skáld við skriftir.*

„Þegar maður situr við skriftir er nauðsynlegt að smávægileg verkefni trufli ekki andagiftina. Settu því alltaf í uppþvottavélina um leið og þú ert búinn að borða. Hengdu jafnóðum upp þvottinn úr þvottavélinni og ekki gleyma að gefa kettinum að borða – fátt er meira truflandi fyrir skáld en mjálmandi kettir.“

SKYLDU ÞESSIR VERA MEÐ NUDDSTÓL? Þessir fulltrúar bifvélavirkja tengjast ekki efni greinarinnar.

Enn um bílaviðgerðir:

Nudd á bílaverkstæði

Bílaviðgerðir eru lesendum hugleiknar. Sigurbjörn Geirsson fór með bílinn í viðgerð hjá BJB pústþjónustu í Hafnarfirði. Hann ræður sér vart fyrir gleði og skrifar: „*Á meðan ég var að bíða eftir að bíllinn kláraðist fékk ég ókeypis aðgang að nuddstól sem þarna er fyrir kúnna. Afgreiðslumaðurinn stillti stólinn fyrir mig og þar sat ég í tuttugu mínútur og fékk þetta svaka góða nudd. Verðið á viðgerðinni var mjög hóflegt og það var snúist í kringum mann þarna.*“

Þá hafði Pálmi Halldórsson samband og vildi þakka Toyota fyrir „stórglæsilegar móttökur“: „*Ég keypti mér notaðan Toyota Avensis í lok ágúst og það hitti ekki betur á en svo að vélin bræddi úr sér eftir viku. Ég var náttúrlega í algjöru sjokki en fór með bílinn til Toyota. Sá fram á svakalegan kostnað. Þeir létu mig bara borga 20.000 kr. fyrir að gera við vélina og nú er hún nánast eins og ný. Mér finnst þetta rosalega flott þjónusta miðað við akstur og aldur bílsins (119.000 km, 2002).*“

DR. GUNNI neytendur@frettabladid.is

Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Neytandi.is hálfs árs

Gísli Tryggvason tók við starfi umboðs- og talsmanns neytenda fyrir þremur árum. Netsíðan sem hann heldur utan um, **neytandi.is**, er nú hálfs árs. „Þetta er ekki bara rafrænn upplýsingabæklingur um neytendamál heldur má þarna finna einfaldar leiðir fyrir neytendur til að kvarta og leita réttar síns,“ segir Gísli. Hann bloggar einnig á slóðinni **neytendatalsmadur.blog.is** og segist þar setja mál í neytendasamhengi. „Við erum ágætlega sett varðandi reglur og úrræði,“ segir Gísli. „Það þurfa bara fleiri að nýta sér þau. Hins vegar erum við illa sett varðandi verðlag og virka samkeppni.“

Eitt af þeim góðu málum sem Gísli hefur ýtt úr vör er að leggja til við fjármálaráðherra að felldur verði niður virðisaukaskattur og tollur af litlum póstsendingum frá útlöndum. „Ég hef ekki fengið svar enn þá við þessari fyrirspurn. Ég á von á jákvæðu svari enda fékk ég mjög jákvæð viðbrögð við þessari tillögu á embættismannastiginu,“ segir Gísli.

GÍSLI TRYGGVASON

Allt í Holtagörðum
– Ein frábær ferð

habitat

STUB BASM IÐJAN

Eymundsson

20% endurgreiðsla fyrir e-korthafa!
Í Habitat, Stubbasmiðjunni og Eymundsson

18.–21. september verður 20% endurgreiðsla í Habitat, Stubbasmiðjunni og Eymundsson í Holtagörðum.
Gerðu góð kaup með e-kortinu á besta stað í bænum!

Fíton / SÍA

KORT ekortin.is
VILDARKORT ekortin.is
KAUPÞING Netbankinn spron

Styrkir til vinnustaðakennslu og námsefnisgerðar

Framtíð iðnaðar veltur á menntun og mannauði. Aukin þekking gefur iðnaðinum takmarkalaus tækifæri til vaxtar, nýsköpunar og útrásar. Mikilvægt er að nemendum í iðn- og starfsnámi standi til boða námsefni og kennsla við hæfi.

SI auglýsa eftirfarandi styrki lausa til umsóknar:

- **Styrkir til námsefnisgerðar í greinum sem varða iðnað**
- **Styrkir til vinnustaðakennslu í fyrirtækjum SI**

Umsóknarfrestur er til 1. október.

Nánari upplýsingar er að finna á **www.si.is.**

SI
Samtök iðnaðarins

www.si.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

MYNDAVÉLAR / TÖKUVÉLAR

OLYMPUS

Digital SLR

- bestu mögulegu myndgæði

NETTAR STAFRÆNAR VÉLAR

8 MILLJÓN PUNKTA

OLYMPUS MJU840
Digital MYNDAVÉL með 8 milljón punkta upplausn, 5x Optical Zoom og 5.6x Digital Zoom, 6.4 - 32mm linsu (35mm samb.: 36 - 180mm), 2,7" LCD skjá (230.000 pixlar) frábær við öll birtuskilyrði, hreyfimyndatöku með hljóði, USB 2.0. Tekur xD kort. Fæst í bleik eða silfurlit.

TILBOÐ 24.990
FULLT VERÐ kr. 29.990

TIL Í HVAÐ SEM ER:

VATNSHELD
HÖGGHELD

8 MILLJÓN PUNKTA

Þrír litir! BLEIK, SVÖRT eða SILFUR

Olympus MJU850
Digital MYNDAVÉL me› 8 mp uppl., 3x Optical og 5x Digital Zoom, Linsa: 6.7 - 20.1mm, 2,5" LCD skjár, Digital Image Stabilisation, Face Detection Technology, hreyfimyndataka me› hljó›i, USB, Tekur xD kort. Vatnsheld a› 3m d‡pi. Höggheld upp í 1.5m hæ›.

VERÐ 39.990
FRÁBÆRT VERÐ

2 LINSUR FYLGJA:
LINSA 1: 14 - 42MM
(35MM SAMB.: 28 - 84MM)
LINSA 2: 40 - 150MM
(35MM SAMB.: 80 - 300MM)

10 MILLJÓN PUNKTA

Olympus E420DZKIT
Digital SLR myndavél með 10 millj. punkta uppl., Live View, Supersonic Wave Filter - Eyðir út ryki milli linsu og „body", TruePic III, Face Detection, 2,5" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure og þrjár manual stillingar, 7 myndstærðum, 18 picture Modes, tímarofa, USB 2.0, notar CompactFlash og xD kort. Tvær linsur fylgja: 14 - 42mm og 40 - 150mm.

VERÐ 89.990
FRÁBÆRT VERÐ

FISLÉTTAR HÁGÆÐA TÖKUVÉLAR

FULL HD UPPTAKA MEÐ 3CCD

TEKUR UPP Á SD KORT

JVC GZMS100
Digital Media tökuvél með 2,7" LCD breiðskjá, upptökuflögu með 600.000 p. uppl., 35x Optical Zoom, innb. kyrrmyndavél, innb. flash, USB 2.0. Tekur SD/SDHC kort. Aðeins 225 grömm.

VERÐ 49.990
FRÁBÆRT VERÐ

JVC GZMG330
Digital Media tökuvél með 30GB hörðum disk, upptökuflögu með 800.000 p. uppl., 2,7" LCD breiðskjá, 35x Optical og 800x Digital Zoom, innb. kyrrmyndavél, Dolby Digital uppt., titringsdeyfi, USB 2.0. Tekur microSD kort.

VERÐ 69.990
FRÁBÆRT VERÐ

JVC GZHD5
Full HD Digital Media tökuvél með 60GB hörðum disk, 3 1/5" upptökuflögum, 2,8" LCD breiðskjá, 1920x1080/50p útg., 10x Optical og 200x Digital Zoom, innb. kyrrmyndavél, inng. fyrir hljóðnema, titringsdeyfi, USB 2.0, HDMI, FireWire, Component og Composite útg., Þyngd 565g. Tekur microSD / microSDHC kort.

TILBOÐ 139.990
FULLT VERÐ kr. 219.990

Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2008

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjar›ar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

Evrópa sigurstranglegri

Mesta golfveisla ársins hefst á Valhalla-golfvellinum í Kentucky í Bandaríkjunum á morgun. Í íþróttaheiminum er helst hægt að líkja Ryder-bikarkeppninni við heimsmeistarakeppnina í fótbolta. *Trausti Hafliðason* skrifar um Ryder-bikarinn í golfi.

Það eru ekki bara eitilharðir golfáhugamenn sem fylgjast með keppninni heldur flykkist ótrúlegasta fólk að skjánum og þá meina ég fólk sem hefur ekki hugmynd um hvað „skolli“ eða „fugl“ merkir. Ástæðan fyrir þessu er sú að Ryder-bikarinn er liðakeppni, þar sem úrslit hverrar holu skipta máli og óþarfi er að kunna góð skil á íþróttinni til að hafa gaman af.

Þótt Evrópumenn hafi sigrað með ótrúlegum yfirburðum í Ryder-bikarnum undanfarin ár eru flestir golfspekúlantar nú í fyrsta skipti sammála um að lið Evrópu sé sigurstranglegra. Byggja þeir spá sína á því að evrópskir kylfingar séu hærra skrifaðir á heimslistanum og hafi verið í betra keppnisformi en Bandaríkjamennirnir undanfarna mánuði. Jú, reyndar spilar það kannski aðeins inn í líka að maður nokkur að nafni Tiger Woods er fjarri góðu gamni í liði Bandaríkjanna vegna meiðsla.

Azinger harður í horn að taka

Það verður fróðlegt að sjá hvernig fyrirliðarnir munu ná að stilla saman strengi sinna liða. Hvort þeir nái að úthýsa einstaklingshyggjunni sem golfíþróttin byggir alla jafna á og efla í staðinn liðsandann. Þegar litið er á feril þeirra sem kylfinga hefur Nick Faldo vinninginn – með yfirburðum. Það þarf samt ekki að þýða að hann verði betri fyrirliði en Paul Azinger sem leiðir lið Bandaríkjanna. Azinger þykir nefnilega harður í horn að taka. Hann talar hreint út og byrgir tilfinningar sínar ekki inni. Á síðasta áratug veiktist hann af krabbameini en með þrautseigju og jákvæðum hugsunarhætti hafði hann betur í þeim slag.

Faldo er reyndar með svipaðan karakter og Azinger sem sína hægri hönd. Varafyrirliði Evrópuliðsins er Spánverjinn góðkunni José Maria Olazabal sem, líkt og Azinger, gekk í gegnum erfið veikindi fyrir fáeinum árum.

Montgomery skilinn eftir heima

Líkt og alltaf þegar endanleg liðskipan liggur fyrir heyrast gagnrýnisraddir. Faldo var þó gagnrýndur meira en Azinger fyrir sitt val. Þykir mörgum hann hafa verið ansi brattur að skilja Skotann Colin Montgomery eftir heima, en Monty, eins og hann er jafnan kallaður, er einhver sigursælasti kylfingur Evrópu í Ryder-bikarnum frá upphafi. Þá hafa aðrir kylfingar lýst honum sem miklum leiðtoga, eins konar fyrirliða úti á velli. Einnig vakti það athygli að Faldo skyldi skilja Írann Darren Clarke eftir heima, en Clarke hefur átt nokkuð gott tímabil, sérstaklega var hann góður í sumar. Clarke átti enn fremur stóran þátt í sigri evrópska liðsins á K-Club á Írlandi fyrir tveimur árum.

Garcia og Westwood mikilvægir

Til þess að Evrópa haldi titlinum þurfa Spánverjinn Sergio Garcia og Englendingurinn Lee Westwood að halda uppteknum hætti, en þeir eiga gríðarlega góðan feril að baki í Ryder-bikarnum eins og sést á grafinu hér til hliðar. Ef það gerist og hinn írski og tvöfaldi meistari Opna breska meistaramótsins, Padraig Harrington, nær sér á strik þá verður þetta erfitt fyrir bandaríska liðið. Jafnvel þótt það sé á heimavelli.

Mickelson þarf að stíga fram

Það sem mun kannski helst vinna með bandaríska liðinu í þessari keppni er að í fyrsta skiptið í mörg ár (jafnvel frá upphafi) er hægt að segja að þeir séu minna liðið. Það gæti unnið með þeim, létt af þeim smá pressu. Til þess að bandaríska liðið nái að ógna því evrópska þurfa Phil Mickelson og Jim Furyk, sem báðir hafa verið afar slakir í Ryder-bikarnum í gegnum tíðina, að stíga fram og leiða hópinn. Ef það gerist getur allt gerst. Nýstirnið Anthony Kim gæti komið mörgum á óvart sem og Kenny Perry. Skemmtilegast verður þó að fylgjast með sleggjunni Boo Weekley og J.B. Holmes, sem er litríkur karakter.

Megi betra liðið vinna – Evrópa.

ÍSLANDSMEISTARARNIR Í HOLUKEPPNI

Evrópa vinnur á liðsheldinni

HLYNUR GEIR HJARTARSON

Hvorum spáir þú sigri? Það er einfalt, Evrópu.

Hvað mun ráða úrslitum? Liðsheildin og samheldnin hjá Evrópu. Bandaríkjamenn hafa alltaf unnið á móti hver öðrum.

Hver mun koma á óvart? Oliver Wilson hjá Evrópu því Bandaríkjamenn munu vanmeta hann. Hjá Bandaríkjamönnunum verður það J.B. Holmes – hann er gríðarlegur baráttumaður.

Hver mun valda vonbrigðum? Graeme McDowell, vegna þess að hann hefur einfaldlega ekki verið að spila nógu vel upp á síðkastið. Hjá Bandaríkjunum verður það Phil Mickelson. Hann er of mikill egóisti fyrir þetta lið.

Hvaða leikmanns saknarðu? Það er fyrst og fremst Colin Montgomery. Ef Evrópa vinnur ekki þá verður afsökunin sú að hann hafi ekki verið með.

Hvenær eignast Íslendingar keppanda í Ryder-bikarnum? Það verður vonandi fyrir árið 2050, ég skýt á 2020.

Sakna Tigers Woods

ÁSTA BIRNA MAGNÚSDÓTTIR

Hvorum spáir þú sigri? Bandaríkjamönnum, jafnvel þótt það vanti Tiger Woods.

Hvað mun ráða úrslitum? Ég held einfaldlega að það verði hinn gríðarlegi styrkur bandaríska liðsins.

Hver mun koma á óvart? Ég held að Anthony Kim gæti komið á óvart.

Hver mun valda vonbrigðum? Ég held að það verði Sergio Garcia. Það gera allir gríðarlegar væntingar til hans og ég held að það sé hætta á að hann standist ekki þessa miklu pressu.

Hvaða leikmanns saknarðu? Manni finnst náttúrlega alltaf að Tiger Woods eigi að vera með en hann er bara meiddur. Ég held nú samt bara að þetta sé eitthvað væl í honum.

Hvenær eignast Íslendingar keppanda í Ryder-bikarnum? Ég held að það verði mjög seint þar sem Íslendingar eru enn langt á eftir bestu þjóðunum. Ég skýt á árið 2040.

Ryder-bikarinn - keppnisfyrirkomulag

Helsti munurinn á Ryder-bikarnum og öðrum golfkeppnum er að þetta er liðakeppni þar sem allir leikir eru holukeppni. Fyrstu tvo dagana er keppt í fjórleik (Fourball) og fjórmenningi (Foursome). Síðasta daginn er keppt í einmenning.

Fjórmenningur: Tvö tveggja manna lið. Leikmenn sem eru saman í liði leika einum bolta og slá til skiptis. Þeir verða að skiptast á að slá af teig. 8

Fjórleikur: Tvö tveggja manna lið. Hver leikmaður leikur sínum bolta og aðeins skorið hjá þeim sem slær færri högg telur. 8

Einmenningur: Þetta er hefðbundin holukeppni tveggja einstaklinga. 12

Alls eru 28 stig í pottinum í Ryder-bikarnum. 28
Lið þarf því að ná 14,5 stigum til að sigra.
Ef bæði liðin eru með 14 stig heldur Evrópa titlinum.

Úrslit síðustu tíu keppna		Evrópa	Bandaríkin	Sigur
2006	The K Club, Kildare-sýslu, Írlandi	18,5	9,5	Evrópa
2004	Oakland Hills, Bloomfield, Michigan	18,5	9,5	Evrópa
2002	The Belfry, Sutton Coldfield, Englandi	15,5	12,5	Evrópa
1999	The Country Club, Brookline, Massachusetts	13,5	14,5	Bandaríkin
1997	Valderrama, Sotogrande, Spáni	14,5	13,5	Evrópa
1995	Oak Hill, Rochester, New York	14,5	13,5	Evrópa
1993	The Belfry, Sutton Coldfield, Englandi	13	15	Bandaríkin
1991	Ocean Course, Kiawah-eyju, S-Karólínu	13,5	14,5	Bandaríkin
1989	The Belfry, Sutton Coldfield, Englandi	14	14	Jafntefli
1987	Muirfield Village, Dublin, Ohio	15	13	Evrópa
Samtals sigrar síðan 1927:		10 (3 sem Stóra-Bretland)	24	Jafntefli 2

Heimild: Ryder Cup © GRAPHIC NEWS

Liðin í Ryder-bikarnum

BANDARÍKIN
Fyrirliði: Paul Azinger

Árangur Azingers í Ryder-bikarnum: U5-J2-T3

Átta fá sæti í liði vegna stöðu á heimslista

Sæti	Keppandi	Árangur U	J	T
2.	Phil Mickelson	9	3	8
9.	Jim Furyk	4	2	9
10.	Stewart Cink	3	4	5
11.	Anthony Kim	Frumraun		
17.	Kenny Perry	0	0	2
23.	Justin Leonard	0	5	3
32.	Ben Curtis	Frumraun		
35.	Boo Weekley	Frumraun		
Val fyrirliða				
8.	Steve Stricker	Frumraun		
36.	Hunter Mahan	Frumraun		
56.	J.B. Holmes	Frumraun		
57.	Chad Campbell	Frumraun		

EVRÓPA
Fyrirliði: Nick Faldo

Árangur Faldo í Ryder-bikarnum: U23-J4-T19

Tíu fá sæti í liði vegna stöðu á heimslista

Sæti	Keppandi	Árangur U	J	T
4.	Padraig Harrington ÍRL	7	2	8
5.	Sergio Garcia SPÁ	14	2	4
6.	Henrik Stenson SVÍ	1	1	1
12.	Lee Westwood ENG	14	3	8
14.	Justin Rose ENG	Frumraun		
19.	Miguel Angel Jimenez SPÁ	2	2	5
22.	Robert Karlsson SVÍ	0	2	1
30.	Graeme McDowell N-ÍRL	Frumraun		
43.	Soren Hansen DAN	Frumraun		
48.	Oliver Wilson ENG	Frumraun		
Val fyrirliða				
28.	Ian Poulter ENG	1	0	1
38.	Paul Casey ENG	3	2	1

Myndir: Associated Press Heimild: Ryder Cup © GRAPHIC NEWS

Golfvöllurinn Valhalla í Kentucky á sér skemmtilega sögu:

Eigandinn fékk aldrei rástíma

Ryder-keppnin er haldin annað hvert ár, til skiptis í Evrópu og Bandaríkjunum. Að þessu sinni fer keppnin fram á Valhalla-vellinum í Kentucky, velli sem fær nafn sitt úr norrænni goðafræði. Áttunda holan heitir til að mynda „Þórshamar“ og sú tólfta „Hefnd Óðins“.

Völlurinn á sér ansi skemmtilega sögu. Fyrir um þrjátíu árum sat Dwight Gahm, verslunarmaður í Louisville, á skrifstofu sinni ásamt sonum sínum. Þeir voru að ræða um golf. Gham var meðlimur í golfklúbbi í sinni heimasveit en líkt og margir íslenskir kylfingar þekkja í dag var hann orðinn ansi þreyttur á að þurfa að berjast við aðra klúbbmeðlimi um rástíma. Þá fékk hann uppljómun. Það vildi nefnilega svo skemmtilega til að hann átti stórt land í Jefferson-sýslu sem hann vissi ekkert hvað hann átti að gera við.

Til að gera langa sögu stutta þá fékk hann Jack Nicklaus til liðs við sig og árið 1986 opnaði Valhalla-völlurinn sem í dag er talinn einn allra besti golfvöllur Bandaríkjanna og þykir hann einkum hentugur fyrir stórkeppnir þar sem mikið rými er í kringum völlinn fyrir áhorfendur; um 20 þúsund áhorfendur komast fyrir við átjándu flötina.

Í dag á og rekur Bandaríska golfsambandið völlinn en nafn Ghams er samt ekki langt undan því átjánda holan nefnast „Gham over“.

Stöð 2 Sport: Beinar útsendingar

Föstudagur:
Stöð 2 Sport
Frá kl. 11.55 til 22.30

Laugardagur:
Stöð 2 Sport
Frá kl. 11.55 til 22.45

Sunnudagur:
Stöð 2 Sport3
Frá kl. 16 til 18
Stöð 2 Sport
Frá kl. 18 til 23

Þorsteinn Hallgrímsson og Úlfar Jónsson lýsa.



Microsoft sérfræðingar, ekki missa af þessu!

Hvað leynist undir yfirborðinu?

DIVE DEEPER® 08

Tæknináms stefna í Smárabíó 9-10 október

Nánari upplýsingar og skráning í síma 544 4500 og www.ntv.is/divedeeper

Fyrst og fremst
í heilsudýnum

Stillanleg rúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu á góðu verði

Scape Wallhugger – Eitt með öllu

· þráðlaus fjarstýring
· sér stilling fyrir höfuðlag
· nudd
· sleði sem leggst upp að vegg
· afar hljóðlátt og þægilegt í notkun

Scape	Verð
120x200	309.900
160x200	479.900
180x200	499.900
KING SIZE	519.900

6 mánaða
vaxtalausar greiðslur

IQ-CARE ein allra besta heilsudýna sem hægt er að fá í dag. Fæst í 2 stífleikum.

IQ-CARE
HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR

Proflex er mest selda stillanlega rúmið hjá okkur, enda á góðu verði

Proflex	Verð
160x200	279.900
180x200	299.900

Violino
leðurhægindastólar,
ítölsk hönnun. Þrír litir.
Verð 79.900.



WILLIS & GAMBIER
svefnherbergis-
húsgögn

Allt að 50% afsláttur af völdum svefnherbergishúsgögnum

AKUREYRI

Svefn & heilsa

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

www.svefn.is

Stærri rýming

Það er alltaf gaman að skoða bíla. Komdu á rýmingarsölu Brimborgar á notuðum bílum í dag. Skoðaðu úrvalið, aftur og aftur. Skoðaðu fjármögnunina. Komdu bara í Brimborg í dag.

100 bílar í boði. Hringdu núna í síma 515-7000.

Rýmingarafsláttur 500.000 kr.

Citroen C5

2,0 beinskiptur station
Fast númer TA287
Skrd. 6/2005. Ek. 80.000 km.
Verð áður 1.790.000 kr.
Rýmingarafsláttur 500.000 kr.
Rýmingarverð 1.290.000 kr.

Rýmingarafsláttur 400.000 kr.

Volkswagen Jetta Comfort

2,0 sjálfskiptur 4 dyra
Fast númer YT654
Skrd. 4/2006. Ek. 34.000 km.
Verð áður 2.290.000 kr.
Rýmingarafsláttur 400.000 kr.
Rýmingarverð 1.890.000 kr.

Rýmingarafsláttur 470.000 kr.

Ford Escape XLT

3,0 sjálfskiptur 5 dyra
Fast númer YE821
Skrd. 6/2004. Ek. 79.000 km.
Verð áður 2.160.000 kr.
Rýmingarafsláttur 470.000 kr.
Rýmingarverð 1.690.000 kr.

Rýmingarafsláttur 290.000 kr.

Volkswagen Golf

2,0 beinskiptur station
Fast númer YV679
Skrd. 3/2004. Ek. 78.000 km.
Verð áður 1.280.000 kr.
Rýmingarafsláttur 290.000 kr.
Rýmingarverð 990.000 kr.

Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu notaðan bíl fyrir þig - farðu síðan á bgs.is og sannreyndu tilboð dagsins í dag.

Komdu í Brimborg

Cohn & Wolfe Public Relations Íslandi

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | notadir.brimborg.is

Komdu í Brimborg í dag

ársala

á notuðum bílum

Rýmingarafsláttur 400.000 kr.

Ford Focus Trend

1,6 sjálfskiptur station
Fast númer JI152
Skrd. 10/2005. Ek. 40.000 km.
Verð áður 1.890.000 kr.
Rýmingarafsláttur 400.000 kr
Rýmingarverð 1.490.000 kr.

Rýmingarafsláttur 330.000 kr.

Ford C-Max Trend

1,6 beinskiptur 5 dyra
Fast númer NP316
Skrd. 3/2005. Ek. 82.000 km.
Verð áður 1.520.000 kr.
Rýmingarafsláttur 330.000 kr.
Rýmingarverð 1.190.000 kr.

Rýmingarafsláttur 1.000.000 kr.

Volvo C70

2,4 sjálfskiptur 2 dyra
Fast númer RR615
Skrd. 5/2006. Ek. 27.000 km.
Verð áður 4.690.000 kr.
Rýmingarafsláttur 1.000.000 kr.
Rýmingarverð 3.690.000 kr.

Rýmingarafsláttur 130.000 kr.

Subaru Legacy

2,0 sjálfskiptur station
Fast númer NZ978
Skrd. 11/1999. Ek. 177.000 km.
Verð áður 820.000 kr.
Rýmingarafsláttur 130.000 kr.
Rýmingarverð 690.000 kr.

Komdu á rýmingarsölu Brimborgar á notuðum bílum í dag.

100 bílar í boði. Hringdu núna í síma 515-7000.

100% fjármögnun

brimborg

Öruggur staður til að vera á

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
3.802 **-1,27%**

Fjöldi viðskipta: 636
Velta: 6.261 milljónir

MESTA HÆKKUN

EIK BANKI	+5,56%
ATL. PETROLEUM	3,48%
ALFESCA	+0,61%

MESTA LÆKKUN

EIMSKIPAFÉL.	-21,58%
ATL. AIRWAYS	-4,43%
SPRON	-3,33%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 6,58 +0,61% ... Atorka 4,90 -0,20% ... Bakkavör 23,00 -1,71% ... Eimskipafélagið 4,76 -21,58% ... Exista 5,75 -2,38% ... Glitnir 13,27 -1,19% ... Icelandair Group 20,30 +0,25% ... Kaupþing 675,00 -1,03% ... Landsbankinn 21,15 -1,86% ... Marel Food Systems 83,30 +0,36% ... SPRON 2,90 -3,33% ... Straumur-Burðarás 7,98 -0,38% ... Össur 90,20 -0,88%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Kannast ekki neitt við neitt

Frétt Markaðarins um fyrirhugaða samruna á bankamarkaði, sem birtist á forsíðu Fréttablaðsins á þriðjudag, vakti mikla athygli. Þar var sagt frá töluverðum gangi í samrunaviðræðum eigenda sparisjóðsins Byrs og stærstu hluthafa í Glitni, auk þess sem samruni Straums og Landsbankans væri nú til alvarlegrar skoðunar meðal stórra eigenda beggja félaga. Enginn þeirra aðila sem hér um ræðir hefur haft uppi minnstu tilburði til að vísa þessum fréttum á bug við ritstjórn Markaðarins, enda eru þetta almælt fyrirheit í viðskiptalífinu. Því vekur athygli að í Viðskiptablaðinu í gær skuli stjórnarformaður Byrs, Jón Þorsteinn Jónsson, neita þessu alfarið og segja þetta eitthvað sem Fréttablaðið sé að búa til. Það er auðvitað fjarri öllu lagi og stendur Markaðurinn við frétt sína að öllu leyti og hvetur lesendur til að fylgjast vel með tíðindum næstu daga og vikna á fjármálamarkaði.

Rifjast þá upp ...

Í því sambandi er ef til vill ekki úr vegi að rifja upp forsíðufrétt Markaðarins frá 4. júlí síðastliðinn þar sem fjallað var um þá ákvörðun að flytja höfuðstöðvar Baugs úr landi, auk þess sem fram kom að nafni FL Group yrði breytt í Stoðir, það fyrirtæki keypti hlut í Baugi og hefði um leið selt Pálma Haraldssyni í Fons hlut sinn í Northern Travel Holding. Síðastnefnda atriðinu var mótmælt daginn eftir og fullyrt að væri skáldskapur. Markaðurinn stóð hins vegar við fréttina og hún var endanlega staðfest með tilkynningu á þriðjudag frá Stoðum.

Óttast enn eitt bankagjaldþrot

Óttast er að sparisjóðsbankinn Washington Mutual, WaMu, áttundi stærsti banki Bandaríkjanna, sé á barmi gjaldþrots, en áætlað hefur verið að 40 prósent allra útistandandi lána hans séu í vanskilum.

Fréttir herma að Seðlabanki Bandaríkjanna leiti nú að kaupendum að bankanum. Gjaldþrot WaMu myndi verða langstærsta bankagjaldþrot í sögu Bandaríkjanna, en eignir bankans eru 300 milljarðar, og talið er að gjaldþrot hans myndi kosta ríkið minnst 24 milljarða.

Hlutabréf í Washington Mutual hafa fallið um 94 prósent síðasta árið. **-msh**

Niðursveifla í rúmt ár

„Niðursveiflan er rétt nýhafin," segir Jón Bjarki Bentsson, sérfræðingur Greiningar Glitnis, og kveður hana munu standa út þetta og næsta ár líka. Hann fór yfir horfur í efnahagsmálum á morgunverðarfundi bankans í gær þar sem kynnt var ný þjóðhagsspá fram til 2011.

Í spánni kemur um leið fram að í niðursveiflu þessa árs og næsta muni hins vegar hverfa spenna sú sem hér hafi myndast í innlendu efnahagslífi og að hagvöxtur ætti að taka vel við sér árið 2010.

Lárus Welding, forstjóri Glitnis, sagði í opnunarávarpi að mörgum hefði komið á óvart hversu vel bankar hér og hagkerfið hefðu staðið sig í mótbyr undanfarins árs. „Í raun má segja að íslenski fjármálamarkaðurinn og hagkerfið hafi verið að ganga í gegnum samfellt álagspróf síðustu sex mánuði. Og staðið það vel af sér á meðan aðrir bankar, sumir mjög stórir og með langa sögu, hafa þurft að lúta í lægra haldi og orðið gjaldþrota."

FARIÐ YFIR MÁLIÐ Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Glitnis, fjallar um „bankakrísuna". FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þá kom fram í máli Ingólfs Bender, forstöðumanns Greiningar Glitnis, að 2010 verði efnahagsumhverfið hagstæðara að öllu leyti og lánsfjárkreppan að líkindum liðin hjá. Hann fór yfir uppruna lánsfjárkreppunnar á húsnæðismarkaði í Bandaríkjunum og áhrif hennar. Hann gerði ekki ráð fyrir viðsnúningi fyrr en botni væri náð á húsnæðismarkaði vestra seint á næsta ári. **- óká**

AIG þjóðnýtt til að afstýra enn frekara hruni fjarmagnsmarkaða

Björguna bandarískra seðlabankans á tryggingafyrirtækinu AIG felur í sér að ríkið mun eignast 79,9 prósenta hlut í félaginu. Í staðinn leggur bankinn félaginu til 85 milljarða neyðarlán gegn veðum í eignum AIG. Sérfræðingar eru á einu máli um að samningurinn sé mjög hagstæður fyrir ríkið.

Bandarísk stjórnvöld gerðu árangurslausar tilraunir til þess að fá aðrar fjármálastofnanir til að veita AIG nauðsynleg lán, en á þriðjudag var orðið ljóst að félagið myndi ekki geta aflað nauðsynlegs fjár í tæka tíð.

„Skipulagslaust hrun AIG hefði haft alvarlegar afleiðingar fyrir fjármálamarkaði sem eru mjög brothættir um þessar mundir," sagði í tilkynningu Seðlabankans.

Seðlabanki og stjórnvöld óttuðust að gjaldþrot AIG myndi valda upplausn á alþjóðlegum fjármálamörkuðum enda er AIG eitt stærsta fjármálafyrirtæki heims. AIG er einnig einn stærsti leikandi á mörkuðum með skuldabréfaafleiður, en gjaldþrot AIG hefði gert að verkum að þessir markaðir hefðu frosið.

HÖFUÐSTÖÐVAR AIG Í NEW YORK AIG er eitt af stærstu fjármálafyrirtækjum heims. MARKAÐURINN/AFP

Ásamt skuldabréfum AIG hefðu skuldtryggingar sem félagið hefur gefið út einnig orðið verðlausar, sem hefði leitt til gríðarlegra afskrifta, og jafnvel gjaldþrota hjá bönkum og fjármálastofnunum.

Ekki er ljóst hvað gert verður við eignir AIG, en ríkið mun líklega selja stóran hluta þeirra.

Yfirtakan er söguleg, því Seðlabanki Bandaríkjanna hefur lögum samkvæmt ekkert hlutverk í eftirliti tryggingarfyrirtækja, né er það hlutverk hans að tryggja stöðugleika þeirra. Fyrr í ár gerði Seðlabankinn þó undantekningu á þessu þegar hann skipulagði björgun fjárfestingarbankans Bear Stearns. Með yfirtökunni á AIG hefur bandaríska ríkið enn aukið hlut sinn á fjármagnsmörkuðum, því fyrir hálfum mánuði voru fjárfestingarlánasjóðirnir Fannie Mae og Freddie Mac þjóðnýttir til að koma í veg fyrir yfirvofandi gjaldþrot. **- msh**

LAMBAKJOT.IS

H:N markaðssamskipti / SÍA

„Það er frábært tilfinning
þegar stemmningin myndast á tungunni.
Ég mæli með því."

SKYNDIBRAGÐ
- kvöldsins

Sinnepsmurðar lambakótelettur

16 lambakótelettur, fituhreinsaðar - fyrir fjóra

salt • nýmalaður pipar • 3 msk olía • 3 msk dijon sinnep • 1 rauðlaukur, smátt saxaður
8 radísur, rifnar • 4 msk súrsað engifer

Kryddið lambakótelettur með salti og pipar og steikið í olíu í 2 - 3 mínútur á hvorri hlið á meðalheitri pönnu.

Penslið kjötið með dijon sinnepi og berið fram með rauðlauk, radísum og súrsuðu engifer ásamt hrísgrjónum eða soðnum kartöflum.

10 - 15 mínútur

Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA EINFALT

skoðun

greinar@frettabladid.is

Lifandi og dauð borgarskáld á stall:

Styttur bæjarins

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Hjákátlegar eru fréttir af fyrirhugaðri styttu af Tómasi Guðmundssyni sem borgarstjórnarmeirihlutinn vill nú reisa. Það er önnur ef ekki þriðja tilraun sem sjálfstæðismenn í Reykjavík gera til að halda uppi hróðri Tómasar. Þeir stofnuðu til verðlauna í hans nafni sem hafa mest farið í sagnaskáld en ættu frekar að vera bundin við ljóðagerð en nokkuð annað. Þeir létu gera brjóstmynd af honum sem var sett á háan stall í Austurstræti og dugði ekki til. Stöpullinn var notaður sem flöskustandur, dúfur drituðu á þunnhært skáldið. Hann var því fluttur og settur upp í Borgarbókasafni.

Loks var kvæðabroti eftir Tómas komið fyrir á rúðu í Ráðhúsinu. Allt var þetta gert til að heiðra minningu borgarskáldsins, eins og hann var kallaður af þeim borgaralegu öflum sem tóku hann til sín, rétt eins og sósíalistar eignuðu sér Laxness.

Tillagan í borgarstjórn er því leiftur frá löngu liðnum tíma í sambýli lista og stjórnmála hér á landi sem vonandi er liðin tíð. Og hún er kátleg í ljósi þeirrar staðreyndar að engir hafa lagt meira til að rústa þeirri borg sem óx upp fyrir augum skáldsins og hann lofsöng og einmitt sjálfstæðismenn í borgarstjórn.

Styttur eru enda oftast um gleymda menn: Kristján kóng, Hannes Hafstein, Einar Benediktsson, Skúla Magnússon; útlenskulegar vörður sem troðið er á afvikna staði. Við kunnum ekki að hugsa minnisvarða inn í opinber rými. Þegar reistur er minnisvarði sem kallar á nálægð við menn eins og ljósasúla Lennons er henni komið fyrir fjarri mannabyggð. Þar sem enginn er á ferli þá myrkrið fellur á.

Skáldin borgarinnar voru svo mörg og fleiri en Tómas: Steinn Steinarr, Vilhjálmur frá Skáholti, Dagur. Flestum þætti fáránlegt að reisa þeim brjóstmynd. Minnisvarði þeirra er líka höggvinn í varanlegra efni en kopar eða stein – hann lifir í bókstöfunum og í huga þeirra sem leita til ljóðanna. Aurarnir sem færu í minnisvarða um Tómas eða hina væru betur settir í aukagreiðslur til kennara í borginni svo þeir gætu átt einni stund meira með grunnskólabörnum við ljóðakynni. Þessi samþykkt borgarfulltrúanna er í ljósi lakrar bókmenntakennslu í grunnskólum Reykjavíkur hræsnisfullur gerningur.

Og hvað með lifendur: er nokkurt skáld borgarinnar fremra Magnúsi Þór Jónssyni – Megasi – vilji sjálfstæðismenn hylla borgarskáldin er hann kjörinn – sprelllifandi og hér á meðal okkar. Hann hefur lofað stræti hennar Reykjavíkur, hús og sund af meiri þokka en nokkurt annað skáld á síðustu fjórum áratugum. Og fáir hafa höndina næmari á hjarta borgarinnar.

Vísast mun hann kunna þeim litla þökk sem laumar því að borgarstjórn að hreinlegast sé að reisa styttu af borgarskáldinu Megasi – vilji menn lifandi minnisvarða á annað borð. Því skal það gert: Megas á stöpul í Bakarabrekkunni við hlið séra Friðriks: Víst er ég krosshanginn í dag / mér glymja klukkur dóms / og kirkjumálaráðherrann er digur / ég skal aldrei aldrei gefast upp nei nei / um tíma og eilífð fæ ég frægan sigur.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* ÁBYRGÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Verkstjórnarnámskeið

Námskeið fyrir starfandi og verðandi verkstjórnendur

Markmiðið er að þjálfa millistjórnendur til að taka á málum sem varða hagsmuni fyrirtækja og starfsmanna.

Námsþættirnir eru yfir 20. Meðal þeirra eru:

- Samskipti í starfi
- Hvatning og starfsánægja
- Nútíma stjórnunarhættir
- Mannauðsstjórnun
- Áætlanagerð
- Stjórnun breytinga

Námskeiðið er samtals **85 stundir** og skiptist í tvo hluta. Næstu námskeið hefjast **6. október** og **10. nóvember**.

Nánari upplýsingar og skráning hjá **Nýsköpunarmiðstöð Íslands** í síma **522 9000** og á vefsíðu okkar **www.nmi.is**.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Impra frumkvöðlar og sprotar

FRÁ DEGI TIL DAGS

Veit ekki
Björn Bjarnason dómsmálaráðherra flutti fyrirlestur á vegum Sagnfræðingafélagsins í fyrradag þar sem hann stiklaði á stóru í sögu kalda stríðsins heima og heiman. Að lokinni framsögu svaraði Björn spurningum úr sal. Á heimasíðu sinni nefnir Björn að Steingrímur J. Sigfússon, formaður vinstri grænna, hafi spurt sig hvort hann teldi eðlilegt að sími Ragnars Arnalds hefði verið hleraður árið 1968. Björn svaraði því til að hann vissi ekki hvort sími Ragnars hefði verið hleraður, hlerunarheimild væri ekki það sama og hlerun.

Svaraði ekki
Hér gætir örlítillar ónákvæmni í frásögn Björns. Steingrímur spurði hvort Björn teldi að það hefði verið eðlilegt tilefni til að hlera símann hjá Ragnari árið 1968. Gildir þá einu hvort síminn var í raun hleraður eða einungis veitt til þess heimild þar sem ásetningurinn var til staðar. Björn gerði enga tilraun til að svara því.

Óskar IX
Óskar Hrafn Þorvaldsson tók við fréttastjórn sameinaðrar fréttastofu Stöðvar tvö og Vísis í fyrradag. Hann er þar með orðinn níundi fréttastjórinn í 22 ára sögu Stöðvar tvö og fetar í fótspor Páls Magnússonar, Sigurveigar Jónsdóttur, Ingva Hrafns Jónssonar, Elínar Hirst, Karls Garðarssonar, Sigríðar Árnadóttur, Sigmundar Ernis Rúnarssonar og Steingríms Sævarrs Ólafssonar.
bergsteinn@frettabladid.is

Breiðavíkurhagfræði

Stígvél í Moskvu í gamla daga kostuðu ekki þrjátíu rúblur, þótt það stæði skýrum stöfum á verðmiðanum. Þau gátu kostað þrjátíu rúblur og þrjá tíma, ef biðröðin fyrir utan búðina var löng. Reglan um fórnarkostnað er þessi: stígvélin kosta það, sem kaupandinn þarf að fórna til að fá þau. Sumir fengu stígvélin fyrir fimmtíu rúblur með því að borga einhverjum tuttugu rúblur fyrir að standa í röðinni. Ef stígvélunum var rænt á heimleiðinni, hver átti bótakrafan að vera? Þrjátíu rúblur eða fimmtíu? Klárlega fimmtíu, og þá hefði átt að duga að leggja fram kvittun fyrir stígvélunum og fyrir tuttugu rúblna greiðslunni til þess, sem tók að sér að bíða í röðinni. (Reyndar voru tryggingar svo að segja óþekktar í Sovétríkjunum sálugu, en það er önnur saga.) Að sönnu gefa menn yfirleitt ekki út kvittun handa sjálfum sér fyrir að standa tímunum saman í biðröð, en það breytir engu um eðli málsins: biðtíminn kostar sitt. Zeit ist Geld, segja Þjóðverjar. Verðmiðar geta verið villandi.

Tökum annað dæmi, svo að ekkert fari milli mála. Margir stúdentar, stjórnmálamenn og aðrir eru mótfallnir skólagjöldum. Þeir telja, að með skólagjöldum væri horfið frá þeirri skipan, að menntun sé ókeypis. En stöldrum við: menntun er ekki og hefur aldrei verið ókeypis. Stúdentar þurfa nú eins og alltaf áður að kosta miklu til að eyða mörgum árum í menntun sína, því að tímann gætu þeir ella notað til að vinna sér inn tekjur. Skólagjöld yrðu aldrei annað en léttvæg viðbót við þann fórnarkostnað, sem stúdentar bera nú þegar vegna skólagöngu sinnar.

ÞORVALDUR GYLFASON
Í DAG | Skaðabótaréttur

Skaðabætur, miskabætur
Bandarísk skaðabótalöggjöf virðir fórnarkostnaðarhugtakið. Ef einn veldur öðrum tjóni í Bandaríkjunum, er fjárhagslegt tjón ekki bundið við útlagðan kostnað tjónþolans, heldur er fórnarkostnaðarhugtakið lagt til grundvallar skaðabótamatinu. Takist tjónþolanum að sýna fram á fjárskaða umfram útlagðan kostnað, og það er iðulega auðvelt, eru honum dæmdar bætur í samræmi við það. Bandarískir dómstólar dæma tjónþolum því iðulega myndarlegar skaðabætur, sem eru tjónvöldum víti til varnaðar. Ætla mætti, að draga myndi úr svikum, fúski og vanrækslu ýmissa íslenzkra byggingarfyrirtækja, ef lögin í landinu byðu þeim að bæta fórnarlömbum sínum ekki aðeins útlagðan kostnað, heldur allt fjártjón, til dæmis vegna tímans, sem það tekur fórnarlömbin að leita réttar síns, og annað rask. Miskabætur eru annars eðlis, þar eð þær eru bætur fyrir annað tjón en fjártjón. Alþingi þarf að færa skaðabótalögin og skylda löggjöf í nútímalegt horf með fórnarkostnaðarhugtakið að leiðarljósi.

Dæmdur saklaus
Höldum áfram. Hugsum okkur mann, sem var ranglega dæmdur til fangavistar. Tíu árum síðar kemur í ljós, að hann var saklaus. Hvernig er hægt að bæta honum skaðann? Slíkur skaði verður aldrei bættur til fulls, en fórnarkostnaðarhugtakið varðar veginn að sanngjörnum bótum. Hægt er að dæma manninum bætur miðað við þau laun, sem hann hefði getað unnið sér inn, hefði hann um frjálst höfuð strokið frekar en að sitja inni í tíu ár. Hálaunamaður fengi þá ríflegri bætur en láglaunamaður. Hér rísa ýmis viðkvæm álitamál, en þau er hægt að leysa. Að sönnu er erfitt að meta, hversu miklar miskabæturnar eigi að vera í máli sem þessu. Þeim mun brýnna er, að skaðabæturnar séu þá rétt reiknaðar og sanngjarnar. Þetta á við um sjómennina tvo, sem mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna lagði að íslenzka ríkinu í fyrra að greiða skaðabætur.

Ný viðhorf, ný lög
Tökum að endingu annað dæmi af öðrum toga. Íslenzka ríkið hefur tekið á sig sök gagnvart nokkrum drengjum, sem geymdir voru gegn vilja sínum á vistheimilinu í Breiðavík, og hefur heitið þeim bótum. Lögmaður drengjanna, sem nú eru fullorðnir menn, leggur fórnarkostnað til grundvallar bótakröfum þeirra vegna tímans, sem þeir töpuðu, skólagöngunnar, sem þeir voru sviptir, og vegna þess að þeir voru látnir vinna kauplaust. Miskann í máli sem þessu er erfitt að meta til fjár eða á nokkurn annan kvarða, meðal annars af því að ólíkir menn taka misgerðir misjafnlega nærri sér. Fjárskaðann er auðveldara að meta eftir þekktum og tiltækum leiðum. Það þarf að gera. Fórnarkostnaðarhugsunin kallar á nýj viðhorf, nýja túlkun laga og ný lög.

Ekki hærri í þrettán ár

UMRÆÐAN
Jóhanna Sigurðardóttir skrifar um lágmarkstekjur lífeyrisþega

Sérstök lágmarksframfærslutrygging lífeyrisþega varð að veruleika í vikunni.

Með henni eru einstæðum lífeyrisþegum tryggðar 150.000 krónur að lágmarki í mánaðartekjur en einstaklingum í sambúð 128.000 krónur. Eftir breytinguna hafa lágmarkstekjur lífeyrisþega ekki verið hærri í 13 ár. Hækkun tekna þeirra lífeyrisþega sem hvað verst hafa staðið nemur eftir þessa aðgerð ríflega 19% á síðastliðinum 9 mánuðum. Með reglugerðinni hefur það einnig verið tryggt að lágmarksframfærslutryggingin breytist í samræmi við verðlagsþróun eins og neysluvísitalan mælir hana og mun hún því hækka enn um næstu áramót.

Á rúmu ári hefur ríkisstjórnin í samræmi við stefnuyfirlýsingu sína hrint í framkvæmd fjölmörgum aðgerðum til þess að sporna gegn fátækt og bæta kjör þeirra sem minnst hafa til framfærslu. Hækkanir á greiðslum til lífeyrisþega nema á einu ári um tíu milljörðum króna, sem er um 18% hækkun miðað við árið á undan. Samhliða er einnig unnið að heildarendurskoðun á almannatryggingum sem ljúka mun á þessu ári.

JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Af einstökum aðgerðum í lífeyrismálum nefni ég afnám skerðinga bóta vegna tekna maka, hækkun frítekjumarks vegna atvinnutekna lífeyrisþega, úr 27.500 krónum í 100.000 á mánuði, lækkun skerðingarhlutfalls ellilífeyris, sérstakt 90.000 króna frítekjumark vegna fjármagnstekna, allt að 25.000 króna uppbót á eftirlaun til aldraðra sem hafa litlar eða engar greiðslur úr lífeyrissjóðum, 25.000 króna frítekjumark á greiðslur öryrkja úr lífeyrissjóðum og hækkun aldurstengdrar örorkuuppbótar. Þessar breytingar hafa komið langflestum lífeyrisþegum til góða og síðustu aðgerðir eru sérstaklega til þess fallnar að bæta stöðu þeirra sem verst hafa verið settir í hópi lífeyrisþega. Lífeyriskjör þeirra hafa ekki verið betri í 13 ár og ljóst að með tilkomu Samfylkingarinnar í ríkisstjórn eru runnir upp nýir og betri tímar í lífeyrismálum aldraðra og öryrkja. Kjarabætur þessa árs eru þó aðeins fyrstu skrefin á lengri vegferð til bættra kjara lífeyrisþega.

Höfundur er félags- og tryggingamálaráðherra.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



Hvítkál
189,kr./kg.
ÁÐUR 229,kr./kg.

Kínakál
319,kr./kg.
ÁÐUR 389,kr./kg.

Lambahjörtu
198,kr./kg.

Lambalifur
198,kr./kg.

Lambahryggur
1.495,kr./kg.

Lambanýru
125,kr./kg.

Spergilkál
389,kr./kg.
ÁÐUR 449,kr./kg.

Blómkál
349,kr./kg.
ÁÐUR 398,kr./kg.

Súpukjöt (blandað)
598,kr./kg.

Uppskeruhátíð

18. - 20. september



Kartöflur
119,kr./kg.
ÁÐUR 198,kr./kg.

Rófur
129,kr./kg.
ÁÐUR 198,kr./kg.

Gulrætur
189,kr./kg.
ÁÐUR 298,kr./kg.

Lambalæri
1.289,kr./kg.

Gildir til laugardagsins 20. september

FK
FJARÐARKAUP

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudag

Fjarstýring á allt
Eða næstum allt. Þú getur ekki stýrt tímanum með þessarri en hún virkar á flest sjónvörp, spilara og afruglara. 400 krónur.

USB Bollavermir
Haltu kaffibollanum þínum heitum á meðan þú flakkar um veraldarvefinn. 400 krónur.

USB Talnaborð
Talnaborð fyrir fartölvur. 1200 krónur.

Fyrir Skype og tölvuleiki
Heyrnartól með hljóðnema. Tilvalin handa þeim sem tala við heimsbyggðina í gegnum tölvuna eða fyrir þá sem spila gagnvirka tölvuleiki. 1200 krónur.

TIGER
Villidýr á verði
Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri
Sendum í póstkröfu: tiger.kringlan@simnet.is

Þjóðaratkvæðagreiðsla um aðildarviðræður vorið 2009

UMRÆÐAN
Birkir Jón Jónsson, Páll Magnússon og Sæunn Stefánsdóttir skrifa um Evrópumál

BIRKIR JÓN JÓNSSON

PÁLL MAGNÚSSON

SÆUNN STEFÁNSDÓTTIR

Miklir erfiðleikar blasa við í íslensku efnahagslífi nú um stundir og ljóst að fram undan eru vandasöm viðfangsefni fyrir almenning og atvinnulífið í landinu. Lúta þau að grundvallaratriðum hvers þjóðfélags, þ.e. hvernig unnt sé að tryggja atvinnu manna, halda fyrirtækjum gangandi og viðhalda og treysta velferð og samhjálp samfélagsins.

Af þeim sökum felast brýnir hagsmunir í því að íslenska þjóðin úrskurði sjálf um það í hvaða átt hún vilji að íslenskt samfélag þróist á næstu árum og áratugum. Ekki er unnt að eyða öllu meiri tíma í vangaveltur og karp um hvað kann og kann ekki að felast í þeim valkostum sem uppi eru varðandi gjaldmiðilinn og stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna. Fólk og fyrirtæki líða á hverjum degi fyrir aðgerðaleysi og ákvarðanatökufælni.

Þjóðin þarf að fá að kveða upp sinn dóm um skipan mála í framtíðinni og hið eina rétta er að hún geri það í sérstakri þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort hún vilji byggja á þeirri stöðu sem við búum við í dag eða hvort hefja eigi aðildarviðræður við Evrópusambandið. Mikilvægt er að atkvæðagreiðslan verði óháð flokkspólitískum kosningum og fari því fram í síðasta lagi í maí 2009. Um svo brýnt mál er að ræða að rétt er að þingmenn þjóðarinnar sýni þá ábyrgð og þverpólitísku samstöðu að lyfta umræðunni upp úr þeim skotgrafarhernaði sem ríkt hefur liðin misseri og beiti sér fyrir því að faglegar stofnanir taki saman upplýsingar um kosti og galla aðildar sem í kjölfarið yrðu birtar þjóðinni.

Yfirgripsmikil vinna á vettvangi Framsóknarflokksins

Á miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins síðastliðið vor kynnti formaður flokksins, Guðni Ágústsson, þá hugmynd að eina raunhæfa leiðin til að ná fram sátt í Evrópumálum væri sú að ganga til tvöfaldrar þjóðaratkvæðagreiðslu um mögulega aðild Íslands að Evrópusambandinu. Fyrri þjóðaratkvæðagreiðslan varðaði það hvort landsmenn vildu yfirhöfuð að farið yrði í aðildarviðræður við Evrópusambandið en síðari þjóðaratkvæðagreiðslan færi einungis fram ef þjóðin samþykkti að hefja slíkar viðræður og í henni yrði borinn undir þjóðina sá samningur sem yrði niðurstaða viðræðna við Evrópusambandið.

Þessi sáttaleið var samþykkt einróma á miðstjórnarfundinum. Hafa ber í huga að miðstjórn Framsóknarflokksins er ein æðsta eining flokksins og sú sem fer með umboð flokksins á milli flokksþinga og útfærir meginstefnu hans í landsmálum. Flokkurinn fylgir því heill og óskiptur þessari markverðu stefnu.

Hin skynsamlega stefna sem miðstjórn Framsóknarflokksins samþykkti síðastliðið vor er framhald af yfirvegaðri og yfirgripsmikilli vinnu sem farið hefur fram innan flokksins undanfarin ár. Framsóknarflokkurinn hefur enda tekið ábyrga afstöðu í þessum málum og sinnt viðfangsefninu af fullri alvöru til að vera búinn undir þær breytingar sem framtíðin kann að bera í skauti sér.

Segja má að stefnumörkun núverandi formanns sé rökrétt skref í framhaldi af vinnu undir formennsku forvera Guðna, þeirra Halldórs Ásgrímssonar og Jóns Sigurðssonar, en í formannstíð þeirra störfuðu tvær Evrópunefndir á vegum flokksins sem fóru rækilega í saumana á hagsmunum, stöðu og horfum í samskiptum Íslendinga við önnur Evrópulönd, auk þess að móta samningsmarkmið Íslendinga, ef til aðildarviðræðna við Evrópusambandið kæmi.

Núverandi formaður Framsóknarflokksins hefur haldið vegferðinni áfram og beitt sér fyrir skipan nefndar sem hefur á liðnum mánuðum unnið ötullega að því að greina stöðuna í gjaldmiðilsmálum þjóðarinnar og meta kosti og galla mismunandi leiða og valkosta í þeim efnum.

Niðurstaða gjaldmiðilsnefndar Framsóknarflokksins

Gjaldmiðilsnefnd Framsóknarflokksins skilaði niðurstöðu sinni í skýrsluformi síðastliðinn þriðjudag. Niðurstaða nefndarinnar er sú að Ísland standi fyrst og fremst frammi fyrir tveimur valkostum. Annaðhvort að viðhalda krónunni sem framtíðargjaldmiðli og þá með fjölbreyttari framkvæmd peningastefnunnar og stórefldum gjaldeyrisvarasjóði eða að taka upp evru sem gjaldmiðil með fullri aðild að peningamálastefnu Seðlabanka Evrópu. Síðari valkosturinn þýðir með öðrum orðum, eins og staðan er að flestra mati í dag, að upptaka evru yrði ekki fengin án aðildar að Evrópusambandinu.

Brýnt að fá úr því skorið hvar hagsmunirnir liggja

Það er skoðun greinarhöfunda að í því efnahagsástandi og alþjóðlega viðskiptaumhverfi sem Ísland býr við sé nauðsynlegt að fá hið fyrsta úr því skorið hvort íslenska þjóðin sé reiðubúin að láta hefja viðræður við Evrópusambandið með aðild Íslands í huga. Ef þjóðin verður því samþykk fæst úr því skorið í eitt skipti fyrir öll, með aðildarviðræðum, hvaða markmiðum og ávinningi Ísland gæti náð með aðild að sambandi hinna 27 fullvalda Evrópuríkja. Ef þjóðin synjar slíkum viðræðum geta stjórnvöld, aðilar vinnumarkaðarins og almenningur einhent sér í það með fullri samstöðu allra aðila að þróa íslenskt samfélag og efnahagsumhverfi áfram út frá þeirri stöðu sem við blasir.

Aðeins með þessum hætti verður unnt að fá fram lýðræðislega niðurstöðu um þann grundvöll sem þjóðin gæti myndað nauðsynlega samstöðu um til að byggja upp öflugt og framsækið samfélag til langrar framtíðar.

Höfundar eru félagar í Framsóknarflokknum.

Gamlir taktar slegnir

UMRÆÐAN
Víglundur Þorsteinsson skrifar um krónur, evrur og íslenska „kreppu“

VÍGLUNDUR ÞORSTEINSSON

Reynslan frá verðbólguárum fyrri aldar var ekki með öllu gleymd og margir sem enn kunnu gamla eyðslutaktinn og þurftu ekki skýringar við um hvert stefndi.

Áhrifin létu heldur ekki á sér standa. Gamlir taktar tóku sig upp. EYÐA FYRST OG SPYRJA SVO. Allt flaut í peningum. Kaupa meira. Kaupa stærra. Útrás, fjárfesta, ekki missa af gróðanum.

EYÐA, GRÆÐA MEIRA. MEIRA. Allt þetta kunnum við Íslendingar vel frá óðaverðbólguárunum og þeir sem ekki höfðu lifað þau höfðu völ á „reyndum fyrirmyndum“.

Allt var þetta gamalkunnugt og afleiðingarnar fyrirsjáanlegar. Erlent lánsfé streymdi inn í landið, innflutningur jókst, þenslan var kynt. Gengið hækkaði vegna sífelldrar erlendrar lántöku og peningainnstreymis. Viðskiptahallinn blés út. Seljandamarkaður skapaðist. Verðskyn hvarf. Hlaupa kaupa. Enginn vildi missa af „góðærislestinni“.

Útflutningsframleiðsla og innlend samkeppnisframleiðsla og þjónusta drógust saman við þessar aðstæður, enn jók á viðskiptahallann, eyðsla og einkaneysla var í fyrirrúmi sem kveikti á ný verðbólgu sem áður hafði verið í böndum. Nýtt verðbólguskeið var að hefjast og um að gera að vera á undan bólgunni í eyðslunni og fjárfestingum.

„Gömlu tímarnir“ voru runnir upp og orðnir þeir NÝJU. Enn meiri peningar streymdu inn. Gengið styrktist enn frekar. Eyðsla varð enn „vænlegri“, það gilti öllu að grípa gæsina þá hún gafst. Aðferðin var jú margreynd á gömlu verðbólguárunum og „margar fyrirmyndir á vellinum“.

Þessi veisla reyndist endingarbetri en margar þær fyrri og það tókst að halda henni gangandi í tæp 5 ár vegna ríkulegs aðgangs að ódýru erlendu lánsfé. Allir vissu þó að einhvers staðar fram undan biðu verkirnir.

Þar kom að viðvörunarljósin fóru að blikka. Upp rann alþjóðleg lánakreppa. Erlendar fjármálastofnanir sem höfðu tekið stærstu áhætturnar bognuðu fyrstar og þurftu að leita aðstoðar um leið og þær urðu að afskrifa stjarnfræðilegar fjárhæðir úr reikningum sínum.

Seðlabankar opnuðu enn dyrnar, prentuðu og lánuðu peninga til að koma í veg fyrir hrun. Það eitt dugði þó ekki til. Stórir bankar eins og UBS, Citibank, Lehman o.fl. skulfu og nötruðu og bankastjórarnir þurftu að ganga bónarveginn að olíufurstunum í Persaflóa og nýríkum þjóðum Asíu og biðja um nýtt áhættufé sem ekki fékkst lengur á hlutabréfamörkuðunum. Aðrir bankar brotnuðu hreinlega eins og dæmin sýna.

Nú voru runnir upp nýir tímar. Áhættusóknin vék og varúð og áhættufælni tóku við. Skyndilega tók fyrir lánsfé á alþjóðamörkuðum og það hafði sín áhrif hér á landi sem annars staðar.

Á þessum tíma var það svo að hér voru kjarasamningar í undirbúningi. Sá undirbúningur hófst sumarið 2007 nokkru áður en ljósin á alþjóðamörkuðum fóru að blikka. Þær forsendur sem menn lögðu upp á þeim tíma voru byggðar á bjartsýni og trú á framtíðina. Síðan lögust viðræður niður enda ekki komið að endanlegri gerð nýs kjarasamnings fyrr en undir áramót 2007-2008.

Þegar hafist var handa að nýju studdust menn áfram við forsendur sumarsins 2007 og gerðu fullir bjartsýni kjarasamninga samkvæmt aðferðum sem ekki höfðu sést í tæplega 20 ár. Kjarasamninga sem leiddu til upphafskauphækkana allt að 15% og algengra hækkana á bilinu 5-10%. GAMALDAGS VERÐBÓLGUSAMNINGA.

Höfundur er stjórnarformaður BM Vallár. Lokakaflinn í greinaröð Víglundar, Kjarasamningar: Þjóð í kreppu, birtist á morgun.

GAMLAR KRUKKUR er hægt að nota í ýmislegt. Til dæmis undir kertastubba, sem hefur verið haldið til haga, og setja svo við útidyrnar þegar von er á gestum og veðrið er tiltölulega stillt. Krukku með logandi kerti má einnig koma fyrir innandyra til að skapa góða stemningu.

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

Þorleifi þykir afar vænt um peysu sem móðuramma hans prjónaði á hann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ullin er alltaf jafn heit

Þorleifur Einarsson gekk lengi vel í fötum af eldri bróður sínum og segist ekkert of upptekinn af tískunni. Hann heldur allra mest upp á lopapeysu sem amma hans prjónaði.

Móðuramma dansarans Þorleifs Einarssonar prjónaði á hann peysu fyrr á árinu sem hann heldur mikið upp á.

„Mér þykir mjög vænt um þessa peysu og er hún tvímælalaust uppáhaldsflíkin mín. Hún hentar auk þess mjög vel nú þegar farið er að kólna í veðri," segir Þorleifur sem almennt er ekki mjög upptekinn af tískunni. „Ullin er þó alltaf heit," fullyrðir hann.

„Ég ólst annars upp við það að erfa föt frá eldri bróður mínum og grip yfirleitt bara það sem hendi er næst. Ég reyni þó að láta fötin passa saman og spái auðvitað eitthvað í þessi mál," segir hann sposkur.

Þorleifur var í samkvæmisdönsum í sextán ár en segist ekki yfirfæra stílinn sem honum fylgir á eigið fataval. „Föt samkvæmisdansara þurfa að vera þröng til að dómararnir geti sem best greint hreyfingarnar og í sterku ljósi þurfa strákarnir jafnvel að vera málaðir," segir Þorleifur og segist hafa tekið út fyrir það á yngri árum. „Dansinn gefur þó svo margt annað og lærir maður bæði að bera virðingu fyrir hinu kyninu og koma fram. „Ég geng þó aldrei í níðþröngum fötum og finnst það vægast sagt óþægilegt."

Þorleifur, sem stundar nám á listnámsbraut við Fjölbrautaskólann í Breiðholti, leikur og dansar í Ástin er diskó – lífið er pönk í Þjóðleikhúsinu og er staðráðinn í því að leggja leiklistina fyrir sig. Hann er auk þess í hljómsveitinni Hvar er Mjallhvít? sem heldur útgáfutónleika í Iðnó fimmtudaginn 9. október næstkomandi. *vera@frettabladid.is*

;TÍSKA

FARMERS MARKET – ICELAND býður upp á föt og fylgihluti með áherslu á náttúruleg hráefni þar sem íslenska ullin er höfð í öndvegi. Hin íslenska arfleifð þar sem menn og dýr hafa öldum saman lifað í sambýli við harðgerða náttúruna er gjarnan innblásturinn að vörunum.

Fæst í apótekum, fótaaðgerðastofum, snyrtistofum og öðrum verslunum.

Frábærar vörur pompea betra verð



Apótek, verslanir, Fjarðarkaup, Þín Verslun Spar
Dreifingaraðili: S. Gunnbjörnsson ehf.

Mikið úrval af yfirhöfnum

Vefta tískuföt • Hólagarði & Mjódd
www. vefta.is

EUROSKO
Firði, Hafnarfirði • s. 555-4420
sendum í póstkröfu

Þessi telpukjóll er í stærðum frá eins til átján mánaða. Teppið með blúndu er 90x90 sentimetrar að stærð.

Útprjónuð, opin peysa með ísettum ermum, húfa og hosa fylgja. Stærðir frá þriggja mánaða til fjögurra ára.

Nýtt og sætt á blessuð börnin

Gaman er að hafa eitthvað á prjónum þegar kvöldin lengjast.

Smábarnaforeldrum og ötulu prjónafólki til yndisauka hefur Tinna gefið út nýtt ungbarnablað. Þar er hver flíkin annarri eigulegri og eru ætlaðar börnum á aldrinum eins mánaða til fjögurra ára. Allir vita að einstök tilfinning fylgir því að færa börn í heimagerðar flíkur. Uppskriftirnar eru sérstaklega hannaðar fyrir SandnesGarn sem fæst á sölustöðum úti um allt land. Þær breytingar hafa orðið á dreifingu garnsins hér á höfuðborgarsvæðinu að Hagkaup eru hætt að selja það en Rúmfatalagerinn hefur tekið við. *- gun*

Íslensk föt í bíómyndum

Fatnaður frá 66° Norður áberandi í erlendum kvikmyndum.

Fatnaður frá 66° Norður hefur vakið athygli í kjölfar frumsýningar á kvikmyndinni Journey to the Center of the Earth þar sem leikkonan Anita Briem klæðist Glym softshell-jakka frá fyrirtækinu. Nú hefur frést að stjörnur frönsku kvikmyndarinnar Humanis muni klæðast 66° Norður-fatnaði.

Humanis fjallar um vísindamenn sem rannsaka þróun mannsins. Saga fjölskyldu sem berst fyrir lífi sínu í gljúfri í svissnesku Ölpunum fléttast inn í hana. Margar af helstu stjörnum Frakka leika í myndinni, þar á meðal Dominique Pinon, sem fór með hlutverk í Le Fabuleux destin d'Amélie Poulain, og Élise Otzenberger.

Myndin verður frumsýnd í ársbyrjun 2009. Nánar á www.66north.is. *- rve*

Anita Briem klæddist Glym softshell-jakka í myndinni Leyndardómar Snæfellsjökuls.

;ALLT HELGIN Alla föstudaga

ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París

Af uppraknandi töskum og eðalplaststeinum

Fylgihlutir eru líklega mikilvægari en nokkru sinni fyrr í vetur. Þegar efnahagur versnar og ekki er hægt að sleppa sér algjörlega lausum í innkaupum er flott taska, skór eða belti nokkuð sem getur öllu breytt. Með því er hægt að flikka upp á gamla flík eða setja punktinn yfir i-ið á fullkomnum klæðnaði. Tvær leiðir eru færar til að eiga réttu fylgihlutina en mjög misdýrar.

Sú fyrri er ansi þekkt, það er að nota töskur og annað frá fínum tískuhúsum með ódýrari fatnaði og þannig tekur enginn eftir því hvaðan fötin koma. Eins konar dulbúningur á því sem kannski þykir ekki það fínasta á markaðnum. Vinsælustu tískuhúsin eru flest þau sömu og áður hvað varðar fylgihluti, Prada, Dior, Chanel og Vuitton. Þó eru ný nöfn á uppleið og blanda sér nú í töskustríðið mikla sem ríkir milli risanna. Thomas Burberry býður til dæmis ferkantaða, stungna herratösku sem örugglega á eftir að njóta vinsælda í vetur. Einnig er hið fjörutíu og fimm ára gamla ítalska tískuhús Valentino í mikilli sókn í töskugeiranum enda nýbúið að gera mikla andlitslyftingu með hinum nýja stílista Alessandra Faccinetti sem áður var meðal annars hönnuður Gucci eftir brottför Tom Ford. Töskur Valentinos eru eins og heill rósagarður líkt og má sjá á innkaupatöskunni með litríku silkirósunum eða leðurtöskunum úr einstaklega mjúku leðri skreyttum fagurlega gerðum leðurrósum.

Hin leiðin til að eiga réttu fylgihlutina er svo að finna eitthvað skemmtilegt sem kostar lítið og þá skiptir ekki öllu máli þó að semelíusteinarnir detti af eftir nokkra mánuði, þeir eru að sjálfsögðu bara úr plasti en ekki frá Swarovski. Og þó að þráðurinn byrji að rakna upp á töskunni með tíð og tíma þá er bara að skipta um tösku. Reyndar verður það að segjast eins og er að lúxusmerkin eru ekki alltaf trygging fyrir gæðum. Í sumar fékk ég tösku frá YSL sem eftir tveggja vikna ferð á Íslandi var nánast að rakna upp! Ég var að fá töskuna til baka eftir tveggja mánaða viðgerð sem fram fór hjá skósmiði í París.

Það má benda á áhugaverða bók sem kom út fyrir nokkru og kallast „Lux and Co“ eftir tískublaðamanninn Dönu Thomas og fjallar um hvernig tískuhúsin setja nú hagnaðarkröfu ofar gæðum. Í dag er ekki það mikilvægasta að bjóða upp á hágæðavöru heldur að skila sem mestum hagnaði. Því hafa vinnubrögð breyst, fleiri og fleiri tískuhús láta framleiða í Kína eða Indlandi, setja svo flíkina saman á Ítalíu eða Frakklandi og sauma svo miða með „Made in Italy“ á flíkina.

bergb75@free.fr

Pönk, rokk og glamúr haft í öndvegi

Söngkonan Avril Lavigne frumsýndi fatalínuna sína í Tókýó.

Rokksönkonan Avril Lavigne frumsýndi fatalínu sína Abbey Dawn í Tókýó um síðustu helgi. Í henni gætir bæði áhrifa úr popp- og rokkheiminum og leikur söngkonan sér að andstæðum eins og pönki og glamúr.

Línunni var hleypt af stokkunum í Alhambra í Kaliforníu í júlí á þessu ári en hún dregur nafn sitt af gælunafni söngkonunnar úr æsku. Línunni, sem er ætluð unglingum og upp úr, tilheyra bæði föt og fylgihlutir og gjarnan má sjá dýramynstri og hauskúpum bregða fyrir. *-ve*

Hin 24 ára Avril Lavigne þykir hafa afgerandi fatasmekk.

Lavigne blandar óhikað ólíkum stílum saman og hér má sjá köflóttan jakka við hauskúpubol.

NORDICPHOTOS/GETTY

Gallabuxur komu fyrst á markað í Bandaríkjunum í kringum 1850. Upphaf þeirra má rekja til gullgrafara í Kaliforníu sem báðu klæðskerann Levi Strauss um að sauma á sig sterkar buxur því núningurinn við grjótið í námunum var svo mikill.

Heimild: Tíska aldanna

SAMKVÆMISKJÓLAR

Rita

Bæjarlind 6, s. 554-7030
Eddufelli 2, s. 557-1730

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

ecco DAGAR

Golfskór
Casual Cool, HMAX
Hvítir/Svartir
38644 51227
Verð áður: 19.995 kr.-
Verð nú: 13.996 kr.-
Margar týpur af golfskóm til í dömu og herrastærðum
Stærðir 36-47

Barna kuldaskór
Ecco Ice braker
Svartir/Svartir
78492 00809
Verð áður: 8.995 kr.-
Verð nú: 6.296 kr.-
Margar týpur af kuldaskóm til í stærðum
Stærðir 24-40

Herraskór
Ecco Transporter
Svartir
22484 50130
Verð áður: 13.995 kr.-
Verð nú: 9.796 kr.-
Stærðir 40-47

Herraskór
Buisness Comfort
Svartir
35624 00101
Verð áður: 11.995 kr.-
Verð nú: 8.396 kr.-
Stærðir 40-47

Dömuskór
Ecco City colombus
Svartir
66183 00101
Verð áður: 11.995 kr.-
Verð nú: 8.396 kr.-
Stærðir 36-42

Dömuskór
Ecco wave
Brúnir
14433 00172
Verð áður: 9.995 kr.-
Verð nú: 6.997 kr.-
Stærðir 36-42

Toppskórinn
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109
OPIÐ: MÁN.-FÖS. 11 - 18, LAU. 11 - 16
SENDUM Í PÓSTKRÖFU

HEIMILI

ARTTOUR MONTANA er heiti sýningar sem verður opnuð í versluninni Epal í dag. Þar gefur að líta verk eftir nokkra af fremstu listamönnum Danmerkur sem eiga sameiginlegt að nota Montana hillur sem undir- eða uppistöðu í verk sín.

MYNDAVÉLAR,
MIKIÐ ÚRVAL

KYNNTU ÞÉR VERÐIN Á

FOTOVAL.IS

Berjamynta getur verið bæði inni og úti en ekki er hún æt. Fæst í Garðheimum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Lyng og haust. Það heyrir saman. Meðal annars fáanlegt í Garðheimum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Litskrúð haustsins heim

Hverju vori fylgir sumar, hverju sumri fylgir haust, var eitt sinn sungið og sömu lögmál gilda enn. Ljúfum stundum í garðinum fækkar og sumarskrúðið lætur á sjá en heimilin fagna haustlitum í blómum.

„Ástareldur, piparplöntur og meyjarkoss eru vinsæl stofublóm á þessum árstíma og svo hið árvissa haustlyng sem notað er bæði utan húss og innan,“ segir Steinunn Reynisdóttir, garðyrkjufræðingur í Garðheimum.

Í sama streng tekur Jenný Ragnarsdóttir, eigandi Blómastofu Friðfinns, sem bendir á að mikil árstíðaskipti séu ávallt í blómabúðum. „Nú eru appelsínugulu og rauðu litirnir heitastir, svo koma graskerin í næsta mánuði og eftir það fer að halla nær jólum svo alltaf er verið að fást við eitthvað spennandi,“ segir hún.

Starfsfólk blómabúða má ekki taka neitt úr náttúrunni að sögn Jennýjar. „Við megum bara horfa á reynitrén og berin úti. En við flytjum inn alls konar mosa, litríkar greinar og fleira í anda haustsins.“ *- gun*

Burkni, ástareldur og rósir koma hér við sögu sem sjá má. Úr Blómastofu Friðfinns. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Meyjarkoss er myndarleg planta með litfögrum blómum og fæst hún í Garðheimum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Málaðu baðkarið

BAÐKARIÐ MÁ MÁLA MEÐ RÉTTUM AÐFERÐUM ÞEGAR BREYTA Á TIL Á BAÐHERBERGINU.

Oft má breyta til með litlum tilkostnaði með því að mála. Á vef Slippfélagsins er meðal annars að finna leiðbeiningar við að mála baðkar. Baðkör eru yfirleitt með gljáhúð sem þarf að matta vel. Byrja þarf að fituhreinsa baðkarið vel með sérstökum fituhreinsi sem þarf að liggja á í fimmtán mínútur. Þá er karið skolað og þurrkað. Svo þarf að slípa yfirborðið með sandpappír af grófleika 180 til 220. Að því loknu er mikilvægt að rykhreinsa vel með rykklút áður en grunnað er með tveggja þátta grunni. Þá er komið að því að lakka baðkarið í nýjum lit og þá skal nota tveggja þátta pólýúreþan-lakk og lakka tvær til þrjár umferðir. Þegar lakkið er orðið þurrt skal baðkarið fyllt af köldu vatni og látið standa í eina klukkustund en svo er það tilbúið til notkunar.

Athuga þarf að efnin sem notuð eru við verkið eru mjög lyktarsterk og því skal hafa góða loftræstingu meðan á verkinu stendur og nota kolagrímu fyrir vit. Nánari upplýsingar á www.slippfelagid.is undir liðnum spurt og svarað. *- rat*

Baðkör er hægt að mála með réttum aðferðum. MYND/GETTY IMAGES

Skemmtileg gamaldags hilla með krókum.

MYND/ALL THE LUCK IN THE WORLD



Ýmsa skemmtilega muni má finna á vefsíðunni, eins og þetta skrifborð sem myndi sóma sér vel í unglingaherbergi eða inni í stofu og þennan kertastjaka.

Öll heimsins heppni

Á vefsíðunni All the luck in the world kennir ýmissa grasa fyrir þá sem áhuga hafa á gamalli og sígildri hönnun.

Vefsíðan All the luck in the world selur sérvaldar vörur, bæði notaðar og nýjar, handgerðar og jafnvel endurhannaðar.

Aðstandendur síðunnar segjast velja inn vörur með gleðina að leiðarljósi og markmið síðunnar sé að dreifa hamingju og heppni til neytenda. Eitthvað af ágóða sölunnar rennur til sjóðsins Mama Cash sem styrkir konur um allan heim.

Slóðin á síðuna er www.alltheluckintheworld.nl. *- rat*

White-Westinghouse

ÞVOTTAVÉL
· Topphlaðin
· 11 kg af þurrum þvotti.
· Vindur vel.
· Fljót að þvo.
· Sparneytin.
· Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

ALLT MATUR
Alla föstudaga

Mamma, pabbi, börn og bíll, allir nú í Grindavík

Réttarball um kvöldið í Salthúsinu og Lukkuláka Sjá nánar á vefsíðu

Í Réttir

Þórkötlustaðaréttir verða **laugardaginn 20. september**
Sjá nánar á salthúsid.is

Réttardagurinn er einn af þeim dögum sem bjóða upp á líf og fjör jafnt fyrir börn og fullorðna. Ratleikurinn "Finna féð" verður á dagskrá í nágrenni við réttina. Leikurinn gengur út á að svara léttum spurningum um sauðkindina og geitina. Dregið verður úr réttum svörum og þrír ullarvinningar í verðlaun. Safnið kemur til rétta um hádegisbilið og dregið verður í dilka kl. 14:00. Í Auðsholti verður boðið upp á kjötsúpu í stóru tjaldi og haustmarkaður verður í anddyri reiðhallarinnar. Þeir sem áhuga hafa á að selja á haustmarkaði hafi samband í Saltfisksetriðrið s. 4201190 fyrir 19. september.

Nánari upplýsingar um viðburði á www.grindavik.is eða í Saltfisksetrinu

Margrét Brynjólfsdóttir opnar málverkasýningu
í Listasal Saltfiskseturs Íslands í Grindavík
Sýningin stendur til 28. september.

Sýningin fjallar meira og minna um jörðina og tengslin við náttúruna og þann stað sem hún er alin upp á. Margrét er löngu orðin þekkt fyrir myndir sýnar af grjóti og hún heldur áfram í Grindavík og sýnir okkur hve grjótið og gjárnar eru sterk myndefni.

Saltfisksetrið er opið alla daga frá 11:00-18.00.

Í viðburða og menninagrdagskrá Grindavíkur og Saltfisksetursins kemur fram að réttardagur verði aðra helgi í September, leiðréttist það hér með.

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

BÍLAR & FARATÆKI

TOYOTA LAND CRUISER 80 4.2 TDI 46" Árgerð 1996. Ekinn 84 þ.km.

NISSAN DOUBLE CAB 4WD DÍSEL Árgerð 2002. Ekinn 135 þ.km. Verð kr. 990.000.

SUZUKI JIMNY JLX Árgerð 2003. Ekinn 87 þ.km. Verð kr. 990.000. Áhvílandi kr. 800 þúsund, mánaðarleg afborgun kr. 17 þúsund. Fæst á yfirtöku.

SUBARU IMPREZA SEDAN GX 4WD Árgerð 2006. Ekinn 17 þ.km. Verð kr. 2.390.000.

FORD MUSTANG GT STEEDA Árgerð 2005. Ekinn 29 þ.km. Verð kr. 3.990.000.

TOYOTA COROLLA H/B SOL Árgerð 2004. Ekinn 35 þ.km. Verð kr. 1.650.000.

Bílalind
Vagnhöfði 9, 110 Reykjavík
Sími: 580 8900
www.bilalind.is

Vantar á staðinn flestar gerðir bíla. Malbikað plan á besta stað við innkeyrslu bæjarins.

Bílasalan Bílás Akranes
Smiðjuvöllum 17, 300
Akranes
Sími: 431 2622
www.bilas

Riding Iceland
Fjórhjóla og mótorhjólaleiga

Fjórhjólaleiga: Can-Am Outlander 400 XT, 2ja manna. Kawasaki KVF 750. Mótorhjólaleiga: Suzuki VSTROM 650. Kawasaki KLR 650. Kawasaki VERSYS 650. Yamaha XT 660.

Fjórhjóla og mótorhjólaleigan
Sími: 6951855
www.ridingiceland.is

Arnarbílar
www.arnarbilar.is

SUZUKI EIGER 400FK Með Spili, NÝTT Torfæruskráð Fjórhjól, Sjálfskiptur, Fjórhjóladrifið, Verð 890 þ. Vantar allar gerðir bíla á skrá og á staðinn S. 567 2700.

Arnarbílar ehf
Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is

TOYOTA
Reykjanesbæ

560.000- í afslátt!!!!
Toyota Prius Hybrid nýskr 12/2007. Ekinn 1þ. km, sjálfskiptur og álfelgur. Fer á góðu verði. Nýr bíll kostar 3,750,000 - ásett 3.190.000. Uppl. í síma 420 6600.

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19, 260
Reykjanesbær
Sími: 420 6600

100bílar bílasala 100bilar.is

JEEP GRAND CHEROKEE LIMITED 4X4, árg. 2002, ek. 117þús.km, Sjálfsk, rafmagn í öllu, leður, lúga omfl.!!! Ásett verð 1890 þús.kr!! Tilboð 1150þús.kr!!!

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Breiðan ehf
821-6292

Nissan Patrol árgerð 1999, 6 cylindra, beinskiptur, 38" dekk, 3" púst, loftlæsing á framan, stýristjakkur, ljósagrind, toppbogar, ekinn 210 þús., þar af vél 110 þús., sk.'09, 100% lánað, verð kr. 1.750.000. S. 821 6292.

Nissan Patrol SE árgerð 2004, ekinn 98 þús., sjálfskiptur, ný 44" dekk, loftlæsing framan, 3" púst, spilbitar, ofl., ofl., toppviðhald, sk.'09, verð kr. 4.550.000. S. 821 6292.

Nissan Patrol árgerð 2000, 3.0, sjálfskiptur, ekinn 160 þús., ný vél frá Kistufelli, Ek. 200 km. sk. '09, 100% lánað. Verð kr. 1.450.000. Uppl. í s. 821 6292.

Breiðan ehf
Sími: 821 6292

Bílar til sölu

Stórútsölur í USA styrkja þína krónu!

Fólksbílar
islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Haustútsölurnar í USA lækka verð og auka kaupmátt. Nýir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum. Yfir þrjár milljónir bíla á skrá. Dæmi um 2007/2008: Dodge Caliber frá 2.030 þús., Dodge Caravan og Chrysler Town and Country frá 2.000 þús., Toyota Camry frá 2.550 þús., Dodge Charger SXT frá 2.400, S. 5522000 - www.islandus.com.

TOYOTA HIGHLANDER HYBRID
REYNSLUAKSTUR
islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Nýir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum. Við finnum draumabílinn. Yfir þrjár milljónir bíla á skrá. Allt að 30% lægra verð. Dæmi um 2007/2008: Acura TSX, frá 3.390 þús., Volvo XC-70, frá 4.070 þús., Porche Cayman, frá 6.500 þús. Sími 552 2000, www.islandus.com.

Toyota HiLux Double Cap 3,0 Diesel árg 2007 ekinn 33Þ. 33"Dekk Hús.Og fl fl.Verð 4,490. Tilboð 3990.S: 898-2811

BMW M5 ÁRG 06 2005 EKINN 22Þ KM.Innfluttur af umboði.EINN MEÐ ÖLLU.Ath öll skipti.898-2811.

Til sölu Plymouth Grand Voygager árg. '95. Í góðu standi. Frábær fjölskyldubíll með innbyggðum 2 barnabílstólum. Nýskoðaður. V. 280 þ. S. 822 6343.

Frábær bíll, Toyota Corolla árg. '02. Bsk. Ný yfirfarinn. Tilboð 850 þ. S. 690 3294.

Fæst á 490.000!!
Til sölu Jeep Grand Cherokee árg 1999. V8 einn með öllu ek. 97þ. mil. þarfnast smá lagf. fæst á 490.000. uppl. 844-0542.

Peugot 306 árg. '98. Ek. 149 þ. Þarfnast smá viðgerðar. Verð 135 þ. Uppl. í s 659 3459.

VW Polo árg. '00. Ek.119 þ. Ný tímareim. Nýsk. Ásett verð 450 þ. Tilboð 395 þ. Uppl. í s. 659 3459.

Mercedes Benz E 220 1994, ekinn 248.000 km, silfurlitaður og grár að neðan, Drattarkula,cd,ljos innrétting,ekki rafmagn i rudum,sjalfskiptur, nyskoðaður 09. finasti bíll, skemmtilegur i akstri, kraftmikill og eydir litlu. Möguleiki á 100% visa/euro láni Verd 290.000 kr 'Oskar 8630149

Vinnubílar til sölu
2.Cit.Berlingo árg.2007 bensín, 1.Cit. Berlingo árg.2007 dísel, 1.Opel combo árg.2007 dísel, 1.Nissan Primaster árg.2007 dísel. Yfirtaka á góðum erlendum lánum.

Uppl. Stefán 824 1450.

Gullmolinn minn til sölu. Til sölu er Toyota Yaris Sol Extra árg.99. Ekinn 105þús. Einn eigandi. Skoðaður. Verð 550.000. Uppl í síma 8221461

Reunolt Megane RT class árg. '97 sk. ek. 130 þús. Góður bíll og gott viðhald. V. 130 þús. S. 486 6012 & 861 1703 & 894 9100.

0-250 þús.

Corolla 1300, árg. '98 til sölu. beinsk. ek. 190 þús, vel með farinn. Tilboð óskast. uppl. í s: 846-3906

Einn ódýr VW polo árg 98" ekin 150þúskm nýskoðaður beinskiftur mjög góður og fínn bíll verð 190 þús-und kr stgr. uppl í síma 8204640.

Til sölu Ford Mondeo árg.98. Skoðaður 09. Bíluð sjálfskipting. Verðh. 50.þús. S. 899 9494 5529494

Good Year grófmunstruð nelgd dekk MS 255/55R18 svo til ný ekin 3.000 km .

Tilboð 160 þús.
Skoda Felica árg '98 ek. 135 þús, nýsko '09, eyðir 6,5 í blönduðum akstri. Tilboð 160 þús. S. 841 8955.

250-499 þús.

Nissan Primera, station árg. 1998, ekinn 158.000þ. Ásett verð 350.000. Uppl. í síma 862 5331.

500-999 þús.

Gott verð 950000Þ Dodge Durango,slt,ssk,árg.2000. 7manna, s860 5626 eftir kl 16

Sun-Lite camper pallhysi til sölu árgerð 2004 svefnpláss fyrir 3-4 fullorðna í einu,gasmiðstöð,2 gashellur,ískápur,12v-220v,vaskur verð 600.000kr uppl:8486576

2 milljónir +

FORD ESCAPE HYBRID
6,9 L/100 KM!
islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Skiptu í Hybrid og sparaðu hundruð þúsunda í eldsneyti. Allt að 40% minni eyðsla en samt meiri kraftur. Pantaðu hybrid-reynsluakstur í Reykjavík eða á Akureyri, s. 5522000. Hybrid-bílar eru nú fáanlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.

Bílar óskast

Okkur vantar allar tegundir af bílum á skrá og á staðinni. X4 bílasala S: 565-2500 og 565-9600.

Námsmaður óskar eftir bíl/jeppa. Greiðslug. 15-100þús. staðgr., skoða allt. S. 695 2381.

Óska eftir smábíl eða jeppling á 0-150 þús., ekki eldri enn '98 árgerð, helst skoð. '09, enn má þarfnast smá lagfæringar. S. 841 8955.

Óska eftir Toyotu Corollu ssk., 5 dyra, skr. '99-'00. Einungis vel með farinn og lítið ek. kemur til greina. Enfremur er til sölu borðst.b. + 6 stólar á 15 þ. S. 858 6077.

Jeppar

Stórútsölur í USA styrkja þína krónu!

Jeppar
islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Haustútsölurnar í USA lækka verð og auka kaupmátt. Mikið framboð af jeppum. Dæmi um 2007/2008: Dodge Durango frá 2.900 þús., Ford Explorer frá 2.900 þús., Jeep Grand Cherokee frá 3.000 þús. S. 5522000 - www.islandus.com.

Sea-Doo RXP 07" með kerru ekið 40tima búið að setja stage 1 og fleirra geggjað skíði eins og nytt tilboð 1,1milljón uppl:8486576

Iðnaðarhúsnæði - samnýting Erum að leita að meðleigjand að 120 m2 iðnaðarhúsnæði í Hafnarfirði. Góð aðkoma, góðar innkeyrsludyr, góð lofthæð, kaffistofa og snyrting. Gæti hentað sem lager, verkstæði eða aðstaða fyri minni fyrirtæki. Sanngjörn leiga fyrir réttan aðila - áhugasamis sendi póst á jonsist@simnet.is og við höfum samband.

Pallbílar

Stórútsölur í USA styrkja þína krónu!

Pallbílar
islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Haustútsölurnar í USA lækka verð og auka kaupmátt. Mikið framboð af pallbílum vestanhafs. Gríptu tækifærið og gerðu góð kaup. Dæmi um 2007/2008 bíla: Ford F250 frá 2.400 þús., Dodge Ram 2500 frá 2.500 þús., Toyota Tundra frá 2.700 þús., GMC Sierra C/K 1500 frá 2.600 þús. S. 5522000 - www.islandus.com.

Sendibílar

Renault árg. '00 ek. 132þ. Hliðarhurðar báðum megin. Góður bíll. Hægt að yfirtaka lán að hluta. ATH ekki þungaskattur. Uppl. í s. 894 5476.

Til sölu Renault Mast. 04. skoð. 09. ek. 117þ. km. Uppl. 6907440 eftir kl. 13.

Mótorhjól

Kawasaki 450 árg. '07. Mjög gott ástand. Verð 460 þ. Uppl. í s. 869 6701.

General Motors fagna aldarafmæli

Nýr tengil-tvinnbíll lítur dagsins ljós BLS. 2

Vistakstur lækkar viðhaldskostnað

Landvernd býður upp á námskeið í vistakstri BLS. 6

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hér sést hinn nýi Chevrolet Volt sem fer í framleiðslu. Að neðan eru myndir af „concept" bílnum frá því í fyrra.

MYND/ AUTOBLOGGREEN.COM

100 ára afmæli GM

Hinn 16. september 1908 stofnaði William Durant fyrirtækið General Motors (GM) og í ár fagnar fyrirtækið 100 ára afmæli með því að byrjar framleiðslu á amerískum rafmagnsbíl á ný. Einungis sýniseintak hefur verið framleitt að svo stöddu, en áætlað er að bíllinn verði tilbúinn fyrir almennan markað í Bandaríkjunum í byrjun vetrar 2010.

Á aldarafmælishátíð GM, í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Detroit á þriðjudag, var þessi nýstárlegi bíll kynntur, sem á Bandaríkjamarkaði ber heitið Chevrolet Volt. Hann er svonefndur tengil-tvinnbíll og getur gengið fyrir rafmagni ásamt E85, bíódísil, bensíni eða vetni með efnarafal. Rafgeyma bílsins verður hægt að hlaða úr heimainnstungu, en með fullhlaðna geyma á bíllinn að komast um 75 kílómetra einvörðungu á rafmagni, áður en bensínvélin fer í gang og hleður rafgeymana á ný. Gert er ráð fyrir að Opel-bíll á grunni Volt komi á Evrópumarkað árið 2011. Opel-verksmiðjurnar þýsku hafa verið í eigu GM frá því árið 1929.

Árið 1996 framleiddi GM rafbílinn EV1 í því skyni að uppfylla kröfur stjórnvalda í Kaliforníu um að bílaframleiðendur sem seldu bíla þar byðu upp á loftmengunarlausa bíla. EV1 var fyrsti rafbíllinn fyrir almenning. Útvaldir viðskiptavinir gátu fengið bílinn á kaupleigusamningi en fengu þó aldrei að eignast bílinn. Þremur árum síðar (eftir að umrædd löggjöf í Kaliforníu hafði verið numin úr gildi) var framleiðslu á bílunum hætt og árið 2003 voru allir EV1-bílar afturkallaðir af GM. Vinsældir bílsins höfðu engin áhrif á GM þar sem fyrirtækið sá ekki möguleika á því að hagnast á framleiðslu hans.

Nú ber hins vegar svo við að risinn GM, sem hefur átt í kröggum undanfarin ár, bindur vonir við að það gefi fyrirtækinu góða sóknarstöðu fyrir næstu eitt hundrað árin að vera meðal frumkvöðla að markaðssetningu rafmagns-tvinnbíla. Það byggir á þeirri trú að sú tækni sé vænlegust til að gera einkabílinn óháðan jarðefnaeldsneyti, án þess að notagildi hans minnki.

- aóv, aa

Sveinn Andri er afar ánægður með Mustanginn sinn og segir allt gott við hann. „Það er svo fallegt hljóð í honum og hann leikur svo vel einhvern veginn," segir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mustanginn tengist mér tilfinningaböndum

Lögfræðingurinn Sveinn Andri Sveinsson lét gamlan draum rætast í vor er hann fékk sér glæsilegan Ford Mustang.

„Það er blóð, sviti og tár á bak við þetta farartæki en mér finnst það hverrar krónu virði," segir Sveinn Andri þegar hann umbeðinn sýnir Mustanginn sinn. Hann vill samt ekki viðurkenna að bílar hafi verið honum hjartfólgið áhugamál til þessa. „Nei, ég hef aldrei verið neinn sérstakur bílakarl," svarar hann. „En sem gutti gapti ég samt upp í Steve McQueen í Bullit og fleiri kappakstursmyndum. Þessi helsti harðjaxl kvikmyndasögunnar og jafnvel utan hennar líka, var átrúnaðargoð á þeim tíma. Mig dreymdi um að eiga Mustang og ég ákvað bara að láta það verða að veruleika um páskana í vor og fjárfesti í þessum bíl."

Fínheit bílsins er ekki það sem Sveini Andra finnst skipta mestu máli. „Ég legg hins vegar mikið upp úr að ná vissu tilfinningasambandi við hann," útskýrir hann og rifjar upp kynnin af öðrum sem hann hafði miklar mætur á. „Ég hef einu sinni verið ástfanginn af bíl. Það var Ford Bronco Ranger sem karl faðir minn átti. Við náðum alveg einstaklega vel saman. Hann var eins og hugur minn og ég tók sérstöku ástfóstri við hann. Ég hefði nú betur haldið í þann bíl því þeir þykja í dag alveg ómetanlegir í Bandaríkjunum, hafa mikið söfnunargildi og eru gríðarlega vinsælir."

Allar líkur eru á að Mustanginn hans Sveins Andra sé að öðlast svipaðan sess og Broncoinn. Hann segir aðra bíla í eigu hans hafa verið ágæta en fyrst og fremst þjónað þeim tilgangi að koma honum milli staða. „Þessi tengist mér hins vegar tilfinningaböndum. Ég finn það betur og betur. Það er allt svo gott við hann, fallegt hljóð í honum og hann leikur svo vel einhvern veginn."

- gun

MHG VERSLUN
Husqvarna Construction Products
STEINSAGIR, KJARNABORVÉLAR, GOLF OG VEGSAGIR
Husqvarna Great experience
K750
K2500
K3600
HP 40 bensín glussadæla
DM 230
FS 400
Steinsagarblöð og kjarnaborar
Akralind 4 • 201 Kópavogur • Sími 544 4656 • Fax 544 4657 • www.mhg.is

ego

- einfalt, gott & ódýrt

Vissir þú að með greiðslulykli EGO færð þú 2 króna afslátt af dæluverði?

Hægt er að sækja um Greiðslulykil EGO á www.ego.is - og þú færð hann sendan heim!

Verksmiðjan auglýsingastofa

EGO er við: Fellsmúla, Hæðasmára, Salaveg, Smáralind, Stekkjarbakka, Vatnagarða og Tryggvabraut Akureyri.

www.ego.is

Umhverfissvið Fljótsdalshéraðs vonast til að rafhleðslan hvetji fólk til umhugsunar um umhverfið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Rafhleðsla fyrir austan

Nú á tímum veltir fólk fyrir sér öðrum kostum en bensín- og dísilknúnum farartækjum, bæði vegna aukins kostnaðar og umhverfissjónarmiða. Möguleikinn á rafmagnsbíl er nú raunverulegur en von er á nýjum og betri útfærslum á rafmagnsbílum frá helstu bílaframleiðendum heims á næstu misserum.

Rafmagnsbíla verður yfirleitt hægt að hlaða með venjulegu heimilisrafmagni en möguleikinn á að hlaða bílinn frítt er nú fyrir hendi hér á landi. Hinn 9. september opnaði Orkusalan rafhleðslu á Egilsstöðum en áður hafði rafhleðsla verið opnuð í miðbæ Reykjavíkur. Rafmagnið verður í boði Orkusölunnar. Freyr Halldórsson hjá umhverfissviði Fljótsdalshéraðs segir opnun rafhleðslunnar á Egilsstöðum vera lið í að vekja fólk til umhugsunar um umhverfi sitt og auðvelda fólki á svæðinu að velja umhverfisvænan farkost svo sem rafbíla. Sem stendur eru einungis þessar tvær rafhleðslur á landinu en eins og fram kemur á vef Fljótsdalshéraðs stefnir Orkusalan á að koma upp fleiri rafhleðslum á landsbyggðinni. - rat

Hægt er að hlaða rafknúin farartæki á Egilsstöðum. NORDICPHOTOS/GETTY

Skynsemin að vopni

Þegar ekið er um óbyggðir Íslands mæta ökumönnum áskoranir sem stundum enda með tjóni á ökutækjum.

Sumarliði Guðbjörnsson, sérfræðingur á tjónasviði Sjóvár, segir tryggingafélagið ekki treysta sér í að ábyrgjast akstur ökumanna yfir óbrúaðar ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Tjón á vélum, gírkössum og tölvubúnaði vegna þess að vatn flæddi inn þegar ekið var yfir óbrúaðar ár eru algengustu tjón utan vega og á hverju ári fáum við þó nokkrar umkvartanir vegna þess að kaskótrygging bætir ekki slík tjón. Skiljanlega verða menn ósáttir, en grundvöllur fyrir samningi á milli tryggingarfélags og vátryggðra er skilmálarnir," segir Sumarliði Guðbjörnsson, sérfræðingur á tjónasviði Sjóvár, spurður um tryggingar gegn vatnstjóni.

„Það vantar ekkert upp á kynningu því skilmálar eru aðgengilegir á heimasíðu Sjóvár. Menn verða bara að herða sig í að kynna sér skilmálana og hafa alla fyrirvara á hreinu áður en þeir kaupa tryggingar, en Sjóvá ætlast til þess að sá sem kaupir tryggingu athugi vel hvort hún passi ökutækinu því verulegir hagsmunir eru í húfi og mikil ranghugmynd að æða út í ár á þeim forsendum að félagið taki alla ábyrgð," segir Sumarliði.

„Við höfum metið þetta þannig að akstur yfir óbrúaðar ár sé alfarið eigin áhættutaka ökumanns og treystum okkur ekki til að taka þátt í þeirri ábyrgð. Við innheimtum ekki sérstakt iðgjald fyrir ákvæðið um akstur utan vega, það er innifalið í kaskótryggingu með skilmálum félagsins og tekur til aksturs utan alfararleiðar fyrir ökutæki sem til þess eru gerð. Tryggingin bætir eftirfarandi tjónsatvik: árekstur, áakstur, útafakstur, eldsvoða, sprengingu af völdum hans, eldingu, hrap, veltu, grjóthrun og snjóflóð úr fjallshlíð ásamt skriðu-, aur- eða vatnsflóði, en svo að tjón fáist bætt þarf það að falla undir þessi ákvæði og tjón sem verður vegna þess að vatn flæðir inn þegar keyrt er yfir óbrúaðar ár er undanskilið með skýrum hætti. Það verður aldrei hægt að tryggja bíl fyrir öllum hugsanlegum atvikum eða hegðun ökumanns, og til eru ákveðnar undantekingar sem við bætum ekki eins og sandfok og tjón á undirvagni ef hann rekst á jarðfast grjót, en því hafa menn ítrekað lent í utan vega á hálendinu," segir Sumarliði.

„Ár eru sífellt að breyta sér og góð regla er að sé ekki hægt að vaða yfir er ekki heldur hægt að keyra yfir á bíl. Velti menn bíl í óbrúaðri á þarf að vega og meta hvort ökumaður hafi sýnt af sér gáleysi. Í vafamálum er oftast einhver til frásagnar; landverðir leiðbeina um færð yfir ár, en brjóti menn gegn þeim tilmælum taka þeir verulega áhættu. Aðstæður verða því allir að meta og bakka frekar frá og snúa við í stað þess að hætta á að setja bílinn á kaf. Nýir bílar hafa mjög viðkvæman tölvubúnað og eru með loftinntak á vél mjög neðarlega við stuðara. Menn verða því að sýna fyrirhyggju því akstur yfir á er alltaf á eigin ábyrgð. Ég er þeirrar skoðunar að minniháttar mál sé þótt bílar verði fyrir tjóni ef fólk ferst ekki, en slíkt hefur vissulega komið fyrir í svona aðgerðum oftar en einu sinni hérlendis. Félagið gerir því skynsemiskröfur til ökumanna að stofna hvorki sjálfum sér né öðrum í bráða lífshættu eða valda kostnaðarsömu tjóni á ökutækinu." - þlg

Renault kynnir Ondelios

Nýjasti bíllinn frá Renault verður kynntur í næsta mánuði á mótorsýningu í París.

Samkvæmt heimildum frá AutoExpress í Bretlandi hefur Renault framleitt grænan bíl sem tekur sex farþega. Nafn bílsins, Ondelios, kemur frá orðinu „onde", sem þýðir bylgja á frönsku, og „Helios", guð sólarinnar úr grískri goðafræði. Nafnið endurspeglar mýktina á útliti bílsins.

Ondelios er búinn nýjustu tækni. Snertiskjár er á stjórnborðinu sem sýnir meðal annars myndir sem teknar eru með innbyggðum myndavélum í hurðunum og koma í stað hliðarspegla. Hönnuður bílsins, Patrick Le Quément, segir að bíllinn gefi nasasjón af því hvernig bílar framtíðarinnar gætu orðið. Þeir sem hafa áhuga geta skoðað bílinn sem verður sýndur í París frá og með 4. október. - aóv

MYND/WWW.AUTOBLOG.COM

Renault Ondelios er framúrstefnulegur.

RYÐVÖRN
ÞÓRÐAR ehf

REGLULEG RYÐVÖRN EYKUR ENDINGU BIFREIÐARINNAR ÁSAMT ÞVÍ AÐ VIÐHALDA VERÐGILDI BIFREIÐARINNAR. ÞÁ MYNDAR NÝ ENDURRYÐVÖRN ÁGÆTIS HLJÓÐEINANGRUN.

ENDURRYÐVÖRN ER ÞVÍ SKYNSAMLEG FJÁRFESTING.

EINNIG BJÓÐUM VIÐ UPP Á BÓN OG ALÞRIF FYRIR ALLAR TEGUNDIR BIFREIÐA.

FUNAHÖFÐA 15 • SÍMI 567 1020

VINSÆLASTI ÞÁTTUR STÖÐVAR 2 FRÁ UPPHAFI

DAGVAKTIN

HEFST Á SUNNUDAGINN KL. 20:10

GOTT FÓLK

skemmtilegri

Domino's Pizza

BYR NÁMSMENN

STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: STÖÐ 2 | STÖÐ 2+ | STÖÐ 2 BÍÓ | STÖÐ 2 BÍÓ+ | STÖÐ 2 EXTRA | STÖÐ 2 EXTRA+

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Landvernd kynnti herma í vistakstri við opnun evrópskrar samgönguviku 2008 í Foldaskóla 16. september síðastliðinn. Ragnar Róberts, Íslandsmeistari í flokki torfærujeppa, varð vistakstursmeistari. Umhverfis hann eru börn úr Foldakoti og fulltrúar í umhverfis- og samgönguráði Reykjavíkurborgar. MYND/GUNNAR HERSVEINN

Vistakstur fækkar slysum

Vistakstur lækkar viðhaldskostnað en Landvernd mun standa fyrir námskeiðum í vistakstri.

Evrópska samgönguvikan stendur nú yfir og í tilefni af henni stendur Landvernd fyrir sérstöku vistakstursátaki. Á ráðstefnunni „Driving Sustainability“ á Hótel Hilton í dag mun Geir H. Haarde forsætisráðherra setja átakið af stað með undirritun samninga milli ríkisstjórnarinnr, Toyota á Íslandi og Vís við Landvernd um að styðja átakið.

Vistakstursátakið felst í námskeiðum í vistakstri en þau verða kennd í svokölluðum vistakstursherma. Hermunum má líkja við tölvuleik sem búið er að hlaða mismunandi akstursleiðum. Ökumenn æfa sig svo í að „keyra“ þessar leiðir á sparneytinn hátt en markmiðið er að nýta betur eldsneyti og vernda umhverfið með hjálp nýrrar aksturstækni.

Með vistakstri má meðal annars minnka útblástursmengun ökutækja um 10 til 15 prósent og spara peninga við eldsneytiskaup. Slit á hjólbörðum minnkar, viðhaldskostnaður lækkar auk þess sem vistakstur bætir flæðið í umferðinni og fækkar slysum.



Vistaksturhermarnir voru prufukeyrðir í tilefni af evrópsku samgönguvikunni í fyrradag en átakinu verður formlega hleypt af stokkunum í dag á Hilton-hótelinu.

Vistakstursherma er auðvelt að flytja milli staða en námskeiðin eru fyrst og fremst hugsuð fyrir vinnustaði og getur kennslan farið fram á staðnum.

„Við hjá Landvernd munum kenna vistaksturinn ásamt ökukennarafélaginu en þeir hafa lengi kennt vistakstur,“ útskýrir Sigrún Pálsdóttir, verkefnisstjóri hjá Landvernd, en námskeiðin hefjast í október. Sigrún segir unga ökumenn sem læra vistakstur strax í upphafi standa sig best og ná jafnvel allt að 17 prósenta sparnaði á eldsneyti.

Vistakstur er alþjóðlegt verkefni og eru hermarnir nýkomnir til landsins. Þeir voru prufukeyrðir í Foldaskóla á þriðjudaginn var af atvinnubílstjórum. Einungis fimmtán hermar voru framleiddir á heimsvísu en Toyota í Evrópu gefur umhverfissamtökum hermana. Landvernd fékk fimm herma að gjöf af þessum fimmtán.

„Við vorum bara svo bjartsýn á að Íslendingar hefðu áhuga á að læra vistakstur því bensínið er dýrt á Íslandi,“ segir Sigrún. - rat

Fjölskyldubíll frá Porsche

Bílaframleiðandinn Porsche er þekktari fyrir framleiðslu rennilegra sportbíla en fjölskyldubíla. Þeir munu þó hefja sölu á fjögurra dyra fólksbíl árið 2009.

Nýr fjölskyldubíll frá Porsche hefur fengið nafnið Porsche Panamera og verður fáanlegur á markaði eftir ár. Nú er áætlað að kynna hann 20. október næstkomandi.

Eins og fram kemur á vef Bílgreinasambandsins hefur mikil leynd hvílt yfir útliti og gerð nýja bílsins og hafa framleiðendurnir klætt hann í dulargervi þegar þurft hefur að reynsluaka honum utandyra, en reynsluakstur hófst árið 2005. Þær upplýsingar sem hafa verið gefnar upp um bílinn eru að minnsta vélin sem í boði verður er V6, 3,6 lítra bensínvél og stærsta vélin V8, 4,8 lítra bensínvél með túrbínu sem gefur 500 hestöfl. Sex gíra gírkassi verður í bílnum sem er bæði hægt að skipta handvirkt en einnig stilla á sjálfskiptingu. Hægt verður að fá bílinn fjórhjóladrifinn.

Enn hefur framleiðandinn einungis gefið út mynd af framhluta bílsins.

Árið 2011 verður svo hægt að fá bílinn með hybrid-tækni með V6-vél og rafmagnsmótor. Sú vél mun skila 350 hestöflum.

Forsvarsmenn Porsche búast við að bíllinn verði vinsæll og reikna með að selja um 20.000 eintök á ári. Hann verður smíðaður í Leipzig. - rat

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

RÉTTIR BÍLAR
TJÓNASKOÐUN
RÉTTINGAR - SPRAUTUN
RÚÐUÍSETNINGAR
ALMENNAR VIÐGERÐIR
CAR-O-LINER RÉTTINGARBEKKUR
CABAS verkstæði
vörður
SJÓVÁ
RÉTTIR BÍLAR EHF
SÍMI & FAX: 554-3044 • RETTIRBILAR@RETTIRBILAR.IS
VESTURVÖR 24 • 200, KÓPAVOGUR

vodafone | Iceland Express | 1011 ...alltaf opið! | Vörður

SPORT 2
enski boltinn

BARCLAYS PREMIER LEAGUE

Á SUNNUDAG KL. 12:50 HD

CHELSEA
MAN. UTD.

Á LAUGARDAG

KL. 11:30	Sunderland – Middlesbrough	SPORT 2
KL. 13:45	Liverpool – Stoke	SPORT 2
KL. 13:55	West Ham – Newcastle	SPORT 3
KL. 13:55	Blackburn – Fulham	SPORT 4
KL. 16:15	Bolton – Arsenal	SPORT 2
KL. 18:30	4 4 2 með Guðna Bergs	SPORT 2

Á SUNNUDAG

KL. 10:45	WBA – Aston Villa	SPORT 2
KL. 12:50	Chelsea – Man. Utd.	SPORT 2 HD
KL. 13:55	Tottenham – Wigan	SPORT 3
KL. 13:55	Man. City – Portsmouth	SPORT 4
KL. 13:55	Hull City – Everton	SPORT 5

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Ein af stjörnunum í nýju Bond-myndinni er þessi forláta Ford Ka.

Lítill Ford Ka í James Bond

Hinn agnarsmái Ford Ka leikur stórt hlutverk í nýjustu James Bond-bíómyndinni.

Það er skutlan Olga Kurylenko sem ekur hinum smágerða Ka í hlutverki Camille, helsta bandamanns James Bond í nýjustu Bond-myndinni, Quantum of Solace, sem frumsýnd verður um heimsbyggðina í október næstkomandi.

„Nýi Ka er hinn fullkomni jafnoki Camille – ævintýragjarn, sjálfstæður og fádæma nýtískulegur," segir Stephen Odell hjá Ford um gripinn.

Bíómyndirnar um njósnara hennar konunglegu hátignar 007 hafa frá upphafi frumsýnt nýja bíla á hvíta tjaldinu, þar á meðal Ford Mondeo í síðasta ævintýri njósnarans, Casino Royale, en Bond er sjálfur frægur fyrir að aka aðeins Aston Martin.

Nýi Ford Ka var hannaður af rjómanum í hönnunarteymi Ford í Evrópu í samstarfi við vöruhönnuðinn Dennis Gassner, sem hefur hlotið óskarsverðlaun fyrir hönnun sína. Billinn er málmgylltur með breiðum geislum sem liggja út frá bensínlokinu. *- þlg*

Bílhræ á víðavangi verða sífellt sjaldséðari í Englandi.

Lúin bílhræ á undanhaldi

Bretar eru á góðri leið með að vinna orrustuna gegn yfirgefnum bílhræjum á götum borga landsins.

Yfirgefin, óhrjáleg bílhræ hafa lengi valdið sjónmengun og vanda í breskum borgum. Nú sýna nýjar tölur að þróun er á besta veg því bílhræjum hefur fækkað um sjötíu og tvö prósent á aðeins fjórum árum og í sumum borgarhlutum allt að níutíu prósent.Yfirvöld segja að samverkandi þættir stífari framkvæmda, nýrra reglugerða og hærra verðs á brotajárni hafi leitt til þess að yfirgefnum bílhræjum hefur fækkað jafnmikið og raun ber vitni.

Fáein ár eru síðan breskur almenningur þurfti að greiða borgaryfirvöldum umtalsverða fjárhæð til að fá ónýta bíla sína fjarlægða til endurvinnslu en með hækkandi brotajárnsverði getur gamli bílgarmurinn nú verið þúsund punda virði. *- þlg*

Gæðingar kveðja eftir vota vist á Íslandi

Fornbílaralli umhverfis landið á vegum fornbílafélagsins HERO eða Historic Endurance Rallying Organisation lauk um síðustu helgi. Alls 64 bílar hófu keppni sunnudaginn 7. september og þrátt fyrir rysjótt veður þá luku henni nánast allir, að því er fram kemur á vef FÍB, www.fib.is.

Bílarnir settu sterkan svip á vegi landsins og vöktu víða athygli. Til að mynda mátti sjá ökumenn í opnum bílum í úrhelli. Ökumenn og keppnisbílar komu víða að en þó flestir frá Bretlandi. Þá var gamall Trabant frá Íslandi með í för. Elsti bíllinn var Bentley Tourer frá 1922 en sá yngsti Lotus Sunbeam frá 1981. Keppendur lögðu mikið í sölurnar til að taka þátt. Þátttökugjald nam rúmri milljón en innifalið í því var flutningur á bíl milli Bretlands og Íslands báðar leiðir, keppnisgjöld og gisting. *- ve*

Bentley Darby frá 1935 er á meðal þeirra fornbíla sem ekið var hringinn í kringum landið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

VERTU MEÐ Í VISTAKSTRI

Námskeið á vegum Landverndar – tilvalið fyrir vinnustaði

Námskeiðslýsing
Lengd: 2 1/2 klst.
Fjöldi nemenda: 8-10
Staðsetning: eftir samkomulagi

Markmið: spara eldsneyti, minnka loftmengun og auka umferðaröryggi

Kennsla í vistakstri fer fram með hjálp vistakstursherma sem líkja má við leikjatölvur sem forritaðar eru með mismunandi akstursleiðum. Hvert námskeið byggir (1) á verklegum æfingum í vistakstursherma og (2) á bóklegri kennslu. Veittar eru viðurkenningar fyrir þátttöku.

Skráning hjá:
www.landvernd.is/vistakstur
Upplýsingar í síma 552 5242 eða vistvernd@landvernd.is
Alþjóðleg heimasíða verkefnisins, www.ecodriving-online.eu

minni mengun – færri slys – minni kostnaður!

VISTAKSTUR LANDVERND Orkusetur TOYOTA

NOTAÐIR BÍLAR HJÁ BÍLALANDI GRJÓTHÁLSI 1

Frábær þjónusta, glæsilegt úrval!

ÞÚ FINNUR DRAUMABÍLINN HJÁ BÍLALANDI!

Frábært úrval notaðra bíla og góðum kjörum. Kíktu á bilaland.is og skoðaðu þá alla!

TILBOÐSBÍLAR

TILBOD
1.550.000,- kr

Renault At MASTER
Stuttur 2,5 nýskr.07/04 bs. Ek.104.þús.km.
verð.2.050.000.

TILBOD
850.000,- kr

Hyundai SANTA FE
2,7 nýskr.10/02 ssk. Ek.109.þús.km.
verð.1.530.000.

TILBOD
1.150.000,- kr

Renault LAGUNA II Berline
nýskr.06/04 ssk. Ek.56.þús.km.
Verð.1.790.000.

TILBOD
1.390.000,- kr

Hyundai Tucson
diesel 2,0 nýskr.01/05 ssk. Ek.215.þús.km.
Verð. 1.990.000.

500.000 - 1.500.000

1.480.000,- kr

Hyundai Starex
7m 4x4 Diesel nýskr.11/00 ssk.
Ek.165.þús.km.

1.470.000,- kr

Renault Megane II
1.6 Saloon nýskr.05/04 bs. Ek.71.
þús.km.

1.470.000,- kr

Peugeot 307 1.6 HDi
nýskr.10/05 bs. Ek.89.þús.km.

1.100.000,- kr

Opel Corsa 1.2
nýskr.04/05 ssk/bs. Ek.53.þús.km.

1.500.000 - 3.000.000

1.990.000,- kr

Hyundai Terracan 2.5 GL dsl
nýskr.03/02 ssk. Ek.122.þús.km.

2.920.000,- kr

BMW 318i Sedan Exclusive
nýskr.03/05 ssk. Ek.52.þús.km.

2.450.000,- kr

Hyundai Tucson 2.0 Diesel
nýskr.01/05 ssk. Ek.98.þús.km.

2.250.000,- kr

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Halldóra Guðmundsdóttir

hjúkrunarfræðingur, Hlíf 2, Ísafirði,

sem andaðist á Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar mánudaginn 8. september síðastliðinn, verður jarðsungin frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 20. september kl. 14.00.

Þráinn Sigurðsson
Eiríkur Kr. Jóhannsson
Svanhvít G. Jóhannsdóttir
Jóhann I. Jóhannsson
G. Salmar Jóhannsson
barnabörn og barnabarnabarn.
Pigitsa Sigurdsson
Jóhanna Bj. Aðalsteinsd.
Ólafur Þór Gunnlaugsson
Beata Joó

---

†

Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

Hólmfríðar Kristjönu Grímsdóttur

frá Húsavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á dvalarheimilinu Hvammi og Heilbrigðisstofnun Þingeyinga fyrir alúð þeirra og umönnun.

Helgi Þór Kárason
Agnar Kárason
og aðrir ástvinir.
Sigríður Jóhannesdóttir

---

†

Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa, sonar, bróður og mágs,

Benedikts Reynis Valgeirssonar

Sigtúni 45, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks heimahlynningar og Líknardeildar í Kópavogi. Guð veri með ykkur öllum.

Hulda Karlsdóttir
Unnur Ragna Benediktsdóttir
Guðmundur Ingimundarson
Benný Hulda Benediktsdóttir
Guðmann Ísleifsson
Benedikt Karl, Guðrún Hulda, Jón Valgeir, Ísleifur og Hafsteinn
Unnur Ragna Benediktsdóttir
Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir
Gunnar Birgir Gunnarsson

föstudagur

fylgir Fréttablaðinu á morgun

Arnar Grant og Hafdís Jónsdóttir

Sameina krafta sína í ræktinni

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga

NOKKUR ORÐ
Vigdís Þormóðsdóttir

Fjör í fréttaflutningi

Á þriðjudag var tilkynnt um miklar hræringar á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Fréttastofur runnu saman eins og vaxhlussur í hraunlampa og mátti af fréttaflutningi af þessum atburðum ráða að hagur almennings væri hafður að leiðarljósi við samrunana, fremur en að um sparnaðaraðgerðir væri að ræða til að bjarga rándýrum ljósvakamiðlum frá eilífri glötun. En léttlyndir Íslendingar hljóta að fagna þessum tilfæringum þar sem allt bendir nú til að loksins komi til nokkur munur á fréttatímum sjónvarpsstöðvanna, en fram til þessa hafa þeir verið full keimlíkir til þess að manni þyki taka því að horfa á þá báða. Nýir fréttastjórar þessara ágætu miðla eru síst þekktir fyrir svipaðan ritstjórnarstíl og því verður gaman fyrir fréttaáhugafólk að bera saman ólíka nálgun fréttastofanna á helstu atburði. Segjum sem svo að menntamálaráðherra komi fram á ráðstefnu um einkaskóla og segi nokkur vel valin orð. Önnur fréttastofan myndi líkast til rýna í orð ráðherrans og jafnvel reyna að taka hana tali og spyrja hana út í stefnu ríkisstjórnarinnar varðandi einkaskóla; sumsé fremur hefðbundin efnistök. Hin fréttastofan mun hins vegar að öllum líkindum hefja frétt sína af sama viðburði á orðunum „Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra olli talsverðu uppnámi í dag þar sem hún hélt ræðu íklædd flatbotna skóm“.

Þarna er augljós munur á áherslum, sem er að sjálfsögðu bæði skemmtilegt og fróðleiksaukandi. Með ólíkum fréttaflutningi munu fréttastofurnar auðga sýn landsmanna á lífið og veita okkur kærkomið tækifæri til þess að sjá ólíka fleti á málunum.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



BT

MIÐNÆTUROPNUN Í BT SKEIFUNNI

Fimmtudaginn 18. September 2008

COSMOGRAPHIC

Forspilun á Star Wars hefst kl: 23.00

This is living

PLAYSTATION 3

Star Wars - The Force

- Nýr kafli í Star Wars sögunni.
- Gerist á milli Episode III og IV þar sem leikmenn fara í fótspor lærlings Darth Vader og ráða niðurlögum Jedi riddara.
- Notaðu Aflið(The Force) til þess að henda óvinum, slá þá með eldingu og fleira til þess að þeir angri þig ekki meir.
- Ótrúleg grafík vél sem gerir leikinn enn raunverulegri þar sem tré brotnar einsog tré og gler splúndrast einsog gler og óvinir reyna redda sér með því að grípa í hluti eða félaga sína þegar þú notar aflið til að henda þeim til.

PSP PS2 PlayStation.2 XBOX 360 NINTENDO DS

4.999,-

VENJULEGT VERÐ: 8.499,-

Pizzur fyrir alla meðan birgðir endast

- **Flott verðlaun fyrir besta búninginn!**
- **Gos og Nammi handa gestum!**

Hebi Höllur

PC

Warhammer Online

- Glænýr MMORPG frá hinum sömu og gerðu Dark Age of Camelot
- Byggður á fantasíu heimi Warhammer þar sem galdrar og vopn herja saman í endalausri baráttu um völd og heiður
- Næstu kynslóðar RvR (Realm vs. Realm) þar sem PvP bardagar og PvE leiðangrar lenda á sama landsvæði til að ýta undir stríð
- Leikmenn breytast eftir því sem þeir verða öflugri, Orkar stækka, skegg Dverga lengist og fleira

PS3.IS

GAME TÍVÍ

Standard Edition

6.799,-

VENJULEGT VERÐ: 7.299,-

Collector´s Edition

8.999,-

VENJULEGT VERÐ: 10.999,-

Gildir 18. September 2008 frá kl: 00.00 - lokunar

Afmæli Atla fagnað

Einn merkasti listamaður þjóðarinnar, tónskáldið Atli Heimir Sveinsson, fagnar sjötugsafmæli sínu á sunnudag. Af því tilefni fer fram glæsileg tónleikadagskrá nú um helgina sem teygir anga sína nokkuð inn í næstu viku og meira að segja lengra inn í haustið.

Fyrst ber að nefna tónleika sem haldnir verða á Stóra sviði Þjóðleikhússins kl. 16 á sunnudag. Þar munu stíga á svið leikarar Þjóðleikhússins ásamt fjölda tónlistarmanna og dansara og flytja brot úr leikhúsperlum tónskáldsins. Umsjón með dagskránni hefur Edda Heiðrún Backman, miðaverð á tónleikana er 2.000 kr. og miða má nálgast í miðasölu Þjóðleikhússins.

Á sunnudagskvöldið kl. 20.30 fara svo fram hátíðartónleikar í Salnum í Kópavogi. Þar verða á dagskrá kammertónlist, rapp og kórtónlist, en verkin endurspegla hin ólíku stílbrigði sem finna má í verkum Atla Heimis. Á meðal flytjenda eru Kolbeinn Bjarnason, Guðmundur Kristmundsson, Elísabet Waage, Marta Guðrún Halldórsdóttir, Guðni Franzson og Margrét Sigurðardóttir. Kynnir á tónleikunum er Ólafía Hrönn Jónsdóttir leikkona, miðaverð er 1.500 kr. og miða má nálgast í miðasölu Salarins.

Ný fiðlusónata Atla Heimis verður frumflutt á Kjarvalsstöðum á mánudagskvöld kl. 20. Þar verður einnig á dagskrá flautusónata hans, en hún var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem verk ársins árið 2006. Flytjendur eru Áshildur Haraldsdóttir, Anna Guðný Guðmundsdóttir, Una Sveinbjarnardóttir og Wolfgang Kühnl. Miðaverð er 1.500 kr. og verður miðasala við inngang-inn.

Á þriðjudagskvöld kl. 20 verður einsöngslögum og einleiksverkum Atla Heimis gert hátt undir höfði á tónleikum í Listasafni Íslands. Á meðal flytjenda á tónleikunum verða Bergþór Pálsson, Víkingur Heiðar Ólafsson, Eydís Franzdóttir og Sólrún Bragadóttir. Miðaverð er 1.500 kr. og miðasala fer fram við innganginn.

ATLI HEIMIR SVEINSSON Glæsileg hátíðarhöld fara fram víða um heim í tilefni af sjötugsafmæli hans.

Í nóvember fara fram tvennir tónleikar, í hátíðarsal Varmárskóla og í Ráðhúsi Reykjavíkur, þar sem flutt verður fjölskyldudagskrá samsett úr völdum verkum Atla Heimis. Dagskrá þessi verður einnig flutt fyrir hátt í 2.000 grunnskólanema á sextán skólatónleikum á vegum Tónlistar fyrir alla. Sinfóníuhljómsveit Íslands mun ljúka þessari tónleikaröð með afmælistónleikum helguðum verkum Atla Heimis hinn 19. mars á næsta ári. Að auki kemur Sinfóníuhljómsveitin til með að flytja Icerapp Atla Heimis á tónleikum sínum hinn 26. september næstkomandi. Af erlendum vettvangi er gaman að geta þess að hinn 27. september flytur Juilliard New Music Ensamble í New York verkið Icerapp eftir Atla Heimi og 29. nóvember mun Hyperiontríóið halda tónleika með verkum eftir Atla í Beethovenhalle í Bonn.

- vþ

Perlur frumsýndar í kvöld

Tvær sígildar og vinsælar óperur verða frumsýndar í Gamla bíói í kvöld, Cavalleria Rusticana og Il Pagliacci. Frumsýningin sætir tíðindum því þar eru samankomnir sterkir kraftar; Kristján Jóhannsson og Sólrún Bragadóttir, Tómas Tómasson og Auður Gunnarsdóttir eru komin heim til að syngja.

Sveinn Einarsson, sem er reyndasti óperuleikstjóri hér á landi, setur verkin á svið en Kurt Kopecky leiðir hljómsveit og kór Íslensku óperunnar. Það er Þórunn Sigríður Þorgrímsdóttir sem fær það erfiða verkefni að koma tveimur ólíkum myndum fyrir á hinu erfiða sviði Óperunnar í Gamla bíói, búninga gerir Helga Björnsson en Páll Ragnarsson lýsir sýninguna.

Aðeins eru áætlaðar átta sýningar á þessum tveimur lykilverkum í ítalskri óperusögu sem hafa að geyma margar glæsilegar aríur og dúetta sem alla jafna eru fastur liður í söngvaskrá helstu söngvara heims. Hér gefst aftur tækifæri til að sjá þær og heyra í sínu rétta samhengi. Capa eru þær stundum kallaðar, óperurnar tvær sem oft eru fluttar saman á einni kvöldstund sökum þess að þær eru báðar frumherjaverk í byltingarkenndri stefnubreytingu sem varð í efnisvali óperuhöfunda um aldamótin 1900 þegar vikið var frá efni ævintýra og aðals í hversdagslegri sögur úr ástríðuefnum alþýðunnar. Barþjónn, ekill, þjónustustúlka, leikarar og trúðar urðu í verkunum aðalpersónur.

TÓNLIST Tómas Tómasson, Kristján Jóhannsson og Eyjólfur Eyjólfsson í hlutverkum Tonio, Canio og Peppe í Pagliacci. MYND/ÍSLENSKA ÓPERAN - GÍSLI EGILL HRAFNSSON

Aðrir söngvarar í sýningunni eru Jóhann Friðgeir Valdimarsson, en þeir Kristján munu skiptast á að leika tenórhlutverkin í verkunum tveimur, Elín Ósk Óskarsdóttir og Auður Gunnarsdóttir munu skiptast á að syngja hlutverk Santuzzu í Cavalleria en aðrir söngvarar í sýningunum eru Alina Dubik, Sesselja Kristjánsdóttir, Alex Ashworth og Eyjólfur Eyjólfsson.

Sýningar verða 19., 21., 25. og 27. september, 4., 5., 10. og 12. október. Kristján hefur fundið að því opinberlega að sýningar verði ekki fleiri og kennir um fyrirhugaðri tónleikaferð Sinfóníunnar til Japans sem hamlar frekari sýningum að sinni. Íslenska óperan er háð starfsemi Sinfóníunnar og vekur nokkra furðu að framkvæmdastjóri Sinfóníunnar og óperustjórinn hafi ekki átt ríkara samráð um þessa tilhögun. Víst má telja að uppselt verði á allr sýningarnar á þessu tímabili. Á þá Óperan kost á að taka verkið upp að nýju en tapar þá þeim slagkrafti sem falinn er í frumsýningu og tímabilinu á eftir.

pbb@frettabladid.is

sloggi®

Vandaðar Maxi nærbuxur á tilboðsverði

flottar, þægilegar og sniðnar að þér

2.499kr/pk

Verð áður 3.299.-

3 í pakka

Gildir til 8. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

NÝJAR BÆKUR

FYRIR BÖRN Á ÖLLUM ALDRI

PÉTUR OG ÚLFURINN

Pétur má ekki fara út á engið! Það er hættulegt. Ef úlfurinn kemur, hvað þá? En Pétur er hugrakkur strákur sem lætur allar aðvaranir sem vind um eyru þjóta.

Hér er komin ný útgáfa af þessu sígilda ævintýri Sergeis Prokofiefs með myndum úr geysivinsælli brúðusýningu Bernds Ogrodniks.

SKÚLI SKELFIR

OG FÓTBOLTAHETJAN

OG VILLTA TRYLLTA TÍMAVÉLIN

Tvær nýjar bækur um prakkarann Skúla skelfi eftir Francescu Simon í þýðingu Guðna Kolbeinssonar.

Í NÆTURGARÐI

ALLIR UM BORÐ Í NINKÍ NONK

FÍNA BLÓMIÐ

Tvær fallegar bækur fyrir yngstu börnin eftir höfunda Stubbanna. Töfrandi söguheimur sem börnin þekkja úr sjónvarpinu.

www.forlagid.is

FORLAGIÐ

Ferð í boði IKEA

LEIKLIST

Ikea-ferðir – styttu þér leið

Höfundar og flytjendur: Aðalbjörg Árnadóttir, Davíð Freyr Þórunnarson, Eva Rún Snorradóttir, Friðgeir Einarsson, Karl Ágúst Þorbergsson, Ylfa Ösp Áskelsdóttir og Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir.

★

Illa unnin en ágæt hugmynd.

Á nýliðinni Art Fart, hátíð ungra leikhúslistamanna, var sýningin Ikea-ferðir í boði þeim fáu sem af henni vissu. Hún er nú sýnd á Eyjaslóð í hráu og óhentugu sýningarhúsnæði og er hægt að nálgast miða á www.16lovers.blogspot.com. Það er leikflokkurinn 16 elskendur sem stendur fyrir sýningunni. Sýningin er spaugilegur samsetningur þar sem rúsínan er stuttur leikþáttur um hina sígildu sögu af stofnanda og eiganda IKEA; þar er líka tvískiptur fyrirlestur um tónlistarhúsið í Reykjavík og áhorfendahópunum er deilt upp í smærri grúppur sem leiddar eru í lítil ferðalög á fjarlæga og nálæga staði.

Hér er mikið leikið með aðföng úr ferðaiðnaði, klisjur úr kynningum og fyrirtækjabæklingum. Allt er framreitt af titrandi taugaveiklun þar sem hluti spaugsins er margvísleg mistök og glundroði. Amatörismi í flutningi er svo kærkomið hulstur þeim sem hefur ekki fyllileg tök á bærilegum og þjálfuðum flutningi. Örfáir gestir úr leikhúsbransanum voru á sýningunni sem elskendurnir sextán voru svo næs að bjóða þessum gagnrýnanda á.

Það liggur í hlutarins eðli að sýningum sem þessum er ekki ætlað að ná til margra áhorfenda.

Þótt Reykjavíkurborg, Minningarsjóður Margrétar Björgúlfsdóttur og Evrópa unga fólksins hafi styrkt þessa smíð sem hefur verið unnin síðan í júlí er hér allt með miklum frumstæðingsbrag – og vafalítið státa menn af því. Svo margt í listsköpun nú á tímum jaðrar við opinbera flekkun að það kemur ekki á óvart. Vænta má að þeir kraftar sem þarna sýndu sig fái bragðmeiri tækifæri í næstu för. Verst þau skyldu ekki hafa haft skopskyn til að bjóða upp á leikinn þar sem hann á heima – í IKEA.

Páll Baldvin Baldvinsson

Hvalreki í Grindavík

Leiklistarfólk sem á ættir sínar að rekja til Grindavíkur vill koma þar í gang reglulegu leiklistarstarfi. Nýverið hófust æfingar á 21 manns saknað sem Grindvíska atvinnuleikhúsið frumsýnir í lok október.

LEIKLIST Margir fræknir Suðurnesjamenn hafa farið á svið. Nú hefur Bergur Þór Ingólfsson ásamt fleirum stofnað atvinnuhóp með aðsetur í Grindavík.

Það eru Bergur Þór Ingólfsson, Víðir Guðmundsson og Guðmundur Brynjólfsson sem stofnuðu leikfélagið og semja verkið sem byggir á ævi séra Odds V. Gíslasonar. 21 manns saknað verður sýnt í nýuppgerðu Flagghúsi í Grindavík.

Um sögupersónu verksins sem er einleikur segja aðstandendur: Á seinni hluta 19. aldar var prestur í Staðarsókn í Grindavík sem ekki gat sætt sig við að Íslendingar stæðu utan við þá iðnbyltingu sem hafði átt sér stað í Evrópu, Oddur V. Gíslason. Hann gat heldur ekki sætt sig við það að á einni vetrarvertíð yrðu tuttugu skipsskaðar og níutíu sjómenn týndust í hafi. Hann hafði samanburðinn vegna tíðra ferðalaga sinna til útlanda og ævi sína helgaði hann baráttunni við náttúruna, fátækt og Bakkus. Hann ferðaðist um landið endilangt til að predika um nauðsyn þess að hafa um borð í bátum allan þekktan björgunar- og slysavarnabúnað. Jafnvel henti hann hásetum útbyrðis til að sýna þeim hversu nauðsynlegt það væri að læra að synda. Honum var lýst sem „mesta braskmenni sinnar samtíðar“ vegna fjölda verkefna sem hann hratt af stað: lýsisbræðslu í Höfnum, brennisteinsnámum í Krísuvík, kolanámum við Hreðavatn: Hann tók saman fyrstu kennslubók í ensku fyrir landa sína. Aldrei hélst honum á peningum. Hann stóð að frægasta brúðarráni síðustu alda á Íslandi. Hann lagði grunninn að slysavörnum á Íslandi – dó síðan í sárri fátækt í landnemabyggðum Kanada.

Í stefnuskrá hins nýja leikhúss segir: „Meginmarkmið félagsins er að taka þátt í þjóðfélagsumræðum, … Til þess að ná markmiðum sínum hyggjast félagsmenn nú stofna FYRSTA ATVINNULEIKHÚSIÐ Í GRINDAVÍK og skal það bera sama nafn og félagið. … GRAL skal setja upp leiksýningar í Grindavík sem standast þær bestu gæðakröfur sem gerðar eru til atvinnuleikhúss í landinu.“

Bergur Þór segir þá félaga hafa unnið lítinn þátt um Odd árið 2000 fyrir hvatningu og ábendingu Jónu Kristínar Þorvaldsdóttur, núverandi bæjarstjóra. GRAL hafi síðan byrjað sem djók, en nú sé komin alvara í málið. Sýnt verði í Flagghúsinu sem er uppgert pakkhús í Járngerðarstaðahverfinu. Þar komist fyrir 30-40 gestir. Festi í Grindavík verði brátt rifin og sé því ekki framtíðarhúsnæði fyrir leiksýningar. Líklega verði næst ráðist í barnaleikrit fyrir Grindvíkinga og nágranna. Þeir hafi þá augastað á gamla Kvenfélagshúsinu sem er fornt menningarsetur þar í bæ. „Þótt leikhús sé ekki steinsteypa stefnir GRAL að því að vera komið með fast húsnæði fyrir haustið 2012“, segir í stefnuskránni.

Eitt hús er uppistandandi af verslunarhúsum Einars kaupmanns í Garðhúsum. Flagghúsið var áður íbúðarhús, byggt 1890 og síðar pakkhús við Einarsbúð. Það er upphaf skipulagðrar byggðar í Grindavík, enda öll húsnúmer frá því talin. Flagghúsið hefur verið íbúðarhús, verbúð, samkomustaður, beituskúr, pakkhús, salthús, veiðarfærageymsla og netaloft. Auk þess er þarna leiksvið kvikmyndarinnar Sölku Völku.

pbb@frettabladid.is

H:N markaðssamskipti / SÍA

EININGANÁMSKEIÐ SAMHLIÐA STARFI

Hagnýt námskeið sem eru kjörin fyrir þá sem vilja auka menntun sína samhliða starfi og safna einingum í grunnnám á háskólastigi.

Menning og arfur (einnig í fjarnámi)
Hefst 25. sept.

Hagfræði (einnig i fjarnámi)
Hefst 29. sept.

Sölu- og markaðsmál (einnig i fjarnámi)
Hefst 3. okt.

Forysta og stjórnun (einnig i fjarnámi)
Hefst 7.okt.

Markaðssamskipti I
Hefst 10. okt.

Vinnuréttur (einnig i fjarnámi)
Hefst 22. okt.

Viðskipta- og tengslaauðurinn og þjónustuveitingin
Hefst 25. okt.

Mat á árangri (einnig i fjarnámi)
Hefst 28. okt.

Reikningshald og skattskil (einnig i fjarnámi)
Hefst 8. nóv.

Lögfræði (einnig i fjarnámi)
Hefst 12. nóv.

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning:

sími 525 4444
endurmenntun.is



Þjóðin veit hvað hún vill

Það mælist í tugum þúsunda hvað miklu fleiri lesa Fréttablaðið en Morgunblaðið og 24 stundir

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sína eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.

Allt sem þú þarft... **...alla daga**

Meðallestur á tölublað m.v. allt landið, 12–54 ára. Könnun Capacent í maí–júlí 2008.

> LUKKU-LÁKAMYND Í NÁND

Í lok september verður frumsýnd hér á landi ný teiknimynd um Lukku-Láka, hinn svala kúreka, sem þekktastur er af fjölda vinsælla myndasagna hér á landi. Þetta er þriðja teiknimyndin sem gerð er eftir sögum um hann auk fjölda þáttaraða fyrir sjónvarp. Myndin er talsett og fer Baldur Trausti Hreinsson með hlutverk Láka en meðal annarra sem eiga raddir í myndinni eru Sara Marti Guðmundsdóttir og Hjálmar Hjálmarsson. Von er á fjórum talsettum myndum á markað fyrir jól.

bíó

bio@frettabladid.is

Kidman næsti Indiana Jones

Leikkonan Nicole Kidman hefur tekið að sér hlutverk í kvikmyndinni The Eighth Wonder, sem á íslensku myndi útleggjast sem Áttunda undrið, en áætlað er að tökur á myndinni hefjist á næsta ári. Myndin er sögð vera ævintýra- og hasarmynd í anda Indiana Jones-myndanna og fjallar um fornleifafræðinga sem, í kjölfar merkilegrar uppgötvunar, halda í æsilega fjársjóðsleit á framandi stöðum. Handritshöfundur myndarinnar er Simon Kinberg sem skrifað hefur handritið að myndum á borð við Mr. & Mrs. Smith og Night at the Museum 2. Kinberg kveðst hafa haft Kidman í huga þegar hann hófst handa við að skrifa handrit Áttunda undursins og er því skiljanlega hæstánægður með að fá leikkonuna til liðs við verkefnið. Kidman hefur ekki aðeins tekið að sér aðalhlutverk myndarinnar, heldur er hún einnig einn af framleiðendum hennar.

Athygli vekur að Áttunda undrið verður önnur hasarmynd Kidman á innan við tveimur árum, en leikkonan hefur fram að þessu ekki verið sérlega þekkt fyrir leik sinn í slíkum myndum. Um jólin er væntanleg í kvikmyndahús stórmynd leikstjórans Baz Luhrmann, Ástralia, en í henni leikur Kidman enska hefðarkonu og landeiganda sem kemst í hann krappan þegar til stendur að þvinga hana út af landareign sinni. - vþ

NICOLE KIDMAN Skipar sér fljótlega í flokk með kunnustu hasarmyndahetjum.

Á hassknúnum flótta

Grínmyndin Pineapple Express verður tekin til sýninga í kvikmyndahúsum hérlendis nú um helgina, en einn framleiðenda myndarinnar er enginn annar en Judd Apatow, maðurinn á bak við myndir á borð við Knocked Up og Superbad.

Pinapple Express skartar þeim Seth Rogen, sem var einmitt í burðarhlutverki í Knocked Up, og James Franco, sem er einna þekktastur fyrir leik sinn í myndunum um Kóngulóarmanninn, í aðalhlutverkum. Rogen leikur letingjann og hasshausinn Dale sem verður fyrir þeirri óskemmtilegu reynslu að verða vitni að morði. Hann leitar skelfingu lostinn ásjár hjá eiturlyfjasalanum sínum Saul, sem Franco leikur af sannfærandi deyfð, en morðingjarnir fylgja fast á hæla hans. Þeir félagar Dale og Saul eiga því fótum sínum fjör að launa þar sem þeir skjótast af einum felustað á annan og lenda í ýmsum hrakningum í baráttu sinni við að halda lífi.

Hasshausagrínmyndir hafa fyrir margt löngu skipað sér fastan sess innan Hollywood-iðnaðarins. Skemmst er að minnast myndanna um Harold og Kumar sem notið hafa nokkurra vinsælda undanfarið; Cheech og Chong slógu í gegn með hasshausagríni sínu á áttunda og níunda áratug síðustu aldar og Coen-bræður gerðu heimssýn afdankaðra dagreykingamanna góð skil með tímamótaverkinu The Big Lebowski fyrir slétt-um tíu árum. Pineapple Express sker sig þó nokkuð úr þessum hópi; vissulega er hún í grunninn grín-mynd sem gerir að mestu út á þá einfeldni og vænisýki sem oft vill fylgja ótæpilegri neyslu kannabisefna, en hún er einnig talsvert ofbeldisfyllri en flestar slíkar myndir hafa hingað til verið. Líkast til má kenna leikstjóranum um, en hann heitir David Gordon Green og hefur fram að þessu einvörðungu leikstýrt ódýrum listrænum og dramatískum myndum. Hann hefur þó viðurkennt að hafa sérlegt dálæti á hasarmyndum níunda áratugarins, svo sem Tango & Cash, Surf Nazis must die og Death Wish 3. Af erlendum dómum um Pineapple Express að dæma má telja ljóst að áhrifa ofangreindra mynda gætir þar svo um munar. Bíla-eltingaleikir, sprengingar og ítrekuð og blóðug slagsmál eru á meðal þess sem skreytir myndina inn á milli brandaranna.

Ljóst er að myndin er vel til þess fallin að skemmta fullorðnu og vitibornu fólki, en vert er að benda á að þrátt fyrir að hún skarti gamanmyndastimplinum er hún þó bönnuð innan 16 ára.

vigdis@frettabladid.is

SETH ROGEN Fer með enn eitt hlutverkið í mynd úr smiðju Judds Apatow.

Í LJÓSUM LOGUM Seth Rogen og James Franco í hlutverkum sínum í Pineapple Express.

FRAMHALDS-FRÆÐSLUNÁMSKEIÐ

SJÖ VIKNA NÁMSKEIÐ HEFJAST 23. SEPTEMBER OG 25. SEPTEMBER.

Sjálfstyrking Framkoma Líkamsburður Innsýn í fyrirsætustörf Förðun Umhirða húðar og hárs Myndataka (10 s/h myndir) Tískusýningarganga Fyrirsæta kemur í heimsókn Fíkniefnafræðsla Myndbandsupptökur Leikræn tjáning Næringarráðgjöf

Umsjónarkennarar námskeiðsins eru Nína Björk Gunnarsdóttir ljósmyndari og Andrea Brabin framkvæmdarstjóri Eskimo, auk fjölmargra gestakennara.

Allir þátttakendur fá Eskimo bol, Eskimo tösku, Maybelline mascara, viðurkenningarskjal og 10 sv/hv myndir. Námskeiðinu lýkur með stórri tískusýningu. Stúlkurnar eru farðaðar fyrir myndatöku og tískusýningu.

Kennt verður einu sinni í viku, einn og hálfan tíma í senn. EMM School of Make-Up sér um förðun.

Skráning er hafin í síma 533 4646 og á www.eskimo.is.

Verð 17.900 kr.

3D allsráðandi

Bandaríski viðskiptajöfurinn Jeffrey Katzenberger, forstjóri bandaríska framleiðslurisans Dreamworks, ávarpaði ráðstefnu um framtíð sjónvarps í Amsterdam í síðustu viku um gervihnött. Þar hélt hann fram þeirri skoðun að brátt verði 3D-format allsráðandi í framleiðslu myndefnis fyrir kvikmyndahús. Í þróun sé linsa fyrir tökuvélar sem gefi áhorfandanum þá tilfinningu að hann horfi á atburði á tjaldinu í þrívídd. Sama tækni verði ráðandi í myndmiðlun í sjónvarpi, á mynddiskum og í netheimum og á símum. Þrívídd muni taka yfir alla vestræna myndmiðla og þaðan leggja undir sig alla myndframleiðslu. Áhorfandi á myndefni í þrívídd verður að nota sjóngler sem draga fram dýpt í myndfletinum og spáir Katzenberger að með auknu efni af þessu tagi fari almenningur að fjárfesta í sérstökum gleraugum til að nota þegar horft er á myndmiðla.

KVIKMYNDIR Bandarískir leikstjórinn James Cameron með þrívíddargleraugun sín. Hann er einn þeirra sem vinna skipulega að því að koma slíkum kvikmyndum í framleiðslu.

Um þessar mundir er verið að sýna kvikmyndina Ferðina til miðju jarðar sem var áður kölluð Leyndardómar Snæfellsjökuls í kvikmyndahúsum hér á landi en hún er unnin í þrívídd. Til þessa hafa fjölmargar kvikmyndir verið framleiddar með þessari tækni en hafa til þessa verið undantekningar á myndmarkaði. - pbb

Ævi Liberace

Michael Douglas ætlar að leika bandaríska skemmtikraftinn Liberace í kvikmynd sem Steven Soderbergh hefur í undirbúningi. Er hlutverkið kúvending á ferli leikarans sem hefur til þessa einbeitt sér að gagnkynhneigðum glæsimönnum sem eru ekki allir þar sem þeir eru séðir. Liberace var samkynhneigður og skóp sér hálfrar aldar feril sem tónlistarmaður með skrautlegum búningum í afþreyingariðnaði Bandaríkjanna. Hann var alla tíð í skápnum og átti í mörgum málaferlum við fjölmiðla sem dirfðust að ýja að kynhneigð hans, Hann lést 1987 af eyðnitengdum krankleik. Verkefnið er enn á handritsstigi, en Soderbergh er nú að ljúka við ævisögulega kvikmynd í tveimur hlutum um Che Guevara sem verður frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í London í október. Sú mynd er loksins komin með dreifingaraðila vestanhafs eftir nokkra bið, segir Variety. - pbb

KVIKMYNDIR Michael Douglas leikur skrautgjarnan homma og skemmtikraft.

Ódýrast í heimi?

Athyglisverð verðkönnun!

Í þau 18 ár sem Body Shop hefur starfað á Íslandi höfum við lagt mikla áherslu á gæða vöru á sanngjörnu verði.
Ef borið er saman verð nokkurra vörutegunda í Body Shop verslunum í þeim löndum sem við ferðumst helst til er niðurstaðan eftirfarandi:

	SPÁNN	DANMÖRK	ENGLAND	ÍSLAND
Body Butter	2.142 kr.	2.700 kr.	2.010 kr.	**1.690 kr.**
Body Scrub	2.142 kr.	2.880 kr.	2.093 kr.	**1.890 kr.**
Face & Body Brush	2.276 kr.	2.520 kr.	2.345 kr.	**1.680 kr.**
Bronzing Powder	2.142 kr.	2.250 kr.	2.010 kr.	**1.560 kr.**
All in one Face Base	2.812 kr.	2.880 kr.	2.010 kr.	**1.890 kr.**
samtals:	11.514 kr.	13.230 kr.	10.468 kr.	**8.710 kr.**

Verð miðast við seðlagengi Glitnis 16. sept. 08.

THE BODY SHOP®

KRINGLUNNI, SMÁRALIND, AKUREYRI

> SPARISALAT

Gerðu salatið sparilegra með því að bæta út í það melónubitum og jafnvel dálitlum osti. Litríkt, girnilegt og gott.



matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN ALEXÍA BJÖRG JÓHANNESDÓTTIR LEIKKONA

Hreindýrasúpa í Lapplandi heillaði ekki

Hvaða matar gætirðu síst verið án?
Um þessar mundir eru það mandarínur.
Besta máltíð sem þú hefur fengið?
Jólamaturinn hjá mömmu og rjúpurnar hjá tengdó. Það er jafn best.
Er einhver matur sem þér finnst vondur?
Ég er ekki matvönd en súrmatur er ekki minn tebolli.
Leyndarmál úr eldhússkápnum:
Settu engifer og chili út í sojasósu og hvaða kjöt sem er verður frábært.
Hvað borðarðu til að láta þér líða betur?
Mér líður yfirleitt verr eftir að hafa borðað það sem ég held að láti mér líða betur.
Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?
Parmesanost, lýsi og endalaust magn af sultum.
Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?
Þar yrði örugglega nóg af mat svo ég myndi taka með mér salt og pipar og kannski sojasósu.
Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?
Ég hef nú ekki borðað mikið af skrítnum mat, en mér fannst hreindýrasúpan sem ég fékk í pappamáli í Lapplandi ekki góð.

Bakaður brieostur

Brieostur finnst mörgum ljúffengur. Það er skemmtileg tilbreyting að hita hann í ofni og bera þá fram með brauði og grilluðum tómötum eins og í þessari uppskrift.

BRIE OG BRAUÐ Grillað brauð með brieosti og tómötum er ljúffengur forréttur. NORDICPHOTOS/GETTY

1 askja kirsuberjatómatar
2 msk. ólífuolía
salt og pipar
3 msk. ósaltað, mjúkt smjör
6 stórar snittubrauðssneiðar
225 g brieostur, skorinn þunnt

Hitið grillið í ofninum. Setjið tómatana á bökunarplötu, dreypið ólífuolíu yfir þá og kryddið með salti og pipar. Grillið þar til þeir springa, takið út og setjið til hliðar.

Smyrjið brauðið báðum megin, setjið nokkrar ostsneiðar á hverja sneið. Grillið þar til osturinn fer að krauma og er orðinn dálítið gullinn. Setjið tómata yfir hverja sneið og berið fram.

Kryddaðar baunir

Þeir sem vilja vera duglegri að borða baunir geta byrjað á kjúklingabaunum. Þeim má bæta út í súpur, salöt og hvers kyns rétti, en með smá kryddi henta þær alveg jafn vel sem meðlæti með öðrum réttum. Hér eru þær kryddaðar með kúmeni, túrmeriki og cayenne-pipar fyrir framandi og skemmtilegt bragð.

BAUNIR FYRIR ALLA Kryddaðar kjúklingabaunir eru ágætis meðlæti með mat. NORDICPHOTOS/GETTY

1 msk. olía
1 dós kjúklingabaunir
1 tsk. malað kúmen
½ tsk. túrmerik
¼ tsk. cayenne-pipar
¼ tsk. salt

Hellið vökvanum af baununum, skolið þær og þurrkið. Hitið olíu á pönnu yfir miðlungshita, steikið baunirnar í um 1 mínútu og hrærið í. Bætið kryddum út í og eldið þar til baunirnar hafa sogað í sig vökvann, um 2 mínútur. Berið fram volgar eða kælið.

GÍS
GÍTARSKÓLI ÍSLANDS
Gítarnámskeið
Einkatímar – hóptímar
Skráning hafin
Sími 581-1281
gitarskoli@gitarskoli.is
www.gitarskoli.is

EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON Tónlistarmaðurinn Eyjólfur Kristjánsson er afskaplega hrifinn af nammifiskinum sem kona hans, Sandra Lárusdóttur, á heiðurinn að. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Nammifiskur í uppáhaldi

Eyjólfur Kristjánsson tónlistarmaður, sem nýlega gaf út plötuna Sýnir með lögum Bergþóru Árnadóttur, eldar stundum nammifisk með fjölskyldu sinni. Rétturinn er í miklu uppáhaldi hjá dóttur hans, sem fann einmitt upp á nafninu.

Uppskriftin að nammifiskinum er komin frá konu Eyjólfs, Söndru Lárusdóttur, en nafnið frá dótturinni Guðnýju. „Það er alltaf erfitt að fá ung börn til að borða mikinn fisk en þegar Sandra gerði þennan rétt í fyrsta sinn fannst dóttur minni þetta svo rosalega gott að hún kallaði þetta nammifiskinn, enda er þetta hið mesta sælgæti," segir Eyjólfur. Hann segir að hægt sé að nota bæði kjúkling og fisk í uppskriftinni. „Ég læt fiskinn fylgja með núna því maður er fylgjandi því að fólk fari nú að draga úr offituvandanum og fari að borða svolítið hollt, þó að kjúklingur sé reyndar ágætur líka."

Aleigan í mat og vín

Eyjólfur viðurkennir að vera mikill matgæðingur því hann hafi rosalega gaman af því að borða hinn ýmsa mat. „Ég er ekki matvandur og ég er alltaf til í að smakka eitthvað nýtt.

Ég ferðast mikið í mínu starfi sem tónlistarmaður og maður hefur reynt að fara á hina ýmsu staði og prófa ýmislegt. Ég veit að kunningjar mínir og vinir gera oft grín að mér fyrir það að ég sé mikill gourmet-kall bæði á mat og vín," segir hann en lætur það ekki á sig fá. „Ég er örugglega búinn að eyða aleigunni minni í að borða góðan mat og drekka góð vín og ég verð bara að súpa seyðið af því," segir Eyfi og hlær.

NAMMIFISKUR SÖNDRU
Fyrir 5 til 6 manns

850 g roðflett og beinhreinsuð ýsa
1 askja sveppir
1 laukur
1 gul paprika
¼ lítri rjómi
Rifinn ostur
Extra virgin ólífuolía
Knorr Provencale-krydd
1 teningur oksekraft frá Knorr

Aðferð:

Fiskurinn er skorinn í hæfilega stóra bita og raðað í eldfast mót, því næst er fiskurinn kryddaður hæfilega með Provencale. Laukurinn, paprikan og sveppirnir skornir niður og steiktir á pönnu upp úr ólífuolíunni. Síðan er rjómanum hellt út á og kraftinum bætt út í. Þetta er svo soðið niður og hellt yfir fiskinn. Rifnum osti er svo stráð yfir og þetta er svo sett inn í ofn og bakað í um 25 mínútur við 200° C.

Gott er að bera fram með þessu ferskt salat, hvítlauksbrauð eða ostabrauð. Mælt er sérstaklega með því að hvítvín sé drukkið með þessu, einna helst Pinot Grigio.

freyr@frettabladid.is

Námskeið í Miðjarðarhafsmat

Kvöldskóli Kópavogs býður upp á nokkur matreiðslunámskeið á þessari önn, eins og undanfarin ár. Þar á meðal er námskeið að nafni Gómsætir, hollir suðrænir réttir frá Miðjarðarhafslöndunum, sem Petrína Rós Karlsdóttir kennir.

„Ég hef verið að kenna í svona hátt í tíu ár, fikra mig áfram og reyni að skipta reglulega um matseðla," útskýrir Petrína, sem kennir nemendum sínum að gera marga þekktustu réttina frá svæðinu. „Ég er yfirleitt með Quiche Lorraine-böku, sem er sívinsæl, og sítrónutertu sem er líka mjög vinsæl. Svo er ég með alls kyns salöt, ýmiss konar pestó og fiskrétti og reyni að nota hráefni sem hentar íslenskum aðstæðum," bætir Petrína við.

Hún bjó lengi í Suður-Frakklandi, en einskorðar réttina þó ekki við það landsvæði, eins og nafn námskeiðsins gefur til kynna. „Við förum um Frakkland, Ítalíu, Spán og jafnvel Norður-Afríku," útskýrir Petrína, sem segir Miðjarðarhafsmat í eðli sínu mjög heilsusamlegan. „Aðalatriðið er náttúrlega samsetning góðs hráefnis og hvað maður á að gera við það til að ná sem bestum matarréttum út úr því," segir hún.

Nánari upplýsingar um þetta námskeið og önnur má nálgast á síðunni kvoldskoli.kopavogur.is.

LÉTT OG LEIKANDI Petrína Rós Karlsdóttir kennir nemendum að elda holla, suðræna rétti frá Miðjarðarhafslöndunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

KJARNAFÆÐI

ALVÖRU KRAFTUR
ALVÖRU BRAGÐ



KJARNAFÆÐI PEPPERONI,
ALVÖRU PEPPERONI...

...AF ÞVÍ AÐ ÞAÐ ER
KJARNAFÆÐI PEPPERONI!

> NÝTT PAR?

Mischa Barton, sem flestir muna eftir úr þáttunum O.C., og leikarinn Josh Hartnett munu vera nýtt par, en þau sáust saman í London á mánudag. Hjartaknúsarinn Hartnett var áður með Scarlett Johansson, en hefur upp á síðkastið til dæmis sést með Penelope Cruz.

fólk

folk@frettabladid.is

Forsala á miðnætti

Forsala verður á tveimur af stærstu tölvuleikjum ársins, Star Wars Force Unleashed og Warhammer Online, á miðnætti í kvöld í versluninni Nexus.

„Það er töluverð eftirvænting og ég veit að það er mjög mikið beðið eftir þessum Star Wars-leik," segir Gísli Einarsson, eigandi Nexus. „Hann á að vera tæknilega fullkominn miðað við aðra leiki. Menn eru líka að vona að Warhammer sé góður. Hann er fyrir þá sem þekkja vel þennan fantasíuheim. Það er spurning hvort hann eigi séns í World of Warcraft, sem er langvinsælasti „Online"-leikurinn."

Spilasalur Nexus verður opinn í allt kvöld og á meðan beðið er eftir að salan hefjist er hægt að setjast niður og mála Warhammer-tindáta, prófa að spila tindátaleikinn, horfa á Warhammer-bardaga með herjum í fullri stærð eða versla Warhammer-vörurmeð forsöluafslætti. - fb

STAR WARS Margir tölvuleikjaunnendur hafa beðið spenntir eftir leikum Star Wars Force Unleashed.

Tegundirnar krufnar

Tónlistarpælarinn og uppflettiritið Kristinn Pálsson byrjar í kvöld með útvarpsþátt sinn, Uppruni tegundanna, á Rás 2, þriðja árið í röð. Í þáttunum er fjallað um afmarkaðar stefnur, afbrigði, senur eða stíla sem hafa skotið upp kollinum í rokk- og dægurtónlistarsögunni. Í vetur verður haldið áfram að fjalla um fjölskrúðugt tónlistarlíf hippatímans, þá verður sjónum beint að bresku senunni, söngvaskáldakynslóðinni og fleiru. Uppruni tegundanna er á dagskrá að loknum tíufréttum.



Eitt og hálft maraþon á tveimur dögum í New York

Herdís Guðjónsdóttir og þrjár vinkonur hennar ætla að ganga 63 kílómetra á tveimur dögum til styrktar rannsóknum á brjóstakrabbameini.

„Eftir að hafa farið á fyrirlestur hjá hjúkrunarkonum sem fóru í gönguna fyrir tveimur árum, urðum við mjög hrifnar og fullar af eldmóði sögðum við að þetta væri eitthvað sem við skyldum gera," segir Herdís Guðjónsdóttir um Avon Walk for Breast Cancer sem er ganga og fjáröflun til styrktar brjóstakrabbameinsrannsóknum. Herdís mun taka þátt ásamt þremur vinkonum sínum, en gangan er 63 kílómetrar og fer fram í New York dagana 4. og 5. október næstkomandi, þar sem fleiri þúsund manns munu taka þátt.

„Það er heilt maraþon fyrri daginn og hálft daginn eftir. Gengið verður á Manhattan, yfir brýrnar og gist í tjöldum á eyju norðaustur af Manhattan. Við þurfum aðeins að hafa með okkur dýnu, svefnpoka og göngudót, en það verður farið með búnaðinn fyrir okkur á gististað," útskýrir Herdís sem æfir reglulega fyrir gönguna um þessar mundir. „Við fáum æfingaplan frá Avon sem við reynum að fara eftir, en tvær úr hópnum eru í Skokkhópi Seltjarnarness svo þetta eru vanar konur," segir Herdís. Hún gengur í minningu mágkonu sinnar, Stefaníu Jóhannesdóttur Donegan, sem lést af völdum brjóstakrabbameins árið 1995, aðeins 47 ára gömul.

„Konur sem hafa unnið með mér hafa einnig látist úr sjúkdómnum og við þekkjum allar konur sem hafa látist úr brjóstakrabbameini. Konur ættu að leggja mikla áherslu á að skoða brjóstin og vera í forsvari fyrir að safna fé í þágu krabbameinsrannsókna."

alma@frettabladid.is

GANGA MEÐ AVON Í NEW YORK Inga Sólnes, Herdís Guðjónsdóttir, Guðrún Ösp Þórgnýsdóttir og Brynhildur Ásgeirsdóttir kalla sig Jaja-Group og æfa nú fyrir Avon Walk for Breast Cancer, sem fer fram 4. og 5. október næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

SOWETO Hætt hefur verið við tónleika suður-afríska gospelkórsins Soweto sem áttu að fara fram í október.

Tónleikum Soweto aflýst

„Það er mjög leiðinlegt að geta ekki boðið landanum upp á þetta," segir Birgir Nielsen hjá 2B Company um tónleika suður-afríska gospelkórsins Soweto sem hefur verið aflýst vegna dræmrar miðasölu.

Tónleikarnir áttu að fara fram í Laugardalshöll 8. október og hefðu þeir eflaust kryddað íslenskt tónlistarlíf á skemmtilegan hátt. „Svona er árferðið núna. Það var bara ekki meiri áhugi en þetta og kannski var þetta ekki rétta „mómentið" núna. Það kemur kannski bara seinna," segir Birgir og bætir því við að gengið hafi ekki heldur hjálpað til.

Tónleikar Soweto hafa verið mjög vel sóttir úti í heimi að undanförnu en svo virðist sem Íslendingar hafi engan veginn verið tilbúnir fyrir komu hans. - fb

GJÖFIN ÞÍN

DAGANA 18.-24. SEPTEMBER Í SNYRTIVÖRUDEILDUM HAGKAUPS

Glæsileg gjöf* fyrir þig ef þú verslar vörur frá Estée Lauder fyrir 3.900 eða meira í snyrtivörudeildum Hagkaups dagana 18. –24. september.

GJÖFIN INNIHELDUR:
Tvöfaldan augnskugga
Advanced night repair 7ml – viðgerðardropa
Advanced night repair 5ml – augnkrem
Pure Color varalit – Elizabeth pink
Gentle eye makeup remover 30ml – augnfarðahreinsi
Allt þetta í fallegri blárri snyrtitösku. Verðgildi gjafarinnar er kr. 9.200.-

**Meðan birgðir endast.*

Lyftu hverju og einu augnhári og gefðu þeim dirfskufulla en þó lauflétta þykkt.

Nýtt. Sumptuous Bold Volume ™ Lifting Mascara

Farðu lengra með augnhárin en þau hafa áður komist, alla leið að flottri, ófeiminni fegurð.
Þetta er byrjunin.

FORMÚLAN
Bold Volume TM Formula hefur að geyma einstakar örtrefjar sem gefa jafnvel gisnustu augnhárum djarflega lyftingu og fyllingu, léttleika og daðurslega sveigju.

BURSTINN
Sérhönnuð burstagreiðan BrushComber TM færir þér þykkinguna sem fæst með burstanum ásamt skýrri línu greiðunnar. Hvert einstakt augnhár öðlast lauflétta fyllingu og magnaða sveigju.

ÁFERÐIN
Daðurþykk, munúðarsveigð og heillandi augnhár.

www.esteelauder.com

OPIÐ til 20 alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

SAMBÍÓIN

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

JOURNEY 3D DIGITAL-3D	kl. 5:50 - 8 - 10:10	L
DEATH RACE	kl. 8 - 10:20	16
TROPIC THUNDER	kl. 8 - 10:20	16
SVEITA BRÚÐKAUP	kl. 5:50 - 8 - 10:10	L
DARK KNIGHT	kl. 8:30	12
DARK KNIGHT	kl. 5:50 - 8:30	VIP
THE MUMMY 3	kl. 6	12
STAR WARS	kl. 5:50	L
WALL-E m/íslensku tali	kl. 5:50	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

JOURNEY 3D DIGITAL-3D	kl. 6 - 8:10 - 10:20	L
SMART PEOPLE	kl. 5:40 - 8 - 10:20	12
DEATH RACE	kl. 10:10	16
GET SMART	kl. 5:50 - 8	L

SAMBÍÓIN SELFOSS

TROPIC THUNDER	kl. 8	16
DEATH RACE	kl. 10:20	16
SVEITABRÚÐKAUP	kl. 8	L
THE STRANGERS	kl. 10:20	16
MAMMA MÍA	sýnd næst 19,20,21 sept.	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI

MIRRORS	kl. 8 - 10:10	16
SVEITABRÚÐKAUP	kl. 8	L
DEATH RACE	kl. 10:10	16

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

THE ROCKER	kl. 8	7
X-FILES	kl 10:10	16
SKRAPP ÚT	kl. 8	12
DECEPTION	kl. 10	12

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000		
MIRRORS	kl. 10.30	16
MIRRORS LÚXUS	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
STEP BROTHERS	kl. 5.45 - 8 - 10.15	12
TROPIC THUNDER	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
MAKE IT HAPPEN	kl. 4 - 6	L
MAMMA MIA	kl. 5.30 - 8 - 10.30	L
GRÍSIRNIR 3	kl. 4	L
		5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919		
MIRRORS	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
STEP BROTHERS	kl. 5.45 - 8 - 10.15	12
SVEITABRÚÐKAUP	kl. 5.45 - 8 - 10.15	L
MAMMA MIA	kl. 5.30 - 8 - 10.30	L
		5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!		
TROPIC THUNDER	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
THE ROCKER	kl. 8 - 10.20	7
MAKE IT HAPPEN	kl. 6 - 8 - 10.20	L
SKRAPP ÚT	kl. 6 - 8 - 10	12
GRÍSIRNIR 3	kl. 6	L

allar myndir - allar sýningar - alla daga

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500		
JOURNEY TO THE CENTER 3DXD I 3D	kl. 8 - 10	L
STEP BROTHERS	kl. 8	12
TROPIC THUNDER	kl. 10 - SÍÐASTA SÝNING	16
MAMMA MIA	kl. 6	L
GRÍSIRNIR 3	kl. 6 - 650 KR.	L
		5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Dapur speglahryllingur

Líf fyrrverandi löggunnar Ben er í rúst eftir vinnutengt óhapp og skilnað við eiginkonuna. Hann reynir að koma sér aftur á réttan kjöl sem næturvörður í gamalli og yfirgefinni verslunarmiðstöð, sem brann fyrir mörgum árum. En hann er ekki heppnari en svo að reimt er þar inni og halda óvættirnir sig til í speglunum þar svo þeir sækja á hann þegar hann skoðar spegilmynd sína.

Mirrors er endurgerð asískrar hrollvekju líkt og margar vinsælustu hrollvekjur liðinna ára hafa verið. Ekki að undra, því það er mikill skortur á frumlegum hryllingi í Hollywood og þær austrænu hafa margar komið á óvart. Það er því hressandi að sjá frumlega hugmynd á tjaldinu en það má spyrja að því hvort úrvinnslan hefði ekki getað orðið skarpari.

Þetta er vel tekin mynd og Frakkinn Alexandre Aja, sem leikstýrir myndinni, kemur með nokkra ágæta hrolla. En yfir heildina nær hún ekki upp nægilega sterku hryllingsandrúmslofti og reiðir sig einum of á þekktar klisjur í söguþræðinum. Að hafa fjölskyldu með móður og börn lenda í óvættunum er vel þekkt og óspennandi, og þegar orsök illskunnar uppgötvast þegar líður á myndina, reynist hún vera heldur venjuleg saga sem hefur komið margoft áður. Myndin þjáist einnig af því að speglaógnin er illa skilgreind og fer út í vitleysu þegar að endanum er komið.

Kiefer Sutherland er þó ágætur í hlutverkinu, jafnvel þótt taktarnir hans minni kannski einum of á 24-rulluna hans. En það breytir því ekki að Mirrors er vonbrigði frá Aja, sem kom á óvart með síðustu mynd sinni, hinni kraftmiklu The Hills Have Eyes, og það er vonandi að hann rífi sig upp fyrir næstu mynd.

Loftur Ingi Bjarnason - Topp5.is

KVIKMYNDIR

Mirrors

Leikstjóri: Alexandre Aja. Aðalhlutverk: Kiefer Sutherland.

★★

Sutherland stendur sig ágætlega en myndin er fyrirsjáanleg og fremur döpur.

Trukkalessur niðrandi orð

Kvenkyns trukkabílstjórar voru ósáttir við niðrandi ummæli Jóhannesar Bachmann um sig í blaðinu í gær. Þær hyggjast þó mæta á Trukkakvöld Dóra tjakks á Players um helgina.

„Þetta orð hefur gengið sér til húðar, er orðið úrelt og gefur kolranga ímynd af okkur. Þetta er bara niðurlægjandi," segir Ingunn Pétursdóttir trukkabílstjóri.

Í gær sagði Fréttablaðið af því að mikið stæði til hjá trukkabílstjórum. Á laugardag verður sérstakur trukkadagur, trukkasýning fyrir ofan Smáralind og svo er búist við um þúsund vörubílstjórum á Players þar sem meiningin er að gera sér glaðan dag á Trukkakvöldi Dóra Tjakks. Blaðið ræddi meðal annars við Jóhannes Bachmann, Jóa Bakk, trukkabílstjóra sem sagði meðal annars af því að hópur kvenna sem keyra trukka, ætlaði sér að mæta og vera með sérstaka sýningu. Jóa varð fótaskortur á tungunni og sagði óvart trukkalessur í staðinn fyrir trukkastelpur. Hann hefur fengið að kenna á því og verið skammaður ótæpilega, verðskuldað, af hópi kvenna sem kallar sig „Trukkastelpurnar" en þær reka meðal annars sérstaka síðu: trukkastelpurnar.bloggar.is. „Svo er til annar hópur kvenna: Gellur sem trukka. Já, Jói má skammast sín. Við erum mjög týpískar stelpur sem eru kannski ekki í hefðbundinni vinnu. En fyrir okkur er þetta bara vinna og við höfum gaman af henni. Það er mjög að fjölga í stéttinni. Æ fleiri stelpur taka nú meiraprófið. Besta vinkona mín er til dæmis förðunarfræðingur og við erum kannski ekkert að ræða starf okkar út í eitt," segir Ingunn.

Þessir hópar ætla að sjálfsögðu að taka virkan þátt í gleðinni á laugardag. Þær munu fylkja liði og verða með sérstaka fegurðarsýningu þar sem bjútí-borðar verða í öndvegi. „Við ætlum að fá okkur að borða saman á Players. Nei, við ætlum ekkert að fara í sjómann eða krók heldur bara skemmta okkur og öðrum."

jakob@frettabladid.is

TRUKKASTELPURNAR Eru orðnar langþreyttar á orðinu „trukkalessa" sem gefur kolskakka ímynd af þessum ágæta félagsskap. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gjöfin þín er í Debenhams

Ef þú kaupir tvo hluti frá Clinique er þetta gjöfin til þín*

- 7 Day Scrub kornakrem 75 ml
- Clarifying Lotion 60 ml
- Repairwear Lift Dagkrem 15 ml
- Turnaround 15 mín maski 15 ml
- Turnaround Concentrate 15 ml
- Long Last varalitur Blushing Nude.
- Fresh Bloom Kinnalitur
- Kinnalitabursti

*meðan birgðir endast
Verðgildi er 9.000 kr.

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

Mynd á 72 tímum

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík, sem stendur yfir 25. september til 5. október, í samstarfi við alþjóðlega listahópinn Grettir Kabarett, býður nú öllum landsmönnum að búa til sína eigin stuttmynd sem verður sýnd í tengslum við hátíðina.

Kvikmyndagerðarmennirnir hafa einungis 72 klukkustundir til stefnu til að fullklára myndir sínar. Um þrjátíu manns koma að utan frá listahópnum Kabarett, þar á meðal skipuleggjandinn Sylvain Lavigne, til að taka þátt í verkefninu. Hópurinn kom á kvikmyndahátíðina í fyrra og fékk fjölda Íslendinga til liðs við sig. Þær myndir sem þá voru unnar hafa verið sýndar víða um heim, meðal annars í Montreal í Kanada.

SYLVAIN LAVIGNE Skipuleggjandi hjá Grettir Kabarett er á leiðinni til Íslands vegna nýrrar stuttmyndasamkeppni.

Fyrsti fræðslufundur listahópsins verður haldin í Hressingarskálanum 27. september kl. 9, þar sem farið verður yfir verkefnið með þátttakendum og öðrum áhugasömum. Upptökutímabilin verða þrjú rétt eins og sýningarkvöldin, þar sem afrakstur verkefnanna verður sýndur á Grand Rokk.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Fimmtudagur 18. september

Tónleikar

21.00 Rokk&Ról 08 Rokkabillyband Reykjavíkur og Vax halda tónleika á Útlaganum, Flúðum.

22.00 Bítbox Latínsveit Tómasar R. spilar á Glaumbar við Tryggvagötu.

Opnanir

17.00 Í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, verða opnaðar þrjár sýningar. Það er sýning á verkum Ingibjargar Jónsdóttur, samsýning Libiu Castro og Ólafs Ólafssonar og sýning úr sameign listasafnsins á verkum Errós.

Uppákomur

20.00 Kór og kvenfélag Seljakirkju bjóða til kvöldskemmtunar í Seljakirkju. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis. Þessi viðburður er hluti af Breiðholtsdögum sem standa til 21. september.

Myndlist

Örlög guðanna Í Þjóðminjasafninu stendur yfir sýning á myndverkum Kristínar Rögnu Gunnarsdóttur úr bókinni „Örlög guðanna“. Sýningin stendur til 21. sept. og er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 11.-17.

Margsaga/Equivocal Katrín Elvarsdóttir heldur sýningu í Gallerí Ágúst, Baldursgötu 12. Opið mið.-lau. kl. 12-17. Sýningin stendur til 27. september.

Í Gerðubergi er sýning í kaffihúsinu á útsaumuðum munstrum og táknum frá indíánaættbálkum í Suður-Ameríku. Í Boganum sýnir Guðný Svava Strandberg pennateikningar og vatnslitamyndir. Gerðuberg, Gerðubergi 3-5.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

fríða
SKARTGRIPAHÖNNUÐUR
Strandgötu 43 | Hafnarfirði
Sími 565 5454

Dæmi um tilboð:

Kanebo
Kynning á Sensai farðanum, ráðgjafar verða með stól frammi þar sem konur geta fengið að upplifa farðann

Glæsilegur kaupauki ef þú kaupir fyrir meira en 5.900.-

Diesel
Herra og dömuilmir í keðjum
Verð áður: 6.990.-
Verð á snyrtidögum: 3.990.-

Cacharel ilmir
Verð áður: 4.590.-
Verð á snyrtidögum: 1.990.-

Lancôme
Peeling herferðir eftir sumarið
Verð áður: 15.990.-
Verð á snyrtidögum: 8.990.-

GUCCI
PH gjafakassi
Verð áður: 6.990.-
Verð á snyrtidögum: 4.590.-

ESCADA
MINIATURE SET
Verð áður: 4.490.-
Verð á snyrtidögum: 2.490.-

fókus

Gildir fimmtudag til sunnudags

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

> Engin umfjöllun um Fram-FH

Þar sem KSÍ ákvað að setja leik Fram og FH á klukkan 21.10 í gærkvöldi reyndist Fréttablaðinu ekki unnt að koma umfjöllun um leikinn í blaðið áður en það fór í prentun. Það þykir okkur miður enda leggur Fréttablaðið mikinn metnað í umfjöllun sína um deildina. Við fordæmum þessi vinnubrögð Knattspyrnusambandsins en þessi leiktími er ekki bara óheppilegur fyrir okkur heldur einnig fjölskyldufólk sem hefur áhuga á að sjá leiki í deildinni. Það er svo sannarlega ekki verið að þjóna hagsmunum hins almenna fótboltaáhugamanns með þessum leiktímum.

sport
sport@frettabladid.is

N1-DEILDIR KARLA OG KVENNA Í HANDBOLTA AÐ HEFJAST: RÍKJANDI ÍSLANDSMEISTURUM SPÁÐ EFSTU SÆTUNUM

Úrslitakeppnin kryddar tímabilið óneitanlega

N1-deild karla hefst í kvöld og N1-deild kvenna á laugardag en spár formanna, fyrirliða og þjálfara liðanna voru kynntar á blaðamannafundi í fyrradag. Íslandsmeisturum Hauka í karlaflokki og Stjörnunnar í kvennaflokki er spáð efstu sætunum.

„Það kom mér svo sem ekkert á óvart í þessarri spá. Þetta er bara svo að segja eftir bókinni og það er ekkert óeðlilegt að ríkjandi Íslandsmeisturum sé spáð í efsta sæti. Ég held samt að bilið á milli efsta sætis og fimmta sætis verði ekki jafn mikið og spáin gefur til kynna. Ég á von á mjög jöfnu og spennandi móti og úrslitakeppnin kryddar tímabilið óneitanlega," segir Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka.

En N1-deildir karla og kvenna verða með öðru sniði heldur en í fyrra að því leyti að núna verður boðið upp á úrslitakeppni að deildarkeppni lokinni. Þar munu efstu fjögur lið deildanna svo kljást um Íslandsmeistaratitilinn.

„Það kunnu held ég allir vel við úrslitakeppnina á sínum tíma og myndu vilja hafa hana átta liða eins og hún var og vonandi er þetta bara þróun í þá átt. Ég held að það sé einmitt nauðsynlegt hjá HSÍ að taka þetta bara þrep fyrir þrep og ég er því mjög spenntur fyrir þessu," segir Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals.

Ragnar Hermannsson, þjálfari Stjörnunnar, er orðinn vanur því að Stjörnustúlkum sé spáð efsta sætinu og hann er ekkert að velta sér of mikið upp úr því.

„Þetta eru bara fastir liðir eins og venjulega. Spá er náttúrulega bara spá en þetta sýnir engu að síður ákveðna tiltrú og er viðurkenning fyrir félagið, leikmenn og þjálfara. Við munum reyna að standa undir þessu og markmiðið er að spila vel," segir Ragnar að lokum.

Spár fyrir N1-deildir kk og kvk:

Ríkjandi meisturum spáð sigri

HANDBOLTI Spár formanna, fyrirliða og þjálfara liða í N1-deildum karla og kvenna fyrir komandi keppnistímabil voru kunngjörðar í fyrradag.

Ríkjandi Íslandsmeisturum Hauka í karlaflokki og Stjörnunnar í kvennaflokki er spáð efstu sætunum. Mest var hægt að fá 240 stig í spánni. - óþ

N1 DEILD KARLA 08-09

Spá formanna, þjálfara og fyrirliða:

1. Haukar	228 stig
2. Valur	203
3. HK	195
4. Fram	174
5. Stjarnan	143
6. Akureyri	113
7. FH	110
8. Víkingur	82

N1 DEILD KVENNA 08-09

Spá formanna, þjálfara og fyrirliða:

1. Stjarnan	225 stig
2. Valur	216
3. Haukar	189
4. Fram	174
5. Grótta	136
6. Fylkir	133
7. FH	89
8. HK	86

JAFNTEFLI Guðjón Valur og Logi skiptu stigunum bróðurlega á milli sín þegar Rhein-Neckar Löwen og TVB Lemgo skildu jöfn í gærkvöld. NORDIC PHOTOS/GETTY

Íslendingaslagur í Þýskalandi:

Jafnt hjá Loga og Guðjóni Val

HANDBOLTI Guðjón Valur Sigurðsson og félagar í Rhein-Neckar Löwen gerðu 29-29 jafntefli við Loga Geirsson og félaga í TVB Lemgo í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta í gærkvöld.

TVB Lemgo leiddi leikinn allan fyrri hálfleik og náði mest fjögurra marka forystu.

Seinni hálfleikur var talsvert kaflaskiptur þar sem Rhein-Neckar Löwen náði fljótt að minnka muninn niður í eitt mark áður en TVB Lemgo seig fram úr á nýjan leik og náði mest fimm marka forskoti um miðjan hálfleikinn.

Rhein-Neckar Löwen tók svo forystuna í fyrsta skiptið í leiknum, 28-27, þegar tæpar fimm mínútur lifðu leiks en lokatölur sem segir 29-29 í hörkuleik.

Guðjón Valur skoraði þrjú mörk fyrir Rhein-Neckar Löwen og Logi þrjú fyrir TVB Lemgo. - óþ

Endurkoma Ronaldo dugði ekki til

Ensku félögin Manchester United og Arsenal urðu að sætta sig við jafntefli í leikjum sínum í Meistaradeild Evrópu í gærkvöld. Stórliðin Real Madrid og Juventus byrjuðu hins vegar á sigrum í dauðariðlinum.

FÓTBOLTI Cristiano Ronaldo er mættur aftur í baráttuna með Manchester United eftir tveggja mánaða fjarveru vegna meiðsla. Það dugði United hins vegar ekki til sigurs gegn Villareal.

Englandsmeistarar United réðu ferðinni gegn Villarreal á Old Trafford en Spánverjarnir voru fastir fyrir. United gerði tvívegis tilkall til vítaspyrnu í fyrri hálfleik þegar brotið var á Park Ji Sung í tvígang. Ekkert var dæmt og staðan var markalaus þegar flautað var til hálfleiks.

Það ætlaði svo allt um koll að keyra á 62. mínútu þegar Cristiano Ronaldo kom inn á sem varamaður en Portúgalinn var að spila sinn fyrsta leik í tvo mánuði eftir að hafa gengist undir aðgerð á ökkla. Ronaldo var ekki lengi að finna sig og kom með mikinn kraft inn í sóknarleik United.

Ronaldo bjó til besta færi United í seinni hálfleik þegar hann átti góða sendingu á fjærstöng á varnarmanninn Jonny Evans sem átti skalla í stöng en nær komst United ekki og niðurstaðan 0-0 jafntefli.

Villarreal náði þar með að stöðva sigurgöngu United á heimavelli í Meistaradeildinni en enska liðið hafði unnið þar tólf leiki í röð, sem er met í Meistaradeildinni. Villarreal náði einnig að halda aftur af United í Meistaradeildinni tímabilið 2005-2006 þegar báðir leikir liðanna enduðu með markalausu jafntefli eins og þessi leikur.

Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri United, var tiltölulega sáttur í leikslok. Þá sér í lagi með móttökurnar sem Ronaldo fékk.

„Hann átti erfitt sumar og mikið hefur verið ritað og rætt í sambandi við möguleg félagaskipti hans frá United. Ég held að móttökurnar sem hann fékk núna muni verða til þess að sannfæra hann enn frekar um að hann hafi valið rétt með að vera áfram hjá United," segir Ferguson.

KRÖFTUGUR Cristiano Ronaldo kom með mikinn kraft inn í sóknarleik United eftir tveggja mánaða fjarveru en það dugði United ekki til sigurs. NORDIC PHOTOS/GETTY

Vandræði hjá Arsenal

Þetta var ekki kvöld ensku liðanna því Arsenal varð að sætta sig við jafntefli gegn Dinamo Kiev á Valeri Lobanovski-leikvanginum.

Það dró til tíðinda á 64. mínútu þegar Ismael Bangowra kom heimamönnum í Kiev yfir með marki úr vítaspyrnu, En vítaspyrnudómurinn var í meira lagi vafasamur.

Arsenal gafst þó ekki upp og varnarmaðurinn William Gallas reyndist bjargvætturinn þegar hann náði að jafna leikinn á 88. mínútu og tryggja Lundúnaliðinu eitt stig í G-riðli en þar byrjaði Porto af krafti með 3-1 sigri gegn Fenerbahçe.

Valsbanarnir lutu í gras

Í H-riðli bar hæst að Valsbanarnir í Bate Borisov mættu ofjörlum sínum á Santiago Bernabeu-leikvanginum þar sem Real Madrid fór með sigur af hólmi 2-0. Sergio Ramos kom Madrídingum yfir snemma leiks og Ruud van Nistelrooy bætti öðru marki við í seinni hálfleik og þar við sat.

Juventus byrjaði einnig á sigri gegn Evrópumeisturum bikarhafa í Zenit frá Pétursborg en mark Alessandro Del Piero á 76. mínútu dugði ítalska liðinu til þess að taka öll stigin. omar@frettabladid.is

ÚRSLIT

Meistaradeild Evrópu

E-riðill:	
Man. Utd-Villarreal	0-0
Celtic-Álaborg	0-0
F-riðill:	
Steaua Búkarest-Bayern München	0-1
0-1 D. van Buyten (14.).	
Lyon-Fiorentina	2-2
0-1 A. Gilardino (11.), 0-2 A. Gilardino (42.), 1-2 F. Piquionne (73.), K. Benzema (85.).	
G-riðill:	
Porto-Fenerbahçe	3-1
1-0 L. Lopez (11.), 2-0 L. Gonzalez (14.), 2-1 D. Guiza (30.), 3-1 D. Lino (90.).	
Dynamo Kiev-Arsenal	1-1
1-0 I. Bangoura (64.), 1-1 W. Gallas (88.).	
H-riðill:	
Juventus-Zenit Pétursborg	1-0
1-0 A. Del Piero (76.).	
Real Madrid-Bate Borisov	2-0
1-0 S. Ramos (11.), 2-0 R. van Nistelrooy (57.).	

Íslenska landsliðið gafst ekki upp þótt staðan væri erfið í hálfleik á móti Svartfjallalandi í gærkvöld:

Við ætluðum að vinna seinni hálfleik

KÖRFUBOLTI Íslenska karlalandsliðið tapaði með 14 stigum, 66-80, gegn Svartfellingum í Laugardalshöllinni í gær. Jón Arnór Stefánsson átti mjög góðan leik og var stigahæstur á vellinum en það dugði ekki til.

„Þeir eru með geggjað lið en við unnum seinni hálfleikinn. Við erum jákvæðir ennþá og erum ákveðnir í að berjast áfram," sagði Jón Arnór eftir leikinn.

Jón Arnór kom grimmur til leiks eins og í síðustu leikjum og skoraði sex af átta fyrstu stigum leiksins en Svartfellingar lifðu á vítalínunni í fyrsta leikhlutanum og skoruðu á endanum 16 af 22 stigum sínum á vítalínunni. Annar leikhlutinn var íslenska liðinu erfiður en hann tapaðist með 15 stigum, 10-25, og eftir það var nokkuð ljóst hvernig leikurinn færi enda Svartfjallaland með 23 stiga forskot í hálfleik, 24-47. Íslenska liðið gafst þó ekki upp og vann seinni hálfleikinn með 9 stigum, 42-33.

ÍSLAND-SVARTFJALLALAND 66-80 (24-47)

Stig Íslands: Jón Arnór Stefáns. 20 (4 stoðs.), Logi Gunnarsson 11, Hlynur Bæringsson 8 (7 frák., 2 varin), Magnús Þór Gunnarsson 7, Helgi M. Magnússon 6, Sigurður Þorvaldsson 5, Friðrik Stefánsson 3, Páll Axel Vilbergsson 3, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 2, Jakob Sigurðarson 1.

„Við vorum kannski að gleyma okkur svolítið í einhverju stressi í fyrri hálfleik og vorum að hugsa alltof mikið, kannski að þeir voru alltof góðir eða eitthvað. Við ákváðum um að koma inn í seinni hálfleikinn og reyna að vinna hann. Okkur tókst það alveg ágætlega," sagði Jón Arnór sem átti mjög góðan leik, skoraði 20 stig og átti 4 stoðsendingar.

„Þetta var allt í lagi hjá mér. Sjálfstraustið er í góðu lagi og ég er bara sáttur," sagði Jón Arnór sem endaði leikinn með því að skora flotta flautukörfu langt fyrir utan þriggja stiga línuna.

„Það var smá grís en gott að minnka aðeins muninn," sagði Jón Arnór að lokum.

Það var mjög gaman að fylgjast með baráttu Hlyns Bæringssonar og Nikola Pekovic og það er óhætt að segja að íslenski víkingurinn hafi náð að pirra vel þennan sterka miðherja sem spilar fyrir tugi milljóna með gríska liðinu Panathinaikos.

Jóni Arnóri og félögum hans í bakvarðasveitinni gekk einnig vel að stoppa Omar Cook sem var aðeins með fjögur stig í gær. - óój

FRÁBÆR Jón Arnór Stefánsson fór á kostum gegn Svartfellingum í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

SPORT
besta sætið

RYDER CUP

Í BEINNI Á STÖÐ 2 SPORT FRÁ FÖSTUDEGI TIL SUNNUDAGS

FYRIR HEIÐURINN
BANDARÍKIN – EVRÓPA

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Meistarasigling á Keflvíkingum

Keflvíkingar halda áfram að sigla í átt að Íslandsbikarnum og breytir engu um hvernig er í sjóinn. Alltaf ná þeir að spila sinn fína bolta. Blikar voru engin hindrun á Sparisjóðsvellinum í Keflavík í gærkvöld.

FÓTBOLTI Það er ekkert lát á velgengni og góðri spilamennsku Keflavíkur en meistaraefnin lögðu Blika, 3-1, í leik sem fór fram við mjög erfiðar aðstæður. Blikar voru yfirspilaðir lengstum og máttu þakka fyrir að tapa ekki með meiri mun.

Aðstæður í Keflavík voru æði skrautlegar. Sterkur vindur beint á annað markið og völlurinn þess utan blautur og þungur. Keflvíkingar höfðu vindinn í bakið í fyrri hálfleik og kunnu það vel. Stjórnuðu leiknum algjörlega á meðan Blikar vissu vart sitt rjúkandi ráð.

Stórskothríð Keflvíkinga hófst nánast strax í byrjun. Þeir fengu mörg fín skotfæri á ákjósanlegum stöðum en voru algjörir klaufar því ekki einn einasti bolti hitti á markið en alls áttu Keflvíkingar þrettán marktilraunir í hálfleiknum gegn aðeins þremur hjá Blikum.

Eitt af þessum 13 skotum fór á markið og það kom þegar Redo fékk þeirra besta færi en Casper varði vel. Boltinn hrökk svo til Hólmars sem virtist vera rifinn niður en ekkert var dæmt. Keflvíkingar æfir og virtust hafa talsvert til síns máls.

Blikar tóku sér tæplega fjörutíu mínútur í að fatta að best væri að spila boltanum með jörðinni gegn vindinum og er þeir fengu sitt fyrsta horn á 38. mínútu fékk Guðmundur Kristjánsson dauðafæri en Keflvíkingar vörðu á línu. Blikar færðust allir í aukana í kjölfarið og Jóhann Berg kom þeim yfir með stórglæsilegu marki á markamínútunni. Sóladi leikmenn og lét vaða utan teigs. Boltinn söng efst í markhorninu, algjörlega óverjandi fyrir Ómar í markinu. Blikar komnir yfir í leik sem þeir tóku vart þátt í fyrstu 38 mínúturnar. Keflvíkingar gátu þó sjálfum sér um kennt því þeir fengu færin til að skora.

Meistaraefnin í Keflavík létu hálfleiksstöðuna ekki slá sig út af laginu heldur jöfnuðu eftir rúmar 2 mínútur í síðari hálfleik. Þar var Redo að verki eftir undirbúning Guðmundar Steinarssonar. Margir héldu að leikurinn myndi snúast nokkuð í síðari hálfleik þar sem Blikum gekk illa gegn vindinum í þeim fyrri. Þeim gekk ekkert mikið betur með vindi og það voru Keflvíkingar sem réðu lögum og lofum á vellinum.

Er tæpur hálftími lifði af leiknum kom Guðmundur þeim yfir með góðu skoti á nærstöng og Redo klaraði svo leikinn níu mínútum fyrir leikslok. 3-1 sigur og það fyllilega verðskuldaður.

Keflvíkingar leika eins og sannir meistarar þessa dagana og aðstæður breyta engu. Þeim tókst að spila lygilega góðan bolta í gær í skítaaðstæðum. Hungur leikmanna er mikið sem og einbeitingin. Það má mikið vera ef titillinn fer ekki til Keflavíkur í ár.

Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur, var brattur eftir leik er hann var spurður hvort Keflavíkurliðið yrði meistari.

„Við erum komnir nálægt því og með svona spilamennsku aukast líkurnar. Við erum samt meðvitaðir um að við þurfum fleiri stig," sagði Kristján sem ætlar ekki að fagna of snemma.

„Liðið er að sýna karakter og kemur til baka eftir að lenda undir annan leikinn í röð. Við verðum að njóta þess að spila fótbolta og hafa gaman áfram. Þá kemur þetta hjá okkur," sagði Kristján.

henry@frettabladid.is

FÓR Á KOSTUM Guðmundur Steinarsson, fyrirliði Keflavíkur, hélt uppteknum hætti gegn Breiðabliki í gær og skoraði í sínum áttunda leik í röð í Landsbankadeildinni. Keflavík vann 3-1 og Guðmundur lagði einnig upp eitt mark fyrir Patrik Ted Redo en þetta var jafnframt sjöundi leikurinn í röð sem Guðmundur á einnig stoðsendingu að marki. VÍKURFRÉTTIR

Keflavík 3-1 Breiðablik

Sparisjóðsvöllur, áhorf.: 1.030 Einar Örn Daníels. (8)

0-1 Jóhann Berg Guðmundsson (43.),
1-1 Patrik Ted Redo (48.),
2-1 Guðmundur Steinarsson (62.),
3-1 Patrik Ted Redo (81.).

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	27-7 (8-5)
Varin skot	Ómar 3 – Casper 5
Horn	7-4
Aukaspyrnur fengnar	11-11
Rangstöður	7-1

KEFLAVÍK 4–4–2		BREIÐAB. 4–4–2	
Ómar Jóhannsson	7	Casper Jacobsen	7
Guðjón Á. Antoníus.	7	Arnór S. Aðalsteins.	4
Kenneth Gustafsson	7	Srdjan Gasic	4
Hallgrímur Jónasson	8	Finnur O. Margeirs.	6
Brynjar Guðmunds.	7	Kristinn Jónsson	6
Simun Samuelsen	7	Steinþór F. Þorsteins.	3
Hólmar Ö. Rúnars.	7	(46., Nenad Zivanov.	4)
Hans Mathiesen	7	Arnar Grétarsson	3
(79., Jón Gunnar E.	-)	Guðmundur Kristj.	5
Jóhann B. Guðmund.	7	(83., Olgeir Sigurg.	-)
(88., Magnús Þorst.	-)	Jóhann Berg Guðm.	7
Patrick Redo	8	Kristinn Steindórs.	2
***Guðm. Steinars.**	**8**	(65., Magnús Páll G.	5)
(90., Þórarinn Kristj.	-)	Marel Baldvinsson	5

**Maður leiksins*

Guðmundur Steinarsson:

Við erum skrambi góðir

FÓTBOLTI Guðmundur Steinarsson fór hreint á kostum í gær. Skoraði mark, lagði upp annað og bjó til fjölda færa fyrir félaga sína. „Við hefðum getað gert betur í fyrri hálfleik og menn ætluðu allir að rífa netið í færunum. Það gengur ekki alltaf. Í síðari hálfleik vorum við yfirvegaðri og þá var bara eitt lið á vellinum," sagði Guðmundur ákveðinn.

„Þegar við spilum eins og eitt lið erum við skrambi góðir. Við erum í fínni stöðu núna og bíðum spenntir eftir að mæta FH," sagði Guðmundur en hann segir menn hafa trú á því að liðið geti farið alla leið.

„Menn eru einbeittir og allir stefna í sömu átt. Það var leiðinlegt seinni hlutann í fyrra og menn ætluðu ekki að láta slíkt koma fyrir aftur." - hbg

NÆSTI ÞJÁLFARI HK? Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun Eyjólfur Sverrisson taka við HK eftir yfirstandandi keppnistímabil. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Þjálfaramál hjá HK:

Taka Zeljko og Eyjólfur við HK?

FÓTBOLTI Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun knattspyrnuráð HK eiga í samningaviðræðum við Eyjólf Sverrisson og Zeljko Zankovic um að þeir félagar taki við þjálfun meistaraflokks HK að yfirstandandi keppnistímabili loknu.

„Það er alltaf eitthvað nýtt í umræðunni. Ég hef annars ekkert um þetta að segja og það er ekki neitt í gangi," segir Eyjólfur í samtali við Fréttablaðið í gær og Zeljko tók í svipaðan streng.

„Í sannleika sagt hef ég ekkert heyrt af þessu. Það er reyndar alltaf verið að orða mig við þjálfarastöður, hvort sem það er uppi á Akranesi, í Mosfellsbæ eða í Kópavogi," segir Zeljko.

Óli Þór Júlíusson, íþróttastjóri HK, kvað ekkert vera í gangi varðandi þjálfaramál hjá HK. Að minnsta kosti ekki að svo stöddu.

„Við ætlum bara að klára tímabilið og staða mála verður skoðuð eftir það. Rúnar Páll Sigmundsson er okkar maður í augnablikinu og það er bara þannig," segir Ólafur. - óþ

AÐRIR AUKATÓNLEIKAR
LAUGARDAGINN 11. OKTÓBER KL. 16:00

MIÐASALA HEFST Á MORGUN KL. 10:00

8,000 MIÐAR SELDUST UPP Á INNAN VIÐ ÞREMUR KLUKKUSTUNDUM Á FYRSTU TVO TÓNLEIKANA

Póstlistaforsala í dag

Þeir sem eru skráðir á póstlista Bravó klukkan 14:00 í dag fá tölvupóst sem gefur þeim tækifæri á að tryggja sér miða áður en almenn sala hefst.

Skráðu þig núna á **www.bravo.is**.

Athugið, takmarkað magn miða í boði.

Minningar

TÓNLEIKAR

VILHJÁLMUR VILHJÁLMSSON

Sérstakir gestir:
Helena Eyjólfsdóttir og Þorvaldur Halldórsson

10. OG 11. OKTÓBER • LAUGARDALSHÖLL

LANDSLIÐ SÖNGVARA · **10** MANNA HLJÓMSVEIT · KÓRAR · STRENGJASVEIT

BJÖRGVIN HALLDÓRSSON · BUBBI · DIDDÚ · EGILL ÓLAFSSON · LADDI

ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR · GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR · HELGI BJÖRNS · JÓNSI · KK

LAY LOW · PÁLL RÓSINKRANZ · RAGNHEIÐUR GRÖNDAL · STEFÁN HILMARSSON

VÍKING Léttöl | FK FJARÐARKAUP | BYLGJAN 989

Miðasala á *midi.is* og á sölustöðum Miða.is

bravó! *Góðar stundir*

dagskrá

> **John Leguizamo**

„Hjónaband er geggjun. Ég hélt að það væri hinn fullkomni staður þar sem alltaf væri eintóm gleði og hamingja en svo er það töluvert meira mál en það.“ Leguizamo leikur í þættinum The Kill Point sem sýndur er á Stöð 2 bíó.

VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FYLGDIST MEÐ ANITU BRIEM Í THE TUDORS

Ljósir lokkar heilluðu Englandskonung

Gaman var að sjá hina íslensku Anitu Briem mæta til leiks í sjónvarpsþáttunum The Tudors sem hafa verið sýndir á Stöð 2 við góðar undirtektir. Upphafsatriði hennar þar sem hún hitti Hinrik áttunda í fyrsta sinn var einkar tilfinningaþrungið. Heillaði hún konunginn upp úr skónum með þokka sínum og er hún gekk upp að honum stóðst hann ekki mátið og snerti ljósa lokka hennar. Hugljúf tónlistin sem hljómaði undir skemmdi heldur ekki fyrir stemningunni.

Atriðið var afar mikilvægt fyrir framvindu sögunnar, enda leikur Anita þriðju eiginkonu Hinriks í þáttunum og því var nauðsynlegt að neistaflug myndaðist á milli þeirra tveggja strax frá upphafi. Það gekk eftir og verður gaman að fylgjast með Anitu í þeim þáttum sem á eftir koma. Það gerist nefnilega ekki á hverjum degi að Íslendingur kemur við sögu í erlendum sjónvarpsþáttum og því ber að veita þátttöku hennar aukinn gaum.

Auk þess að leika í The Tudors hefur Anita öðlast reynslu í þáttunum The Evidence og í Hollywood-myndinni Journey to the Center of the Earth þar sem hún leikur á móti stjörnunni Brendan Fraser. Miðað við sístækkandi verkefni er greinilegt að frægðarsól hennar á eftir að rísa enn hærra og verður gaman að fylgjast með henni í framtíðinni reyna fyrir sér á meðal hinna bestu.



EKKI MISSA AF

▶ **17.00** **HK - Grindavík, BEINT** STÖÐ 2 SPORT

▶ **20.30** **Talk Show With Spike Feresten** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **21.00** **House** SKJÁREINN

▶ **21.05** **Las Vegas** STÖÐ 2

▶ **21.30** **Trúður (Klovn IV)** SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

15.50 Kiljan (e)
16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
17.20 Táknmálsfréttir
17.25 Finnur finnur upp (2:3)
17.54 Lísa (8:13) (e)
18.00 Krakkar á ferð og flugi (15:20)
18.25 Kallakaffi (3:12) (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.15 Kínverskar krásir (Chinese Food Made Easy) (2:6) Ching-He Huang, skærasta stjarnan í kínverska nútímaeldhúsinu, matreiðir holla og góða rétti.
20.45 Hvað um Brian? (What About Brian?) (21:24) Bandarísk þáttaröð um Brian O'Hara og vini hans. Brian er eini einhleypingurinn í hópnum en hann heldur enn í vonina um að hann verði ástfanginn.
▶**21.30 Trúður** (Klovn IV) (6:10) Dönsk gamanþáttaröð um uppistandarann Frank Hvam og líf hans. Höfundar og aðalleikarar þáttanna eru þeir Frank Hvam og Casper Christensen sem hafa verið meðal vinsælustu grínara Dana undanfarin ár.
22.00 Tíufréttir
22.25 Sex hlekkir (Six Degrees) (9:13) Bandarísk þáttaröð. Þræðirnir í lífi sex New York-búa tvinnast saman þótt fólkið þekkist ekki neitt.
23.05 Lífsháski (Lost) (84:86) (e)
23.50 Kastljós (e)
00.25 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 The Sound of Music
10.50 Svampur Sveinsson
12.15 Lake House
14.00 The Sound of Music
16.50 Svampur Sveinsson
18.15 Lake House
20.00 Lady in the Water Nútímadraugasaga um húsvörðinn Cleveland Heep sem bjargar ungri konu úr sundlaug. Þegar hann kemst að því að hún er í raun persóna í draugasögu, þarf hann að hjálpa henni að komast aftur heim.
22.00 Anonymous Rex
02.00 From Dusk Till Dawn 3
04.00 Anonymous Rex
06.00 Irresistible

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Sylvester og Tweety, Kalli kanína og félagar og Ben 10.
08.15 Oprah
08.55 Bold and the Beautiful
09.15 Í fínu formi
09.30 La Fea Más Bella (151:300)
10.15 Missing (15:19)
11.10 60 minutes
12.00 Hádegisfréttir
12.35 Neighbours
13.00 Forboðin fegurð (37:114)
13.45 Forboðin fegurð (38:114)
14.35 Ally McBeal (12:23)
15.30 Friends (12:23)
15.55 Sabrina - Unglingsnornin
16.18 A.T.O.M.
16.43 Ofurhundurinn Krypto
17.08 Hlaupin
17.18 Doddi litli og Eyrnastór
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Neighbours
18.18 Markaðurinn og veður
18.30 Fréttir
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.17 Veður
19.30 The Simpsons 9
19.55 Friends 3 (6:25)
20.20 The Celebrity Apprentice (2:14) Auðkýfingurinn Donald Trump leiðir saman misstórar og skærar stjörnur í hörkuspennandi markaðs- og fjáröflunarkeppni.
▶**21.05 Las Vegas** (11:19) Enn fylgjumst við með lífi og störfum öryggisvarða í Montecito-spilavítinu þar sem freistingarnar eru óheyrilega margar fyrir spilafíkla, glæpahyski, fjárglæframenn og aðrar veikgeðja sálir.
21.50 The Kill Point (7:8) Félagar úr hernum ákveða eftir heimkomuna frá Írak að nýta herþekkingu sína til að fremja bankarán. Þegar planið fer úrskeiðis gripa þeir til örþrifaráða og taka starfsfólk bankans og viðskiptavini í gíslingu.
22.35 Die Another Day
00.45 The Wire (13:13)
02.05 Kuffs
03.45 Las Vegas (11:19)
04.30 The Celebrity Apprentice (2:14)
05.15 The Simpsons 9
05.40 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Meistaradeildin - Meistaramörk
07.25 Meistaradeildin - Meistaramörk
07.50 Meistaradeildin - Meistaramörk
08.15 Meistaradeildin - Meistaramörk
08.40 Meistaradeildin - Meistaramörk
13.05 Meistaradeild Evrópu Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
14.45 Meistaradeildin - Meistaramörk
5.10 Landsbankadeildin 2008 Fram - FH.
▶**17.00 Landsbankadeildin 2008** Bein útsending frá leik HK og Grindavíkur í Landsbankadeild karla.
19.15 UEFA Cup Bein útsending frá leik Tottenham og Wisla Krakow í Evrópukeppni félagsliða í knattspyrnu.
21.00 Landsbankamörkin 2008
22.00 10 bestu - Ríkharður Jónsson Sjötti þátturinn af tíu í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.
22.40 NFL-deildin Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar.
23.10 Landsbankadeildin 2008 HK - Grindavík.
01.00 Landsbankamörkin 2008

SPORT 2 *enski boltinn*

15.40 Enska úrvalsdeildin Stoke - Everton.
17.20 Enska úrvalsdeildin Portsmouth - Middlesbrough.
19.00 English Premier League
20.00 Premier League World 2008/09 Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.
20.30 PL Classic Matches Newcastle - Man. United, 96/97. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
21.00 PL Classic Matches Arsenal - Liverpool, 03/04.
21.30 4 4 2 Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum.
22.50 1001 Goals Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.
23.45 Coca Cola mörkin Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað.

SKJÁREINN

07.15 Rachael Ray (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
15.55 Vörutorg
16.55 Life is Wild (e)
17.45 Dr. Phil Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.
18.30 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
19.15 Less Than Perfect (e)
19.40 Game tíví (2:15) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
20.10 Family Guy (9:20) Teiknimyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.
20.35 30 Rock (2:15) Bandarísk gamansería þar sem Tina Fey og Alec Baldwin fara á kostum í aðalhlutverkunum. Jack fréttir að yfirmaður General Electric ætli að setjast í helgan stein og sækist eftir stöðunni en fær verðuga samkeppni. Jenna nýtur frægðarinnar sem aukakílóin færa henni og Kenneth reynir að koma Tracy og Angie aftur saman.
▶**21.00 House** (3:16) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða, dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. House skiptir hópnum, sem berst um stöðu í læknaliði hans, í tvö lið sem taka þátt í léttri keppni. Þeir sem finna hvað er að hrjá sjúkling fá að halda áfram en hinir verða sendir heim.
21.50 Law & Order: Criminal Intent - Lokaþáttur
22.40 Jay Leno
23.30 Britain's Next Top Model (e)
00.20 Kitchen Nightmares (e)
01.10 Vörutorg
02.10 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og **Að norðan** Endurtekið á klukkutíma fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
20.30 Gönguleiðir Þáttur um áhugaverðar gönguleiðir á Íslandi. Endurtekið kl. 21.30 og 22.30.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 22.35
James Bond öll fimmtudagskvöld

Bond-mynd kvöldins er að þessu sinni Die Another Day með Pierce Brosnan í aðalhlutverki. James Bond er fremsti njósnari hennar hátignar. Kappinn fær nú sitt erfiðasta verkefni til þessa þar sem bæði hryðjuverkamenn og skartgripasalar koma við sögu. Leikurinn berst víða og áhorfendur sjá meðal annars mögnuð atriði sem voru tekin upp á Íslandi. Hrottarnir eru á sínum stað og fegurðardísirnar auðvitað líka. James Bond klikkar aldrei. Leikstjóri: Lee Tamahori. Leikarar: Pierce Brosnan, Halle Berry, Toby Stephens og Judi Dench.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
Law & Order: Criminal Intent
Skjár einn kl. 21.50

Bandarísk sakamálasería þar sem fylgst er með stórmálasveit lögreglunnar í New York fást við klóka krimma. Í þættinum í kvöld er ungur lögreglunemi myrtur skömmu eftir að hann stöðvar vopnað rán. Á sama tíma og Logan rannsakar málið kynnist hann ungri konu en það samband fær snöggan endi. Þetta er lokaþáttur í seríunni.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregnir
10.13 Litla flugan
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Vítt og breitt
14.03 Á tónsviðinu
15.03 Útvarpssagan: Dyr standa opnar
15.30 Heimsauga
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Seiður og hélog
19.27 Óperukvöld Útvarpsins
22.07 Veðurfregnir
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Útvarpsperlur: Ellefu
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks (18:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
16.30 Hollyoaks (19:260)
17.00 Seinfeld (18:24)
17.30 Talk Show With Spike Feresten (17:22)
18.00 The Dresden Files (6:13)
19.00 Hollyoaks (18:260)
19.30 Hollyoaks (19:260)
20.00 Seinfeld (18:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.
▶**20.30 Talk Show With Spike Feresten** (17:22) Spike Feresten er einn af höfundum Seinfeld og Simpsons. Nú er hann kominn með sinn eigin þátt þar sem hann fær til sín góða gesti.
21.00 The Dresden Files (6:13) Harry Dresden er enginn venjulegur maður, hann er galdramaður og notar hæfileika sína við að upplýsa sakamál. Harry á sér dökka fortíð en hefur nú ákveðið að nýta sér reynsluna til góðs.
22.00 Hotel Babylon (6:8) Lífið á Hótel Babýlon gerist skrautlegra og meira spennandi með hverri þáttaröðinni. Þættirnir gerast á hóteli fína og fræga fólksins í London.
22.55 Ghost Whisperer (44:44)
23.40 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

ÍNN

20.00 Hrafnaþing Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson. Heimastjórn stöðvarinnar, Hallur Hallsson, Ármann Kr. Ólafsson og Jón Kristinn Snæhólm, skoðar pólitískt landslag líðandi stundar.
21.00 Neytendavaktin Ragnhildur Guðjónsdóttir varaformaður Neytendasamtakanna fjallar um málefni neytenda.
21.30 Óli á Hrauni Umsjón: Ólafur Hannesson formaður Jafnréttindafélags Íslands.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr **10.10** Penge **10.35** Aftenshowet **11.00** Aftenshowet 2. del **11.25** Grøn glæde **11.50** Hvad er det værd? **12.20** Drømmen om dybet **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **13.35** Pigebandet Frank **14.00** Boogie Lørdag **14.30** Pucca **14.35** Den amerikanske drage **15.00** Gepetto News **15.30** Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Den store dag **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live 19.50 SportNyt **20.00** Landsbyhospitalet **20.45** Live Once Die Twice **22.10** Min afrikanske forbindelse - flygtningelejren

NRK 1

10.00 NRK nyheter **10.10** Med hjartet på rette staden **11.00** NRK nyheter **11.05** Jessica Fletcher **12.00** NRK nyheter **12.05** Niklas' mat **12.30** ‚Allo, ‚Allo! **13.00** NRK nyheter **13.01** Fabrikken **13.30** Dracula junior **14.01** NRK nyheter **14.10** Hannah Montana **14.35** Edgar og Ellen **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Verdensarven **15.40** Månáid-tv - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Uhu **16.30** Peo **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **17.55** Dyrisk **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Rebus **20.35** Hvorfor det? **21.00** Kveldsnytt **21.15** Urix **21.45** Er jeg normal? **22.45** Spooks

SVT 1

10.00 Rapport **10.05** Doobidoo **11.05** Plus **12.25** Fråga doktorn **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Hannah Montana **14.30** Kärleksagenterna **15.00** Sagor från Zoo **15.10** Sagan om Tarzan **15.20** En unge till **15.30** Lisas sagoshow **15.45** Annas bästa kompis **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Mitt i naturen **18.30** Vad hände sen med klass 9A? **19.00** Höök **20.00** Debatt **20.45** Sixties **21.15** Kulturnyheterna **21.30** Uppdrag Granskning **22.30** Det förflutna hälsar på **23.00** Sändningar från SVT24

Taktu þátt og hringdu núna

Mænuskaðastofnun Íslands hvetur þjóðina til að taka þátt í landssöfnun sem miðar að því að lækning finnist við mænuskaða. Það gefur fjölda fólks um heim allan von um að ganga á ný.
Við viljum öll eiga þátt í því kraftaverki.
www.isci.is

Söfnunarnúmer: Síminn
904 1000 | 904 3000 | 904 5000
og þú gefur 1.000 kr. | og þú gefur 3.000 kr. | og þú gefur 5.000 kr.

STOÐIR bakhjarl landssöfnunarinnar

Mænuskaðastofnun Íslands

Fíton/SÍA

MORGUNMATURINN

„Ég borða sjaldnast morgunmat, en ef ég kemst í gott morgunverðarhlaðborð, til dæmis á hótelum, þá tek ég oftast kastið á eggjum og beikoni, appelsínusafa og kaffi.“

Karl Sigurðsson tónlistarmaður.

Skáldið Sjón leikur engil

Útvarpsleikhúsið frumflytur á jóladag leikritið Augu þín sáu mig. Verkið byggir leikstjórinn Bjarni Jónsson á skáldsögu Sjóns sem kom út 1994. Sjón leikur í verkinu, engilinn Freude, og tók upp sitt hlutverk í gær.

„Maður skalf aðeins í hnjánum, en ég gerði mitt besta. Það gerði mér auðveldara fyrir að ég skrifaði hlutverkið sjálfur og þekki það því ágætlega,“ segir Sjón. Hljómsveitin múm sér um tónlist og hljóðmynd í verkinu og meðal leikara eru Víðir Guðmundsson, Birgitta Birgisdóttir og Ólafur Darri Ólafsson.

„Þetta er falleg saga um sigur hins góða í seinni heimstyrjöldinni,“ segir Sjón. „Boðskapurinn er fallegur og hann passar vel á jólunum. Það er gaman að hugsa til þess að öll þjóðin muni sitja við útvarpið með hangikjötið sitt og malt og appelsín, eins og hún hefur gert frá stofnun Útvarpsleikhússins. Ég geri ekki ráð fyrir að það sjáist sála á götunum.“

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Sjón leikur í eigin verki því hann lék Dr. Artmann í Önnu og skapsveiflunum. Hann skrifaði handritið að Reykjavik Whale Watching Massacre sem nú er í tökum en segist ekkert leika í henni. „Nei, það þarf atvinnumenn til að láta drepa sig,“ segir Sjón. „Sú mynd er alveg úr mínum höndum. Núna bíð ég bara eftir miða á frumsýninguna.“ - drg

ÞAÐ SÉST EKKI SÁLA Á GÖTUNUM Engillinn Sjón með kasóléttri Birgittu Birgisdóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ARNALDUR INDRIÐASON Ný bók hans heitir Myrká, fjallar um nauðgara og er titillinn að sögn höfundar óbein vísun í djáknann fræga.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

EGILL ÖRN JÓHANNSSON: NÆSTA BÓK ARNALDAR HEITIR MYRKÁ

Ný bók Arnaldar prentuð í áður óþekktu upplagi

„Jú, jú, kannski er það dirfska að prenta hátt í þrjátíu þúsund eintök en vinsældum Arnaldar virðast engin takmörk sett. Enda hefur hann slegið rækilega í gegn hjá þjóðinni jafnt sem erlendis,“ segir Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins.

Tekin hefur verið ákvörðun um að fyrsta prentun óútkominnar bókar Arnaldar Indriðasonar, sem Forlagið gefur út, verði hátt í þrjátíu þúsund eintök. Er þetta einsdæmi um fyrstu prentun skáldsögu á Íslandi.

Harðskafi, bók Arnaldar frá í fyrra, var prentuð í heildina, með endurprentunum, í um 30 þúsund eintökum sem telst vera met. Forlagsmenn gera þannig ráð fyrir því að næsta bók Arnaldar muni seljast enn betur. „Já, við höfum tröllatrú á þessari nýju bók Arnaldar. Eins að bókin eigi eftir að verða sterk sem gjafavara á næsta jólamarkaði. Þá má þess og geta að bókum Arnaldar er hlutfallslega lítið skilað,“ segir Egill Örn. Hann vekur jafnframt athygli á því að fyrsta prentun bóka Arnaldar hafi verið stærri þar sem hann hefur komið út í öðrum löndum enda markaður þar stærri. „Bækur hans eru fáanlegar í yfir sextíu löndum öðrum og hafa yfir fimm milljónir eintaka selst á heimsvísu. Arnaldur er einn af vinsælustu höfundum Evrópu.“

Titill hinnar óútkomnu bókar Arnaldar er Myrká. Er þetta tólfta skáldsaga Arnaldar en níu þeirra hverfast um Erlend lögregluforingja Sveinsson og hans fólk. Svo er einnig með Myrká sem er þá tíunda bókin í þeirri gríðarlega vinsælu bókaseríu. Vitaskuld ríkir leynd um efni bókarinnar en Arnaldur segir aðspurður að bókin fjalli um nauðgara.

„Titillinn er óbein vísun í djáknann og þá frægu draugasögu. En, og þó, djákninn vildi draga konuna með sér niður í kalda gröf sína. Að öðru leyti eru mjög óbein tengsl. En mér fannst þetta sterkur titill,“ segir Arnaldur.

Metsöluhöfundurinn beinir ekki eingöngu sjónum sínum að skáldsagna- og krimmagerð heldur er hann nú að skrifa kvikmyndahandrit upp úr bók sinni Grafarþögn ásamt með Baltasar Kormáki. „Við erum að vonast til að geta farið með það í gang einhvern tíma á næsta ári.“

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Bandaríska vefsíðan Pitchfork-media hefur lengi verið eitt helsta leiðarkerfi þeirra sem vilja vera með á nótunum í heimi dægurtónlistar. Nýlega fengu nýjustu plötur **Mugisons** og **Emilíönu Torrini** frekar hlandvolga dóma hjá síðunni. Mugison fékk 6,2 af 10 fyrir Mugiboogie og Emilíana fékk 5,9 fyrir Me and Armini. Mugison er hrósað fyrir flottar kynningarmyndir en síðunni þykir tónlist hans of venjuleg og hefðbundin. Plata Emilíönu fær svipaða umsögn. Hún er sögð of bitlaus og passa of vel sem bakgrunnstónlist á kaffihúsi. Aðeins lagið „Gun“ er sagt geta rifið hlustandann upp af kaffihúsamókinu. Síðan mælir því með grófari og tilraunagjarnari Emilíönu næst.

Stefán Hilmarsson, söngvarinn góði, bankar nú upp á hjá hinum ýmsu ljósmyndurum en hann er að viða að sér efni fyrir plötuútgáfu Sálarinnar nú í haust. Stefán er þekktur fyrir að vanda vel til verka og skoðar allar myndir sem teknar hafa verið af hljómsveitinni nú undanfarna mánuði með það fyrir augum að finna það besta.



Næsti bar við Ingólfsstræti undirgengst nú breytingar en síðast þegar fréttist af þeim ágæta bar var þegar **Ragnar Kristinn Kristjánsson**, fyrrverandi sveppagreifi, keypti staðinn og boðaði þá breytingar. Nú hafa **Þórdís Guðjónsdóttir** og **Ágústín** hinn spánski – sem margir muna sem vert frá Kaffi List við Klapparstíg – tekið þar öll völd. Og er barinn nú orðinn grænn og vænn því þeim sem þar staldra við og fá sér eitt glas eða tvö býðst nú að kaupa sér spænska smárétti eða tapas.

- drg, jbg



LÁRÉTT 2. hróss, **6.** frá, **8.** bar að garði, **9.** háttur, **11.** í röð, **12.** háspil, **14.** miklu, **16.** kallorð, **17.** sönghópur, **18.** beita, **20.** frú, **21.** högg.
LÓÐRÉTT 1. drykkur, **3.** klafi, **4.** undirbúningspróf, **5.** skilaboð, **7.** pest, **10.** hrygning, **13.** dá, **15.** gefa frá sér reiðihljóð, **16.** rámur, **19.** tvíhljóði.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. lofs, **6.** af, **8.** kom, **9.** lag, **11.** rs, **12.** tromp, **14.** stóru, **16.** hó, **17.** kór, **18.** áta, **20.** fr, **21.** stuð.
LÓÐRÉTT: 1. malt, **3.** ok, **4.** forpróf, **5.** sms, **7.** farsótt, **10.** got, **13.** mók, **15.** urra, **16.** hás, **19.** au.

VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á bls. 8

1. Óskar Hrafn Þorvaldsson.
2. CFR Cluj.
3. Tómasi Guðmundssyni.

Ræstingamálin á HREINT
Fagleg ræsting fyrirtækja og stofnana er bæði betri og ódýrari
Hreint RÆSTING
• Reykjavík • Akureyri • Selfossi
Sími 554 6088 • hreint@hreint.is • www.hreint.is

BlueSprinkler
Moppuskaft með innbyggðu úðakerfi
Hver áfylling dugar til að þrífa 100 fm.
Engin fata eða skúringavagn,
bara eitt létt ál-moppuskaft.
Vönduð Microfiber moppa fylgir með.
Einfaldaðu þrifin...það er svo miklu skemmtilegra...
Hrein snilld!
TAKK hreinlæti ehf.
Viðarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími 577-6500
www.takk.is

Hrói rót heldur starfi sínu hjá Buffinu

„Haltu vinum þínum nálægt þér en óvinum enn nær,“ segir Pétur Örn Guðmundsson í Buffinu um „óvin sinn“ Hróa rót. Og hefur engar áhyggjur af því að hann sé að upplýsa Hróa um leyndarmál. „Rótarar kunna ekki að lesa.“

Í úrslitaleik Popppunkts í Popplandi Rásar 2 lögðu Rótarar lið Jesúfeðga, sem skipað er þeim Pétri og föður hans Guðmundi Benediktssyni 16 - 10. Í liði Rótara voru Hrói rót eða Hróbjartur Róbertsson og Golli rót eða Ingólfur Magnússon. Hrói rót er rótari hljómsveitarinnar Buff þar sem Pétur Örn er forsöngvari en í frétt Fréttablaðsins í síðustu viku hafði Pétur Örn látið þess svo um getið að ef Rótarar myndu sigra yrði Hrói rekinn umsvifalaust. Nú, hins vegar, þegar niðurstaðan liggur fyrir hefur Pétur fallið frá því að reka Hróa. Segir ekki ónýtt að hafa svo poppfróðan rótara innan sinna vébanda þó vissulega sé það sárt að tapa fyrir rótara sínum. „Þetta er það eina sem Hrói kann. En þeir eru vel að sigrinum komnir. Voru einfaldlega betri. Við stöðumst ekki pressuna en þeir eru henni vanir, við að halda æstum aðdáendum frá okkur ofdekruðum poppurum. Svo þurfti Hrói líka á farsíma að halda [en verðlaunin voru nýir GSM símar]. Hann hefur bara verið með heimasíma hingað til.“

Þungu fargi er nú af Hróa létt því hann var milli steins og sleggju. En allt virðist ætla að fara á besta veg. „Ingó hafði líka hótað mér því að ef við myndum ekki sigra þá yrði ég rekinn úr hinni vinnunni minni hjá Exton. En það má segja að við höfum náð að krossfesta þá Himnafeðga báða. Neinei, þeir voru ekki léttir. Ætli við höfum ekki bara verið heppnari með spurningar,“ segir Hrói og telur rétt við svo búið að reyna að halda mönnum góðum. - jbg

RÓTARAR LEGGJA JESÚFEÐGA Hrói segir að þeir Ingó rót hafi náð að krossfesta þá Himnafeðga báða - Pétur Örn og Guðmund Benediktsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

+++OUTLET 10+++

SMÁRATORGI | **FAXAFENI 10**

JAKKAFÖT:
6.990
VERÐ ÁÐUR:
9.990

VANDAÐAR HERRA SKYRTUR:
1.990
VERÐ ÁÐUR:
2.990

BINDI:
990
VERÐ ÁÐUR:
1.490

MIKIÐ ÚRVAL AF KJÓLUM
VERÐ:
2.490,-

ÚLPUR HERRA OG DÖMU
ST: XS-XL
VERÐ :
4.990,-

NÝ SENDING AF HERRA HETTUPEYSUM
ST: S-XXL
VERÐ:
3.990,-

OPIÐ ALLA DAGA 11 - 18

SMÁRATORG s. 534 4451 | **FAXAFEN s. 534 4450**

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

BAKÞANKAR
Dr. Gunna

Næsta góðæri

Æi, hættu nú þessu væli! Næsta góðæri verður enn unaðslegra en það síðasta, sannaðu bara til. Og það kemur áður en þú veist af!

Í NÆSTA góðæri verða einkaþotur eitthvað svo 2007. Þá dugar ekkert nema ein Stealth á mann, sumir fá sér kjarnorkukafbáta. Wagyu-steik verður öreigamatur, sneið af nýslátruðum pandabirni verður lágmarkskrafa þeirra nýríku.

STARFSLOKSAMNINGAR þeirra æðislegustu verða ekki mældir í hundruðum milljóna króna heldur í hundruðum milljónum evra. Þegar halda skal partí verður ekki boðið upp á lítilfjörlegt lið eins og Elton John og Duran Duran; tónleikar með Rolling Stones og Bítlunum (þeim dánu verður skipt út fyrir afkvæmi sín) verða hinn nýi staðall.

KNÚINN áfram af stórkarlalegum afrekssögum af hinum æðislegustu og almennri bjartsýni á áframhaldandi unaðstíð mun almenningur ekki láta sitt eftir liggja í gleðinni. Góði hirðirinn fyllist af pönnukökusjónvörpum og pallbílum, einkabíósalir og vörubílar verða málið. Í umferðinni göslast millistjórnendur áfram á vörubílunum sínum, alltaf með pallinn galtóman. Auðvitað þarf enginn á vörubíl að halda, ekki frekar en pallbíl, en það verður bara svo hagstætt að fá sér vörubíl að það verður rugl að sleppa því. Það verður nefnilega aftur „offramboð á peningum“ eins og hér var fyrir nokkrum árum þegar „endurfjármögnun“ var lausnarorðið.

EINGÖNGU lúðar og sveitafólk klikkar á að fá sér fjórðu kynslóð farsíma (nú verður hægt að velja um mismunandi lykt af orminum í Snake) og enn frábærari verslunarmiðstöðvar rísa. Ber þar bókstaflega hæst Esjuhöll ofan á Esjunni, sem slær öllu öðru út í mikilfengleika. Á hverju kvöldi verður kveikt á Ólafs Ragnarsfossi í miðri höllinni sem spýtist mislitur upp í loftið íbúum góðærislandsins til upplyfingar. Ólafur Elíasson hannar vitaskuld fossinn.

ÞETTA eru auðvitað bara getgátur og ekkert víst að þetta rætist, nema að hluta. Aðeins eitt er alveg öruggt. Laun í umönnunargeiranum verða áfram þau lægstu með áframhaldandi óánægju og skertri þjónustu. Það skiptir nefnilega engu máli hvort það sé samdráttur eða þensla, góð- eða hallæri, aldrei er „rétti tíminn“ til að gera það sem blasir við öllu almennilegu fólki: að jafna kjörin.

GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn 18. september, 262. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	7.00	13.22	19.41
Akureyri	6.43	13.07	19.28

Heimild: Almanak Háskólans